

Sögukennsla og söguviðhorf

Um þjóðernisleg viðhorf og fræðilegan samanburð í sögukennslu í
framhaldsskólum, almennum viðhorfum og opinberri orðræðu

Karl Ágústsson

Akureyri, október 2010

Háskólinn á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild-framhaldsbraut

Sögukennsla og söguviðhorf

Um þjóðernisleg viðhorf og fræðilegan samanburð í sögukennslu í
framhaldsskólum, almennum viðhorfum og opinberri orðræðu

Karl Ágústsson

Meistaraprófsritgerð lögð fram sem hluti
af námi til M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum
með áherslu á almennt meistaránám

Akureyri, október 2010

Ágrip

Sögukennsla og söguviðhorf. Um þjóðernisleg viðhorf og fræðilegan samanburð í sögukennslu í framhaldsskólum, almennum viðhorfum og opinberri orðræðu.

Síðan um miðjan 8. áratug síðustu aldar hafa sagnfræðingar og aðrir fræðimenn að verulegu leyti reynt að vekja máls á nýjum aðferðum og sjónarmiðum við að rannsaka sögu Íslands. Leitast hefur verið við að hverfa frá þeim sið að miða flesta sögulega atburði við baráttu Íslendinga fyrir auknu sjálfstæði. Með þessari rannsókn er athugað hvort og að hve miklu leyti sögukennsla í framhaldsskólum, almenn viðhorf og opinber orðræða tekur mið af nýlegum niðurstöðum fræðimanna um sögulega þróun og orsakasamhengi Íslandssögunnar og enn fremur hvort þjóðernislegra viðhorfa gætir gagnvart henni.

Búinn var til mælikvarði á þjóðernisleg viðhorf sem tók til ýmissa þátta og var hann notaður til að greina slík viðhorf í þeim sögukennslubókum sem notaðar hafa verið helst í framhaldsskólum u.þ.b. síðustu 35 ár. Enn fremur var mælikvarðinn notaður til að greina þjóðernisleg viðhorf hjá sögukennurum, í söguskoðun almennings og í opinberri orðræðu. Mælikvarðinn samanstendur af eftirfarandi þáttum: hvort hugtakið „við og hinir“ sé notað; hvort sjálfstæðisbaráttan sé rakin til íslenskra miðalda og talin gamalgróin hugmynd; hversu mikið rúm umfjöllun um sjálfstæðisbaráttuna fær hlutfallslega; notkun á gildishlöðnum hugtökum eða orðasamböndum; að hve miklu leyti sögulegir atburðir eru skoðaðir út frá baráttu fyrir sjálfstæði; og að hve miklu leyti saga Íslands er skoðuð í samhengi við sögu umheimsins.

Á þennan hátt er hægt að greina einstaka kennslubækur, sögukennara almennt, almenningsálit og opinbera orðræðu bera saman við mælikvarðann og staðsetja á skalanum 0-6 þar sem 0 merkir að engra þjóðernislegra viðhorfa gætir og 6 að verulegra þjóðernislegra viðhorfa gætir í öllum þáttum.

Helstu niðurstöður sýna fram á að sögukennsla í íslenskum framhaldsskólum virðist almennt séð ekki talin bera vott um sterk þjóðernisleg viðhorf. Aftur á móti koma slík viðhorf greinilega fram bæði í opinberri orðræðu stjórnámálanna og almennum viðhorfum landsmanna. Enn fremur ber lítið á áhrifum nýjustu rannsókna sagnfræðinga og annarra fræðimanna þegar kemur að efnistöku kennslubóka og nálgunum kennara nema að afmörkuðu leyti. Íslensk sögukennsla virðist föst í ákveðnum farvegi hinnar „réttu“ sögu þjóðarinnar.

Abstract

Teaching and viewing history. On nationalist sentiments and scholarly debate in Icelandic history teaching, public opinion and official discourse.

Since the 1970s the so-called Icelandic history revision has tried to break away from the traditional way of understanding and interpreting Iceland's past. That is, its aim has been to cast aside the implied baggage of Iceland's struggle for independence in the 19th and early 20th centuries on historical thinking and to involve different methods and themes in historical research. The main purpose of this study is to compare the conclusions of Icelandic historians and scholars in the last decades to history teaching in Icelandic secondary education and to evaluate whether nationalist sentiments and/or canonization can be found in secondary-level Icelandic history teaching. Furthermore, recent historical research is compared to public and official discourse in Iceland.

The methods used were first to evaluate textbooks according to a scale of nationalist sentiments. The factors included were: „us vs. them“ mentality; the notion that the struggle for independence dated back to the late middle ages; how much space or time the struggle for independence or events associated with it was allocated; the use of subjective concepts or words; to what extent historical events and persons were viewed in association with the struggle for independence; and to what extent Icelandic history was examined in isolation from the outside world. Next history teachers were interviewed and their answers compared to the aforementioned scale. Furthermore, the teachers' answers and the textbooks were also compared to the conclusions of historians and scholars.

By this means an index on the scale 0-6 can be constructed and each subject (textbooks, teachers, public opinion and official discourse) assigned a number based on evaluations. Four textbooks were chosen and were evaluated separately while teachers were grouped together in order to retain anonymity. Public opinion was perceived by using a report published in early 2008 which used focus groups to assert the characteristics of the Icelandic nation, including how history plays a part in its identity. Official discourse was examined by two separate means. First, discourse in congress (Alþingi) on Iceland's possible and probable cooperation with and participation in European institution (like the EFTA, the EEA and the EU) is evaluated according to the scale of nationalist sentiments, and second, speeches held by ministers in the last decade or so are also reviewed and evaluated according to the scale.

Formáli

Rannsókn þessi var unnin við kennaradeild Háskólans á Akureyri og er til 60 nýrra eininga (ECTS). Leiðbeinandi var Þorsteinn Helgasondósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands og ráðunautur Bragi Guðmundsson prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Þeim þakka ég báðum fyrir góða leiðsögn og hugmyndir og sérstaklega Þorsteini fyrir að taka að sér hlutverk gestaleiðbeinanda fyrir þessa rannsókn.

Enn fremur þakka ég þeim kennurum sem ég tók viðtöl við fyrir tíma þeirra og þann áhuga sem þeir sýndu umfjöllunarefninu.

Efnisyfirlit:

I.	Inngangur.....	1
II.	Aðferðir	3
	a. Rannsóknir fræðimanna	
	b. Mælikvarði smíðaður	
	c. Kennslubækur athugaðar	
	d. Talað við kennara	
	e. Viðhorf almennings greind	
	f. Opinber orðræða greind	
	g. Samanburðarlíkon	
III.	Fræðilegur bakgrunnur	11
	a. Sagnfræði og sögukennsla	
	b. Kanón í sögukennslu	
	c. Þróun sögukennslu á alþjóðlegum vettvangi	
	d. Íslandssagan og þjóðarímyndin	
IV.	Söguendurskoðunin - niðurstöður fræðimanna	28
	a. Þjóðernisleg sögutúlkun	
	b. Íslenska söguendurskoðunin	
	c. Sjálfstæðisbaráttan	
	d. Lýðveldisstofnunin	
	e. Þorskastríðin	
	f. Niðurstöður dregnar saman	
V.	Kennslubækur í sögu fyrir framhaldsskólanemendur.....	54
	a. Almenn umfjöllun	
	b. Sjálfstæðisbaráttan	
	c. Lýðveldisstofnun	
	d. Fiskveiðideilur (þorskastríð)	
	e. Kennslubækur á þjóðernislegum mælikvarða	
	f. Samanburður við niðurstöður fræðimanna	
VI.	Sögukennarar segja frá	73
	a. Spurningalisti til kennara	
	b. Niðurstöður úr einstaka viðtölum	
	c. Niðurstöður	

VII.	Opinber orðræða	81
	a. Orðræða þingmanna við umræður um aukið Evrópusamstarf á þingi	
	b. Ræður og ávörp ráðamanna við hátíðleg tækifæri	
	c. Samanburður við mælikvarða á þjóðernislega orðræðu	
VIII.	Sjálfsmynd Íslendinga – viðhorf almennings til sögunnar	91
	a. Niðurstöður skýrslunnar varðandi sögu Íslendinga, einkenni þeirra og sambandið þar á milli	
	b. Samanburður við mælikvarða á þjóðernislega orðræðu	
IX.	Niðurstöður	97
	a. Þjóðernisleg orðræða í sögukennslu?	
	b. Þjóðernisleg orðræða í þjóðfélagssumræðu?	
	c. Samanburðarlíkon	
	Heimildaskrá	106

Myndaskrá:

Mynd 1 - Kennslumódel.....	9
Mynd 2 - Þjóðfélagsmódel	9
Mynd 3 - Texti kennslubóka borinn saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf	99
Mynd 4 - Nálganir kennara bornar saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf	100
Mynd 5 - Opinber orðræða borin saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf	101
Mynd 6 - Almenn viðhorf borin saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf	102
Mynd 7 - Kennslumódel.....	103
Mynd 8 - Þjóðfélagsmódel	104

I. Inngangur

Á undanförunum áratugum hefur farið fram veruleg endurskoðun meðal fræðimanna á „hefðbundinni“ sögutúlkun á sögu Íslands og Íslendinga. Ný sjónarmið hafa fengið að njóta sín og bent hefur verið á ólíkar leiðir til að túlka atburði og atburðarásir. Þessi endurskoðun felur í sér fráhvarf frá einföldum og einþráða frásögnum um söguleg viðfangsefni en reynir frekar að láta sem flest sjónarmið koma fram og greina orsakatengsl sem best og á sem flestum sviðum, hvort sem það er á sviði félagslegra aðstæðna, efnahagslegra, pólitískra, menningarlegra o.s.frv. Enn fremur hefur farið fram ákveðin afbygging þjóðernislegra söguskýringa þannig að reynt hefur verið að bregða ljósi á atburði út frá öðrum atriðum en þeim sem tíðkuðust í sjálfstæðisbaráttunni og í kjölfar hennar. Slík afbygging reynir að útrýma öllum „réttum“ túlkunum og frásögnum og örva í staðinn vangaveltur og skoðanaskipti um sögulega atburði og álitamál. Sérstaklega hefur þessi endurskoðun verið áberandi varðandi það tímabil sem einkennist af hinni svokölluðu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga sem skipað hefur stóran sess í sjálfsmynd Íslendinga. Þessi sögutengda sjálfsmynd er að hluta til mætti ætla ættuð frá þeim viðhorfum sem Íslendingar verða fyrir bæði af hendi menntastofnanna og samfélaginu almennt varðandi sögulega atburði og persónur. Það námsefni sem til taks er í skólum hlýtur að móta nemendur að einhverju leyti. Er aftur á móti ástæða til að ætla að framhaldsskólar á Íslandi og kennslubækur sem samdar hafa verið fyrir framhaldsskólanemendur hafi ekki veitt niðurstöðum söguendurskoðunarinnar nægilega athygli?

Hér verður athugað hvort íslensk sögukennsla í framhaldsskólum sé lituð af þjóðernislegum viðhorfum. Þ.e. hvort endurskoðun á „söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar“ sem sagnfræðingar og aðrir fræðimenn hafa staðið fyrir á síðustu áratugum hafi skilað sér, ef svo má að orði komast, í kennslubækur í sögu fyrir framhaldsskóla og til sögukennara. Enn fremur verður athugað hvort opinber orðræða og almenningsálit Íslendinga fylgi þessari endurskoðun eða hvort þjóðernisleg viðhorf séu þar ráðandi.

Efnið sem undir er er sjálfstæðisbarátta Íslendinga. Á nýlegri ráðstefnu komst sagnfræðiprófessor einn svo að orði að við yrðum að komast út úr „hugsunarhætti sjálfstæðisbaráttunnar“ þegar saga Íslands væri rannsökuð eða athuguð. Annar prófessor í sagnfræði taldi þá að við værum löngu búin að hverfa frá þeim hugsunarhætti. Vissulega mætti taka undir þá skoðun ef aðeins væru rannsóknir sagnfræðinga til athugunar. Aftur á móti er umhugsunarvert hvort þessar rannsóknir og þetta brotthvarf frá viðmiðum

sjálfstæðisbaráttunnar hafi náð nokkurri fótfestu meðal almennings eða í kennslubókum fyrir nemendur á framhaldsskólastigi (þ.e. skólastigið næst á undan háskólastigi). Með „viðmiðum sjálfstæðisbaráttunnar“ er átt við að fjallað er um flesta atburði á því tímabili sem sjálfstæðisbaráttan er yfirleitt talin standa (ca. 1830-1918) með hliðsjón af því hvaða áhrif viðkomandi atburður hafði á sjálfstæðisbaráttuna eða öfugt. Jafnframt einkennast þessi viðmið af því að íslenska þjóðin hafi með baráttuþreki risið upp gegn ofurefli erlends yfirvalds og brotist til fullveldis. Hafa verður einnig í huga að túlkun fræðimanna er misjöfn gagnvart atburðarás sjálfstæðisbaráttunnar.

Reynt er annars vegar að greina hvort um þjóðernisleg viðhorf sé að ræða í kennslubókum í sögu fyrir framhaldsskóla, hjá sögukennurum í framhaldsskólum, hjá almenningi og í opinberri orðræðu og hins vegar hvort nýlegar niðurstöður fræðimanna komi fram í þessum sömu þáttum.

Annars vegar eru þá skoðaðar rannsóknir sagnfræðinga á eðli og efnistöfum sjálfstæðisbaráttunnar og gerður samanburður við almenn viðhorf samfélagsins og einnig til hvaða orðfæris stjórnámálamenn grípa þegar þeir vísa til sjálfstæðisbaráttunnar. Hins vegar, og það módel sem fær meiri athygli, eru sömu sagnfræðirannsóknir bornir saman við kennslubækur í sögu fyrir framhaldsskóla (efni sjálfstæðisbaráttunnar þ.e.) og einnig hvernig kennarar eru að kenna þetta sama efni. Kennslubækurnar eru textarýndar þannig að greind eru hvort ákveðin viðhorf komi fram í þeim en einnig hvernig efnistöfum er háttað. Á sama hátt eru viðhorf kennara og efnistöfum greind í viðtölum við sögukennara í framhaldsskólum.

Á þennan hátt er reynt að greina hvernig sambandinu á milli einstakra þátta er háttað – hvort viðhorfin haldist í hendur, eða hvort mikið ber í milli.

II. Aðferðir

Aðferðafræðahluti rannsóknarinnar skiptist í sjö aðgreinda hluta: (a) rannsóknir fræðimanna, (b) umfjöllun um mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf, (c) athugun á kennslubókum í sögu fyrir framhaldsskólanemendur, (d) viðtöl við sögukennara, (e) almenn viðhorf til sögunnar, (f) viðhorf sem birst hafa í opinberri orðræðu, og að lokum (g) hvernig þessir þættir tengjast innbyrðis í tveimur líkönum.

a. Rannsóknir fræðimanna

Sagnfræðilegar rannsóknir eru skoðaðar á þremur sögulegum viðfangsefnum sem öll tengjast sjálfstæðisbaráttu Íslendinga:

- sjálfstæðisbarátta Íslendinga 1830-1918
- lýðveldisstofnunin 1944
- fiskveiðideilur við Breta á síðari hluta 20. aldar

Ástæðan fyrir vali á þessum sérstöku viðfangsefnum er að í gegnum tíðina hafa þau verið nokkurs konar heilagar kúr í sögu Íslendinga og virðast atburðir þeim tengdir hafa verið hafðir yfir gagnrýni að einhverju leyti. Forvitnilegt er því að bera niðurstöður fræðimanna saman við þau viðhorf sem birtast í sögunámsbókum varðandi þessi atriði.

Rannsóknir valdar til athugunar:

- (i) Nýlegar rannsóknir; hverjar eru helstu túlkanir fræðimanna í dag? Þar sem ekki er til að dreifa nýlegum rannsóknum eru þó eldri rannsóknir notaðar.
- (ii) Rannsóknir sem gagnrýna eða afbyggja söguskýringar sem eru hlaðnar hagsmunum eða tilfinningum.

b. Mælikvarði smíðaður

Búinn er til mælikvarði á þjóðernisleg viðhorf. Hann á að vera mælistika sem segir hvort í umræðu eða umfjöllun birtist þjóðernisleg viðhorf eða hvort þjóðernisleg viðhorf séu ráðandi í ræðu eða riti. Þessi mælikvarði er því notaður hér sem grundvöllur fyrir því að hægt sé að dæma texta eða orðræðu þjóðernislega eða ekki og jafnframt að hve miklu leyti. Hann er

tilraun höfundar til að ná utan um hugtakið „þjóðernisleg viðhorf“ og er sérsniðinn að sögu Íslands þó eflaust mætti gera hann almennari með einhverjum breytingum.

Mælikvarði á þjóðernislega umræðu/viðhorf í tali og texta:

(i) Er rætt út frá sjónarmiðinu „við“ og „hinir“?

Er gert út á séreinkenni Íslendinga og sérstöðu Íslands?

Er gert út á „baráttu“ gagnvart útlendingum?

-fyrir fullveldi/sjálfstæði

-gegn erlendum áhrifum

(ii) Er reynt að skapa sögulega þróun sem á sér upphaf við landnám og lokamarkmið með fullveldi og sjálfstæði Íslendinga?

Er vísað til tímabilsins fyrir 1262-64 sem „gullaldar“ íslenskrar sögu?

Er reynt að endurspeglar sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld í miðaldasögu Íslands?

Er reynt að tengja saman atburði í aðdraganda undirritun Gamla sáttmála og baráttu þjóðernissinna á 19. öld?

Eru sjálfstæði og hagsæld talin fylgjast að og jafnvel að hið fyrra leiði til hins síðara?

(iii) Hversu mikið rými fá atriði sem tengjast sjálfstæðisbaráttunni á einhvern hátt?

Fær sjálfstæðisbaráttan hlutfallslega meira rými í umfjöllun en annað efni?

(iv) Er orða- og hugtakanotkun gildishlaðin?

T.d. í kaflaheitum og fyrirsögnum?

Er fremur talað um þjóðveldi en t.d. miðaldir eða goðaveldi?

(v) Hversu algengt er að skoða sögulega viðburði, einstaklinga eða þróun í ljósi sjálfstæðis og þjóðernis, gagnrýnislítið?

Eru slíkir þættir „próblematísar“ , t.d. hvort lýðveldisstofnunin var réttmæt 1944 eða hvort Íslendingar hafi brotið alþjóðalög með útfærslu fiskveiðilögsögu sinnar?

Fá mismunandi túlkanir á sögulegum atburðum að njóta sín eða er sögð ákveðin ein „rétt“ saga?

Eru ákveðnir atburðir og einstaklingar sjálfstæðisbaráttunnar upphafnir eða settir á stall – hafnir yfir gagnrýni?

(vi) Er umfjöllunin einskorðuð við Ísland eða er leitast við að sjá sögu Íslands í stærra samhengi?

Ef þessi atriði fá jákvæða svörun má segja að um þjóðernislega umræðu sé að ræða. Ef niðurstaðan er neikvæð er ekki um slík viðhorf að ræða, eða síður a.m.k.

c. Kennslubækur athugaðar

Fjórar kennslubækur í sögu fyrir framhaldsskóla eru athugaðar með tilliti til sömu þriggja viðfangsefna og fram kom í lið a. Val á kennslubókum ræðst af því að þessar bækur eru u.þ.b. þær sem kenndar hafa verið á síðustu áratugum í framhaldsskólum (1973-2010):

Heimir Þorleifsson. (1973). *Frá einveldi til lýðveldis*.

Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. (1988). *Uppruni nútímans. Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830*.

Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir. (2001). *Íslands- og mannkynssaga NBII. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000*.

Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson. (2006). *Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta*.

Skoðað er hvernig fjallað er um viðfangsefnin (sjálfstæðisbarátta, lýðveldisstofnun, fiskveiðideilur):

- Hvernig er tónninn (andinn) í frásögninni?
- Hvernig er efnisskipting? (Hvað er notað til að marka skil í efni?)
- Hvernig er orðanotkun? (Til hvers er vísað í frásögn? Heiti á köflum eða fyrirsagnir)
- Hverju er sagt frá og hverju er sleppt?
- Skoðað með tilliti til þjóðernislegra viðhorfa í textanum

Niðurstöður úr textarýni eru svo bornar saman við mælikvarða á þjóðernislega umræðu (sjá framar).

d. Talað við kennara

Tekin voru viðtöl við framhaldsskólakennara í sögu og athugað hvernig þeir haga sinni kennslu með tilliti til hinna þriggja viðfangsefna. Niðurstöður eru svo bornar saman við mælikvarða á þjóðernislega umræðu.

Spurningar til kennara / umræðugrundvöllur:

- Hvaða efni?
 - Kennslubók eingöngu?
 - Sátt/ur við kennslubókina?
 - Ítarefni? Hvaðan?
 - Eigið efni? Hvaðan?

- Hvernig er umfjöllun?
 - Eingöngu efnisleg? - „Staðreyndir“ í einþráða frásögn settar fram eða túlkanir og álitamál einnig?
 - Hjálpað til með skilning á námsefninu? Gagnrýni á námsefnið?
 - Vangaveltur um ýmsar túlkanir?
 - Kennslubækur aðallega eða farið út fyrir túlkanir eða frásagnir kennslubókahöfunda?
 - Er efnið tengt við nútímann (Icesave, hrunið, ESB)?

- Sjálfstæðisbaráttan:
 - Hversu mikið rými fær hún? Hefur það aukist eða minnkað? Hver er áhugi nemenda á þessu efni?
 - Efnisskipting? Er efni raðað eftir tímabilum? Eftir einstaklingum? Er reynt að byggja upp heildarmynd?
 - Eru „vörðurnar“ svokölluðu notaðar? Baldvin Einarsson, Fjölismenn, Jón Sigurðsson, endurreisn Alþingis, þjóðfundur, stöðulög, stjórnarskrá, heimastjórn.

- Er vísað í nýjustu rannsóknir fræðimanna um upptök, eðli og þróun sjálfstæðisbaráttunnar?
 - Er sjálfstæðisbaráttan afmarkað tímabil eða svífur andi hennar alltaf yfir vötnum? S.s. er saga Íslands almennt lituð sjálfstæðisbaráttu?
 - Er þjóðfundurinn árið 1851 kynntur sem sérstakur og merkur atburður í sögu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga? Hvernig er umfjöllun um hann? Tilfinningaþrungin? Gagnrýnin? Staðreyndirnar eingöngu?
- Hvernig er umfjöllunin um lýðveldisstofnunina 1944 og aðdraganda hennar? Mismunandi sjónarmið látin njóta sín? Einungis frásögn staðreynda? Gagnrýnin umfjöllun? Álitamál dregin upp? Þjóðfélagsástandinu lýst? Er fjallað um ritskoðun hugmynda? Er fjallað um mismunandi sjónarmið hraðskilnaðar- og lögskilnaðarsinnar? Er fjallað um áhrif stórvelda á framgang atburðarásar?
 - Hvernig eru þorskastríðin kynnt fyrir nemendum? Hluti af sjálfstæðisbaráttu? Teknar til greinar nýjar rannsóknir? Tekin afstaða með og á móti deiluaðilum? Reynt að sýna hlutleysi? Álitamálum velt upp? Staðreyndir eingöngu? Ástandi lýst í pólitík og samfélagi á Íslandi?
 - Almenn sjónarmið
 - Hvernig er tenging atburða á Íslandi eða sem tengjast Íslandi við umheiminn?
 - Er sérstaklega talað um sérstöðu Íslands? Hugmyndafræðin „við og hin“?
 - Er Íslandssagan kynnt sem klippt og skorin? Ein rétt frásögn og ein rétt túlkun?

e. Viðhorf almennings greind

Sú forsenda er gefin að ímyndarskýrsla forsætisráðuneytis frá 2008 (*Ímynd Íslands. Styrkur, staða, stefna*) gefi ákveðnar vísbendingar af almennum viðhorfum Íslendinga til eigin sögu.

Sjá t.d. tilvitnun um rýnihópa: ”Við skoðun á innri ímynd Íslands og Íslendinga voru gerðar rýnihóparannsóknir og efnt var til hringborðsumræðna á meðal Íslendinga auk þess sem fjöldi tillagna og ábendinga, sem bárust nefndinni, var skoðaður.” (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 23).

Niðurstöður skýrslunnar og einstaka tilvitnanir í ummæli ættuð úr umræddum rýnihópum eru notaðar til að sjá hvort um er að ræða þjóðernisleg viðhorf til sögunnar eða gagnrýnin.

Auk þess er notast við þær viðhorfskannanir sem gerðar hafa verið um söguskoðanir Íslendinga. Þessi viðhorf eru svo borin saman við mælikvarðann um þjóðernislega umræðu.

f. Opinber orðræða greind

Orðræða opinberra aðila og ráðamanna er skoðuð á tvennan hátt. Annars vegar er notuð greining Eiríks Bergmann á þjóðernislegri orðræðu á Alþingi þegar til umræðu hafa verið málefni sem tengjast aukinni alþjóðlegri samvinnu (innganga Íslands í EFTA, EES-samningurinn, umsóknaraðild að ESB). Hins vegar eru athuguð ávörp og ræður ráðherra á síðustu árum, þ.e. hvernig og hvenær þeir grípa til sögulegs orðfæris eða vitna til sögulegra atburða annað hvort til að leggja áherslu á mál sitt eða rökstyðja.

Val á ræðum:


- forsætis-, dómsmála- og utanríkisráðherrar
- ræður teknar fyrir sem innihalda sögulegar skírskotanir og vitnað í þær; orðræðan greind með mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf

g. Samanburðarlíkön


Tvö samskiptalíkön (kennslumódel – þjóðfélagsmódel) eru sett upp, hvort með þrjá póla. Einn póllinn er sameiginlegur báðum, þ.e. rannsóknir og niðurstöður fræðimanna. Hinir pólar eru annars vegar kennarar og kennslubækur og hins vegar almenningsálit og opinber umræða og orðræða stjórnmalamanna.

Niðurstöður úr liðum a, c, d, e og f að ofan settar í líkönin:

Kennslumódel (mynd 1)



Þjóðfélagsmódel (mynd 2)



Niðurstöður úr lið a eru bornar saman við annars vegar niðurstöður liða c og d og hins vegar við niðurstöður liða e og f sbr. líkönin. Þannig er greint hvort eða að hve miklu leyti niðurstöður fræðimanna eru samhljóma eða frábrugðnar efni kennslubóka eða nálgun sögukennara. Samhliða því er borið saman hvort sögukennarar fylgja kennslubókum eftir og að hve miklu leyti (kennslumódel). Á hinn bóginn er greindur samhljómur eða gjá milli rannsókna sagnfræðinga og bæði opinberrar umræðu stjórnámálanna og ráðherra og almennra viðhorfa Íslendinga (þjóðfélagsmódel).

Greind er orðræða þessara þátta varðandi þjóðernisviðhorf, þ.e. hvaða viðhorf birtast í nýjum rannsóknum sagnfræðinga, þ.e. þau viðhorf sem eru almennt viðurkennd að séu athygli verð (innan ákveðinna marka) af háskólasamfélaginu, í þeim kennslubókum sem notaðar hafa verið á framhaldsskólastigi í sögukennslu, í nálgun kennara á kennsluna og kennsluefnið, í almenningsáliti og í opinberri orðræðu. Þetta er gert með því að bera saman niðurstöður úr hverjum lið við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf.

Í bókinni *War, Nation, Memory* má t.d. sjá dæmi um það hvernig höfundar athuga hvernig kennslubækur taka á sögulegum atburðum og einstaklingum. Til umfjöllunar þar er hvernig breskar kennslubækur hafa fjallað um loftárásirbandamanna á Dresden í síðari heimsstyrjöld (sem verður að teljast umdeildur atburður í breskri 20. aldar sögu). Höfundar komast aðniðurstöðum sínum með því að bera saman textadæmi úr völdum kennslubókum, samtímaheimildir um atburðina (blaðaumfjöllun, minnisblöð, skeytasendingar, opinberar yfirlýsingar) og túlkanir fræðimanna. Á þann hátt gera höfundarnir sér grein fyrir hvort kennslubækur í sögu fjalli um atburði á gagnrýninn hátt og í samræmi við fræðilegar söguskýringar eða hvort um rétttrúnað í sögutúlkun sé að ræða (sú saga sem hentar stjórnvöldum best og þjappar þjóðinni saman). (Crawford & Foster, 2007.)

III. Fræðilegur bakgrunnur

a. Sagnfræði og sögukennsla

Saga og sagnfræði sem viðfangsefni fræðimanna og áhugamanna snerist í öndverðu um ríkjasögu. Greinin átti uppruna sinn sem þjónusta við ríkjandi valdshafa – konunga og ættir – og átti að styrkja stoðir þeirra en síðar tóku þjóðríkin við keflinu og varð sagan þáttur í sjálfsmynd borgara og haldið á lofti til að styrkja þjóðríkin í sessi gagnvart öðrum ríkjum. Því má segja að vottur þjóðerniskenndar hafi verið hluti af söguhugtakinu þegar sú hugmyndastefna mótaðist með fyrstu þjóðríkjunum. Upphaf þjóðernisstefnu skal ekki rökrætt hér en gert ráð fyrir að hún hafi náð þroska sem fullmóta stefna á 19. öld þó eflaust sé hægt að finna þræði aftur í aldir. (Þorsteinn Helgason, 1998, 37.)

Þjóðríkið notaði menntun til að skapa þegna sína – sögu, landafræði og tungumál. Ótalmargir ættflokkar sem höfðu jafnvel fátt sameiginlegt í raun og veru sameinuðust í þjóðríki með því að gangast undir sameiginlega ímynd – ímynd sem þegnar þjóðríkisins. Á átjándu og nítjándu öld var almenn menntun notuð í þeim tilgangi að styrkja innviði þjóðríkisins og skapa einingu í ungum iðnvæddum þjóðfélögum meðal annars með miðstýringu námskráa og kennslubóka. Því hefur verið réttilega haldið fram að sögukennsla hafi verið forgangsatríði hjá þjóðríkjum nútímans sem mynduðust á 18. – 19. öld. Órjúfanlegur hluti myndun þjóðríkjanna hafi verið að skapa frásögn af tilurð þjóðarinnar og þróunar sögu hennar í átt að þjóðríkinu sjálfu. (Soysal & Schissler, 2005, bls. 1-2.)

Sú skoðun er útbreidd víða um heim að menntun sé í eðli sínu ákveðin aðferð fyrir samfélagið að ala upp þegna sína – mynda úr þeim samfélagslega heild. Í Bandaríkjunum hefur því verið haldið fram, og jafnvel verið ríkjandi viðhorf, að skólar eigi að „kenna“ nemendum að vera góðir og gegnir bandarískir þegnar. Vandamálið er þó að fæstir eru sammála um hvaða gildi ættu að vera í fyrirrúmi í inntaki og áherslum kennslu. Eiga skólar að miðla gildum foreldra nemenda? Nær samfélagsins? Eða þjóðarinnar? Svo nokkur dæmi séu tekin. Eiga skólar ef til vill að koma á framfæri boðskap og gildum lærðra kennslufræðinga? Uppbygging námskráa og menntastefna getur orðið uppspretta togstreitu á milli ólíkra gilda samfélagsins. (Lerner, Nagai & Rothman, 1995, bls. 1-2.)

Saga sem sérstakt fag í skólum varð snemma einnig mikilvægt á Íslandi með almennri skólagöngu á 19. öld og hafði tvíþættan tilgang. Annars vegar að vera hluti almennrar menntunar stúdenta og hins vegar að styrkja samstöðu þjóðarinnar í aðskilnaðarmálinu við Dani með því að flétta þjóðarsöguna saman í eina heild og styrkja þar með röklegan

málflutning þeirra Íslendinga sem töldu Íslendingum farsælast að stjórna sínum málum sjálfir. Breytingar á inntaki eða efnistöfum sögukennslu fylgja aftur á móti oft þjóðfélagsbreytingum og má finna dæmi um það víða, bæði hérlendis og erlendis (sjá umfjöllun um íslensku söguendurskoðunina í kafla IV og erlendar rannsóknir á sögukennslu síðar í þessum kafla). (Þorsteinn Helgason, 1998, 38-39.)

Markmið sögukennslu í skólum samkvæmt gamalli hefð („great tradition“) var að vígja nemendur inn í menningu samfélagsins - meintan sameiginlegan þjóðararf sem var nátengdur hugmyndinni um lýðræði og framsækið þjóðfélag. Þetta viðhorf til sögukennslu hefur haft gríðarleg áhrif í gegnum tíðina á bæði sögukennsluna sjálfa og þær kenningar sem hún miðar sig við. Aftur á móti hefur alls ekki verið einhugur meðal kennara og annarra stefnumótandi aðila í skólastarfi gagnvart þessum kenningum. Sérstaklega fór að bera á öðrum sjónarmiðum á 7. áratug síðustu aldar samhliða almennum breytingum á þjóðfélaginu og hugsunarhætti. Sagnfræðingar líkt og Thompson, Rowbotham og Hobsbawm færðu sagnfræðilegar rannsóknir inn á ókönnuð mið félagslegra aðstæðna fortíðarinnar. Áhrifa þessara rannsókna gætti í skólastofum og fór sögukennslu að snúast um gagnrýna og málefnalega umræðu frekar en um inntakið sjálft. (Husbands, Kitson & Pendry, 2003, bls. 9-11.) Ef til vill má segja að í sögukennslu fram á okkar daga megi finna stöðuga togstreitu á milli þessara tveggja sjónarmiða, þ.e. að inntakið sé markmið í sjálfu sér – að læra það – eða að inntakið sé aðeins umfjöllunarefni gagnrýnna aðferða.

b. Kanón í sögukennslu

Í gegnum tíðina hefur sögukennsla víðs vegar í heiminum þurft að þola afskipti valdhafa sem hafa sóst eftir að móta fortíðina eftir ákveðinni fyrirmynd. Saga hvernar þjóðar hefur víðast hvar verið notuð sem sameiningartákn og til að móta ákveðna sjálfsmynd þegnanna sem borgara viðkomandi ríkis.

Upphafning stríðsreksturs og andúð á nágrannaríkjum var rauður þráður í kennslubókum í sögu í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi á fyrri hluta tuttugustu aldar og seinustu áratugum þeirrar nítjándu (1880-1940). Eftir lok síðari heimsstyrjaldar var talið að þessi viðhorf í sögubókum hafi ýtt undir þær hörmungar sem dundu yfir heimsbyggðina á fyrri hluta 20. aldar. Fræðimenn og stjórnámálamenn víða tóku því til við að hreinsa námskrár og kennslubækur af þjóðernislegum sjónarmiðum og yfirdrífinni föðurlandsást. Áherslur færðust frá frásögnum af sögu þjóðarinnar, stjórn mála og hernaðar í

átt að rannsóknum á félagslegum og hagfræðilegum þáttum með alþjóðlegri skírskotun. (Janmaat, 2006, bls. 345-346.)

Undanfarin misseri hefur veruleg gróska verið víða í Evrópu og í Bandaríkjunum í umræðum um gildi og hlutverk sögukennslu. Í einstaka ríkjum hafa stjórnvöld nánast fyrirskipað að ákveðin sjónarmið eigi að njóta forgangs umfram önnur og þá sérstaklega þau sem skilgreina þjóðina og greina hana frá öðrum á meðan gagnrýnni umfjöllun hefur verið gert hærra undir höfði annars staðar. Aukin áhersla hefur því verið lögð á þjóðernismiðaða sögukennslu í ákveðnum löndum þar sem kennd er hin „rétt“ túlkun á fortíðinni, á kostnað gagnrýnnar umræðu um söguleg viðfangsefni og viðurkenningu á ólíkum túlkunum á sögulegri þróun. Þessi eina rétta sögutúlkun hefur verið kölluð *kanón* sem þýðir að söguskýringar og efnisval fá blá heilagrar ritningar sem ekki má hrófla við.

Hugtakið *kanón* eða að *kanónisera* þekkingu hefur a.m.k. fimm skírskotanir skv. Schissler (2009):

1) Að skilgreina þekkingu og festa hana í sessi. Slík þekking hefur tilhneigingu til að verða einangraður „heilagur sannleikur“ og lokum úreltur. Þeir sem standa vörð um þá þekkingu gefa sig ekki auðveldlega og því verður alltaf ákveðin barátta á milli hugmyndafræði eða þekkingarkerfi þegar ný viðhorf koma fram á sjónarsviðið – völd og sannleikur eiga oftast ekki samleið.

2) Afmörkun þjóðfélagshópa. *Kanón*, eða hin staðlaða þekking, veitti aðgang að ákveðnum forréttindahóp. Með því að tileinka sér ákveðna þekkingu var viðkomandi gjaldgengur í samfélag borgaranna og gat tekið þátt í pólitísku, efnahagslegu og félagslegu starfi þeirra. Frá því um 1970 hefur þó gagnrýni á staðlaða menntun aukist, bæði á innihald („sannleikann“) og félagslega afmörkun hinna menntuðu.

3) Öll stöðlun þekkingar hefur á sér alræðisýfirbragð og getur verið (og hefur verið) notuð sem stjórnunartæki yfirvalda. Innihald sögukennslu verður hluti af myndun þjóðríkis og uppeldi borgara með viðeigandi gildi. Sögunámskrár fylgja þannig náíð hagsmunum þjóðarinnar og ríkisins.

4) „Þekking er tamin“ – gerð skiljanlegri og eitthvað sem hægt er að festa hönd á. Með því verður þekkingin ekki eins ógnandi – búið er að taka broddinn úr. Að staðla þekkingu er andstætt fræðimennsku, umræðunni er lokað frekar en hún opnuð. Sagnfræðileg vinnubrögð eru andstæð stöðlum í þekkingu (*kanón*) og heilögum sannleik í söguskoðun.

5) Stöðluð þekking gerir ráð fyrir því að ákveðin söguskoðun og ákveðið innihald sé mikilvægast og eigi að kenna umfram annað efni. Slíkt getur þó breyst á skömmum tíma og

Því verða frásagnir sem taka ekki mið af nýjum túlkunum og sjónarmiðum úreltar mjög fljótt – þekkingin afstað eftir tíma og staðsetningu. (Schissler, 2009, bls. 106.)

Kanón sameinar þjóðir og menningarsvæði og er miðlæg tilraun til sameiningar – að gera jaðarsvæði hluta af heild. Ekki er einungis um miðstýringu námsefnis að ræða heldur markvisst val á ákveðinni sögu sem þjónar ákveðnum tilgangi í þjóðarímyndinni. Á hinn bóginn má færa rök fyrir því að kanón verði alltaf til staðar þar sem notaðar eru staðlaðar námskrár og kennslubækur því á endanum er það alltaf mat einhverra hvað skuli kenna umfram annað. Sá samtíningur verður þá að frásögn – sögu – hvort sem það er kennarinn, kennslubókarhöfundur eða opinber tilskipun sem ræður þar för.

Kanón, eða sú saga sem „æskilegast“ er að kenna, verður til í samtímanum og á okkar mælikvarða. Þorsteinn Helgason hefur tiltekið fimm atriði sem koma þar við sögu: hin pólitísku viðmið hvers tíma; menningararf þjóðarinnar og hefðir; heimildir sem við höfum um fortíðina; hvaða efni við getum boðið nemendum upp á; og svo sagnfræðina sem aðferð til að skilja og túlka. (Þorsteinn Helgason, 2008, bls. 78-86.)

Er að finna kanón í íslenskum sögukennslubókum og hefur söguskoðun og –vitund Íslendinga orðið að heilagri ritningu sem ekki má gagnrýna? Hver hefur þróunin verið í söguvitund Íslendinga? Er kanón í íslenskri sögukennslu og endurspeglar sú kennsla söguskoðun þorra Íslendinga? Endurspeglarkennslan þá rannsóknir sagnfræðinga? Erum við enn að kenna sömu „staðreyndir“ eins og fyrir 50 árum síðan eða erum við að leyfa nemendum að kynnast því að sagan sé alltaf túlkun hvers samtíma á fortíðinni? Hvert er viðhorf hins opinbera og hvernig birtast sjónarmið gagnvart sögulegum atburðum í opinberri orðræðu? Er verið að ýta undir kanón í sögukennslu líkt og dæmi hafa verið um beggja vegna Atlantshafs rétt hin síðustu ár með aukinni alþjóðavæðingu og auknu álagi á þjóðríkið sem hinnar sönnu þjóðfélagseiningu? Eða gefa námskrár einstökum skólum og kennurum tækifæri til að kynna ýmsar söguskoðanir og sýna sveigjanleika? Eru kennarar bundnir við kennslubækurnar og námsefnið sem þeir hafa í höndunum eða fara þeir út fyrir efnið og að hve miklu leyti? Kynna þeir ólíkar túlkanir og sjónarmið til sögunnar eða halda þeir sig við einþráða frásögn? Eru kennarar að kenna nemendum að hugsa um söguna á gagnrýnin hátt? Eru kennarar fastir í kanón?

Leitast er við að fá sem skýrust svör við þessum spurningum, sem varða það mynstur sem samspil þjóðarímyndar, fræðilegra rannsókna og sögukennslu myndar, í köflunum sem fylgja á eftir. Hugmyndin um kanón eða hina óskeikulu söguskýringu þjóðar liggur hér alltaf að baki og togast á við þá viðleitni fræðanna að beina skjannahvítu kastljósi á liðna atburði og gagnrýna viðtekin sjónarmið þó vitaskuld þurfi að hafa í huga að íhaldssöm viðhorf til

sögutúlkana jafnt sem frjálslynd (ólík sjónarhorn) geta sprottið úr ýmsum áttum, hvort sem um er að ræða stjórnvöld, kennslubókahöfunda, kennara eða fræðimenn.

Eins og kemur fram að framan getum við staðið frammi fyrir því að aldrei sé hægt að víkja sér algjörlega undan kanón-hugsun í skólakerfinu einfaldlega sökum þess að velja þarf hvað kenna skuli og hvaða efni skuli leggja áherslu á. Námskrár á Íslandi líkt og víðast hvar á Norðurlöndum gera aftur á móti gagnrýnni hugsun hátt undir höfði og ætlast þær almennt séð til að skólar æfi nemendur í slíkum vinnubrögðum. (*Aðalnámskrá framhaldsskóla*, bls. 8.) Geta þá farið saman gagnrýnin hugsun og kennslubækur í sögu þegar hugað er að framansögðu? Álitamálið er að sjálfsögðu að hve miklu leyti skólakerfið ýtir undir gagnrýna hugsun eða drepur hana niður þrátt fyrir göfugan tilgang. Áhersla á gagnrýna hugsun getur hins vegar verið leið út úr kanón námsefnisins. Með öðrum orðum er það hlutverk kennara að leiðbeina nemendum með að skilja, túlka og gagnrýna námsefnið sem er til staðar. Þannig verður kennslubókin í raun viðfangsefni ákveðins ferlis sem nemendur ganga í gegnum og nota aðferðir gagnrýninnar hugsunar á en ekki fulltrúi heilagra staðreynda sem nemendur reiða sig á gagnrýnislaust. (Þorsteinn Helgason, 2010, bls. 165.)

c. Þróun sögukennslu á alþjóðlegum vettvangi

Í eftirfarandi umfjöllun verða rakin nokkur dæmi um þróun sögukennslu á undanförunum árum og áratugum, bæði í Bandaríkjunum og nokkrum Evrópuríkjum. Í þeim kemur víðast fram ákveðin togstreita tveggja sjónarmiða, annars vegar íhaldssemi í námsgagnagerð og sögutúlkunum og hins vegar gagnrýnin umfjöllun og áhersla á aðferðafræði umfram inntak.

Í bandarískri sögukennslu er ameríska byltingin ákveðinn útgangspunktur líkt og sú franska er í Frakklandi. Að sama skapi er árið 1492 hafið til vegs og virðingar hjá mexíkönskum og spænskum kennslubókarhöfundum þó merking ártalsins sé mjög ólík á hvorum stað. Í Englandi, Skotlandi, Wales og N-Írlandi eru 4 mismunandi námskrár fyrir sögu sem þjóna hver fyrir sig einni þjóð eða þjóðarbroti innan breska samveldisins. Ein höfuðforsendan fyrir að þekkja og kenna sögu hefur einmitt verið sú að við getum ekki vitað hver við erum án þess að þekkja hvaðan við komum, þ.e. fortíð okkar samfélags. Þá er varla nema von og hlýtur að teljast harla eðlilegt að innan hvers samfélags eða heillar þjóðar séu ákveðin sameiningartákn dregin upp sem talin eru einkenna viðkomandi samfélag eða hafa stuðlað að samfélagsgerðinni. Þannig verður saga þjóðar nátengd hinum ætluðu einkennum borgaranna. Afleiðing þessa er aftur á móti sú að söguskýringar taka á sig þjóðerniskenndan blæ. Einblínt er á sérkenni þjóðar (á jákvæðan hátt) og glæstum augnablikum fortíðarinnar

gert hátt undir höfði. Þjóðríkið er með öðrum orðum grundvöllur viðhorfa til sögulegra túlkana. Það er drifkrafturinn á bakvið hinar einstöku námskrár í hverju ríki. Enda þætti líklega óhugsandi að samræma sögunámskrár fyrir öll ríki heims í eina alltumlykjandi heimssögu. (Wils, 2009, bls. 16-17.)

Er þessi stuðningur við þjóðríkið sem grundvöll í söguskýringum þjóðar jafngamall og þjóðríkið sjálft, s.s. frá 19. öld? Samkvæmt Wils (2009) var um sérstaka þróun þjóðernis-hugmynda að ræða í hverju landi og því ekki hægt að tala um þær sem níjtjándu-aldar einkenni beinlínis. Í Þýskalandi var t.d. gömul hefð fyrir þjóðernislegri sýn á söguna (oft tengd Prússlandi). Í Frakklandi kemur þessi sýn ekki fyrir en eftir 1870. Fram til 1960 er franska byltingin allsráðandi og lýðræði og félagslegar framfarir grundvallaratriði fyrir þjóðarímyndina. Það breytist svo eftir 1960 þegar Frakkar þurfa að gera upp seinni heimsstyrjöldina, Vichy stjórnina og nýlendustefnuna (grundvallarbreytingar á sjálfsmynd þjóðar). Þegar grundvallargildi þjóðar breytast á einhvern hátt vegna tiltekinna atburða þarf það að gerast í gegnum söguna, í gegnum upplifun hvers einstaklings að tilheyra viðkomandi þjóð og oft er um sjálfstæðisbaráttu að ræða eða þátttöku í styrjöldum. Einhverjir atburðir verða til þess að umbylta sýn þegnanna á það um hvað þjóðarsálin snýst. Slík bylting skilar sér oft í einhverri mynd í sögunámskrár skóla. Síðan er aftur á móti annað mál hver tilgangur hverrar sögunámskrár sé. (Wils, 2009, bls. 17.)

Sögukennsla í belgísku skólakerfi

Í Belgíu verður til kanónisering á þjóðarsögu í sögukennslu 19. aldar, þ.e. til verður ákveðin „rétt“ leið til að kenna viðkomandi tímabil eða ákveðin „rétt“ túlkun á sögulegum atburðum þess. Grunnmenntun einblíndi eingöngu á sögu Belgíu en framhaldsmenntun varð að upphefja föðurlandsástina. Slíkt er þó aðallega tengt húmanísku hugmyndinni um almenna menntun (bildung). (Wils, 2009, bls. 17-18) Í almennri menntun var þó ekki of mikil áhersla á sögu Belgíu – frekar sögu Evrópu og fornaldar („vagga vestrænnar menningu“ - menning dagsins í dag rakin aftur til upphafs í gegnum aldirnar, svipað og mannkynssaga er kennd á Íslandi og víðar). Hugmyndin um „finalism“ var ríkjandi, þ.e. að sjálfstætt ríki Belga væri eðlilegur lokaáfangi á sögulegri þróun belgísku þjóðarinnar – þjóðarsaga Belga snerist um að sjálfstæði þeirra væri rökrétt framhald af árhundruða tilveru Belga sem þjóðar (án þjóðríkis vitanlega). Þó belgíska ríkið hafi ekki verið stofnað fyrr en 1830 var það samt „gamalt“, byggt á langri (og jafnvel ímyndaðri) hefð - byggt á gamalli móðurjörð þjóðar. Sögukennsla tengdist stjórnámálum og stríðsrekstri (stjórnámálasaga) og var sögð í tímaröð og var einungis stutt

samantekt í lok hvers kafla í kennslubókum um félagslegar aðstæður, listir, vísindi o.s.frv. (Wils, 2009, bls. 18-19.)

Breyttist sagan sem sögð var – þjóðarsagan – með þjóðarímyndinni? Ekki var lengur sögð saga réttborinna konunga og konungaraða í gegnum aldirnar – heldur sögð saga Belga sem undirokaðrar þjóðar – konungarnir orðnir tákmynd erlendra yfirráða sem þurfti að berjast gegn –og fyrir sjálfstæði. Þannig virðist sagan einmitt þjóna ákveðnum hagsmunum á hverjum tíma. Þegar Belgar voru orðnir sjálfstæð þjóð með eigið ríki þótti ekki skynsamlegt að upphefja hinar erlendu konungaraðir sem ríkt höfðu yfir Belgum áður fyrr. Baráttan fyrir sjálfstæðinu var aðalatriðið og hin „rétt“ söguskýring belgísku þjóðarinnar, þ.e. sú sem hentaði þjóðríkinu best.

Þróunin fer af stað eftir fyrri heimsstyrjöld, sem var vitaskuld orsakavaldur margskonar þjóðfélagsbreytinga – persóna konungs var ekki eins mikilvæg, eða konungsfjölskyldan. Rýmkað var til fyrir „sögu menningar“ til hliðar við stjórnmálasöguna. Fleiri hliðar þjóðlífs fengu hlutverk í sögukennslu – trúmál, menning, félagsleg þróun, hagsaga. Gagnrýni var mikil á skýringar fyrri ára og sérstaklega á þjóðernissinnuð viðhorf (t.d. vegna þáttar þjóðernishyggi í aðdraganda fyrri heimsstyrjaldar) sem ágerist enn eftir síðari heimsstyrjöld. Á seinni hluta tuttugustu aldar fer þróunin að beinast í átt að samþættingu námsgreina sem taldar voru eiga erindi við nærsamfélagið. Sagan sem kennslufag var innlimuð í samfélagsfræði og var einblínt á nútímann. Saga fékk minna vægi sem námsgrein en lýðræðisleg gildi, borgaraleg menntun og ýmis konar undirbúningur fyrir líf í lýðræðisríki var settur á oddinn. Sagan var ekki talin eins mikilvæg í þessu samhengi nema þá til að benda á mótunaráhrif hennar fyrir samfélagið. Heimssaga (global history) kom í stað þjóðarsögu og var hún sögð í samhengi við atburði líðandi stundar. Endurtúlkun á fortíðinni var sett í samhengi við pólitísk mál líðandi stundar og siðfræði nútímans var notuð til að túlka söguna. (Wils, 2009, bls. 19-21.)

Bandarísk og evrópsk þjóðernisvitund í sögukennslu

Eftir atburðina 11. september 2001 umblyttist bandarískt þjóðfélag. Íhaldsöfl fengu byr undir báða vængi og telja ýmsir að frjálslýndi hafi átt verulega undir högg að sækja almennt víðs vegar í Bandaríkjunum. Sögukennsla í bandarískum skólum fylgdi þessari þróun enda hafa Bandaríkjamenn og þarlend stjórnvöld alltaf litið á sögu þjóðarinnar sem grundvallarstoð samfélagsins. Sagan og þjóðareinkennin eru samtvinnuð í augum þjóðernissinnaðra. (Symcox, 2009, bls. 34.)

Þegar þjóðernishyggja er borin saman í Bandaríkjunum og v-Evrópu sést að grundvallarmunur er þar á sem skýrist að nokkru leyti af því að þróun í myndun þjóðríkja í gamla heiminum og þeim nýja var harla ólík. Að sama skapi eru námskrár fyrir sögu ólíkar enda spretta þær úr mismunandi jarðvegi ef svo má segja. Bandaríska þjóðin var landfræðilega einangruð en efnahagslega sjálfstæð. Menningin var einsleit til að byrja með og myndaðist þjóðin á mjög skömmum tíma. Ekki var um neina „gamla móðurjörð“ að ræða heldur var öll þjóðin innflytjendur í nýju landi fyrir utan innfædda sem voru hraktir frá sínu landi. Samhliða myndun þessarar ungu þjóðar urðu miklar framfarir í vísindum og iðnvæðingu í hinum vestræna heimi og þá sérstaklega, sem skipti mestu máli fyrir landvinninga fyrstu kynslóða Bandaríkjamanna, á sviðum samskipta og samganga. (Symcox, 2009, bls. 35.)

Frá upphafi var innbyggt í menningu og hugsunarhátt Bandaríkjamanna að þeirra leið til myndun samfélags og þjóðríkis væri á allan hátt betri en þær leiðir sem „gamli heimurinn“ hafði farið. Enn fremur ber að hafa í huga að sjálfsvitund og þjóðarímynd Bandaríkjanna hefur aldrei skaddast með ósigrum (fyrir en e.t.v. 11. september 2001) og því hefur ekki þurft að fara fram allsherjar uppgjör á þjóðarímyndinni. Það næsta sem Bandaríkjamenn hafa komist því er líklega í kringum hrakfarir þeirra í Víetnamstríðinu en í kjölfar mótmæla og óánægju með framgang bandaríska hersins og stjórnvalda þar spratt upp sá kjarni frjálslýndis sem myndað hefur mótvægi við þjóðernissinnað íhald síðan þá. Enn fremur var eina stríðið sem háð hefur verið á bandarískri grundu borgarastyrjöld en annars hafa herir Bandaríkjanna barist erlendis – og yfirleitt sigrað. Undantekningin er Víetnamstríðið enda orsakaði það ákveðna breytingu á söguvitund og hafði sterk áhrif á sjálfsmynd þjóðarinnar og grundvallargildi hennar en eins og fjallað er um ofar þarf oft einhverja atburði sem knýja þjóð til endurmats á gildum sínum til að breyta viðhorfum til sögunnar. (Symcox, 2009, bls. 35-36.)

Tuttugasta öldin hefur verið köllið „ameríska öldin“. Bandaríkin komu sterk út úr báðum heimsstyrjöldum og kalda stríðinu og voru í raun sterkari en áður. Heimsmynd þeirra var ósködduð – bandaríska leiðin („the American Way“) hafði sigrað. Heimsmynd Evrópu var aftur á móti verulega löskuð, fyrst eftir brotlendingu stjórnmalakerfis álfunnar og gífurlegt mannfall fyrri heimsstyrjaldar og síðan eftir grimmdarverk og stríðsrekstur seinni heimsstyrjaldar. Evrópa þurfti í heild sinni að fara í gegnum endurskoðun á heimsmynd sinni og ríki hennar fóru í gegnum tímabil sjálfsgagnrýni og endurskoðun þjóðarímynda eitt af öðru. Á meðan varð staða Bandaríkjanna sífellt sterkari svo þjóðernistilfinningar jukust þar á

meðan Þjóðerniskennd hafði beðið skipbrot í Evrópu eftir hamfarar tveggja heimsstyrjalda. (Symcox, 2009, bls. 36.)

Eftir að kalda stríðinu lauk og Sovétríkin liðuðust í sundur hafði hugmyndafræði Bandaríkjanna borið sigur úr bitum í því hugmyndafræðilega stríði sem kalda stríðið snerist ekki síst um. Hið svokallaða nýíhald náði miklum völdum þegar ljóst var að sú stefna sem Bandaríkin hafði haft síðan seinni heimsstyrjöld lauk hafði reynst svo vel. Stefnumótendur og hugmyndasmiðir fóru á flug og talað var um hina nýju amerísku öld („New American Century“) sem myndi ekki markast af ógnarjafnvægi tveggja stórvelda heldur einokun eins stórveldis á valdastóli. Talið var að Bandaríkin ættu að verða nokkurs konar yfirvald í alþjóða stjórnmálum en samt hugsa fyrst og fremst um að verja eigin hagsmuni. Þessi hugmyndafræði ýtti enn frekar undir Þjóðernistilfinningar og var ríkjandi í innanríkispolitík Bandaríkjanna á síðasta áratug 20. aldar og fyrstu árum nýrrar aldar. Þaðan komust þessar hugmyndir yfir í umræður um sögukennslu og námskrágerð og höfðu mikil áhrif.

Annað sjónarmið var auk þess einnig áberandi eftir lok kalda stríðsins. Bandaríkin gætu beitt sér fyrir að vera leiðandi í alþjóðlegri samvinnu án þess að vera stöðugt að verja eigin hagsmuni. Slíkt myndi þýða hnattvæðingu á menningarlegu stigi en ekki einungis efnahagslegu. Nota ætti frekar ímynd Bandaríkjanna sem vel heppnaðs lýðræðisríkis heldur en hernaðarmátt þeirra og gera þauleiðandi á hugmyndafræðilegum nótum, ekkiheraðarlegum. Þessi alþjóðahyggja („cosmopolitanism“) fór að hafa áhrif í skólakerfinu þar sem meiri áhersla var lögð á að kenna heimssögu, þ.e. sögu heimsins utan Bandaríkjanna án þess að þau væru í brennidepli, og að setja Bandaríkin og bandarísk stefnumál í alþjóðlegt samhengi en ekki líta á sköpunarsögu þeirra sem heilaga ritningu. Eftir atburðina 11. september 2001 fékk þessi alþjóðahyggja þó fljótt náðarhöggið, þ.e.a.s. fylgismenn hennar voru kaffærðir af viðsnúningi á almennum viðhorfum í Þjóðfélaginu. Þjóðernishyggja í V-Evrópu hefur aftur á mót þróast í andstæða átt. Þjóðernishyggjan hefur leitt óöld og skelfingu yfir þjóðir Evrópu tvisvar á 20. öldinni, og eru þá átök og grimmdarverk á Balkanskaga ótalin. Því hefur alþjóðleg yfirbygging og samvinna þjóða í Evrópu dregið verulega úr Þjóðerniskennd. (Symcox, 2009, bls. 36.)

Bandarísk menntastefna hefur mótast að ákveðnu leyti af baráttu íhaldsafla gegn frjálslyndum háskólakennurum og fleirum, sérstaklega pólitískum öflum frá hægri og stefnumótandi íhaldssömum aðilum í menntamálum. Hin íhaldssama sýn á sögu Bandaríkjanna er sú að sagan eigi að vera frásögn sem skyldi blása lesendum Þjóðerniskennd í brjóst og rekur þróunina frá myndun þjóðríkis á 18. öld til stórveldis 20. aldarinnar. Þessi frásögn er mikilvægur þáttur í að halda utan um menninguna sem heldur þjóðinni saman að

mati ákveðinna aðila innan stjórnsýslunnar en er aftur á móti verulega gagnrýnisverð að mati sjálfstæðra fræðimanna. (Symcox, 2009, bls. 40.)

Dæmi um pólitísk áhrif á sögukennslu er verkefnið „Teaching American History“ sem snýst um að þeir skólar sem kenna „hefðbundna bandaríska sögu“ geta notiðstyrkja frá ríkinu. Að hluta til er markmiðið að koma sögukennslu aftur í kjarna skólanámskráa, m.a. með skírskotun í mikilvægi sögunnar fyrir almenna þekkingu á bandarísku samfélagi, en jafnframt styrkja íhaldssama bandaríska sögu, þ.e. hefðbundnar þjóðernislegar söguskýringar og einfaldaðar frásagnir. Þrátt fyrir að TAH-verkefnið hafi verið hugsað til eflingar „gamaldags“ söguskoðunarhefur sögukennsla í reynd endurspeglad rannsóknir seinustu 30 ára (þ.e. rannsóknir í kvennasögu, félagssögu, heimssögu og öðrum sviðsagnfræðinnar sem teljast ekki íhaldssöm eða hefðbundin). Þetta kemur til vegna þess að þeir sem vinna að því að útfæra námskrár og námskeið eru háskólaprófessorar og sagnfræðingar sem hafa önnur sjónarmið en þau sem TAH-verkefninu var ætlað að halda á lofti. (Symcox, 2009, bls. 41.)

Stjórnun söguþekkingar í þýskum skólum

Slæm útkoma þýskra nemenda úr PISA („Programme for International Student Assessment“) könnuninni árið 2001 var talsvert áfall fyrir þýskt menntakerfi. Í kjölfarið urðu miklar deilur um hvað nemendur ættu að læra og hvernig tryggast væri að nemendur fengju sem hæstu prófseinkunn, sérstaklega þegar um var að ræða alþjóðlegan samanburð. Undanfarin ár hefur því sú tilhneiging orðið sífellt sterkari í skólum í Þýskalandi að nemendur séu prófaðir og settir í flokka eftir námsgetu. Menntunin þarf að búa til mælikvarða á samkeppnishæfni nemenda í stað þess að þroska nemandann sjálfan á hans eigin forsendum líkt og gamla hugmyndin um almenna menntun („*Bildung*“) gerir ráð fyrir. Með því að vera stöðugt að prófa nemenda eftir stöðluðum viðmiðum er í raun verið að reyna að stjórna hvaða söguþekking skilar sér til nemenda. Sögukennsla verður stöðluð og staðreyndamiðuð til að einfaldara sé að bera nemendur saman og, sem skiptir ekki minna máli, einnig skóla. Þ.e. samkeppni milli skóla fer eftir einkunnum nemenda og þ.a.l. er það skólum í hag að sögukennsla sé eins miðuð að staðlaðri þekkingu sem krafist er í prófum. Slík sjónarmið gera lítið til að auka raunverulega námshæfni gagnvart sögulegum viðfangsefnum eða til hjálpa nemendum að þroska viðhorf sín. (Schissler, 2009, bls. 98-101.)

Á undanförunum árum hefur ákveðið viðbragð gegn frjálslyndum menntastefnum sjöunda og áttunda áratugar tuttugustu aldar valdið stöðlun og ósveigjanleika í þýsku

menntakerfi sem útskýrist að hluta til af því að myndast hefur þrýstingur á skólakerfið að mæta kröfum atvinnulífs og vinnumarkaðar. Ríkisstofnanir hafa misst frumkvæði við stefnumótun með auknum umsvifum atvinnurekenda í skólamálum þar sem krafan er að útskrifaðir nemendur séu tilbúnir til að takast á við alþjóðlegan vinnumarkað og hnattvætt hagkerfi. (Schissler, 2009, bls. 104.)

Stöðlun þekkingar í kennslu er viðbragð við póstmódernískum hugmyndum fyrri áratuga þar sem þekkingarhugtakinu var í raun afneitað. Aftur á móti með því að gera þekkingu enn frekar mælanlegri erum við að koma festu á veröld sem er stöðugt að verða flóknari og margbrotnari. Verkefnið sem liggur nú fyrir (skv. Schissler, 2009) er að taka frjálslyndar hugmyndir sem hafa komið fram frá 1970 (félagsleg og akademísk breytingaröfl) og samþætta þær þeirri veröld sem við búum í, þeim viðhorfum sem eru nú við lýði. Þýsk stjórnvöld hafa jafnframt verið uggandi varðandi samkeppnishæfni þýska vinnumarkaðarins. Samræmd prófun og stöðluð kennsla hefur fengið uppreisn æru vegna hræðslu um að þýskir nemendur séu að dragast aftur úr jafnöldum sínum í Evrópu og þar af leiðandi þýskt vinnuafli í heild sinni. (Schissler, 2009, bls. 103.)

Samkvæmt Schissler (2009) getur stöðluð þekking virkað í hlutlægum greinum líkt og lestri eða stærðfræði. Eina leiðin til að staðla sögukennslu aftur á móti sé að læra eintómar staðreyndir og einblína á þær. Um það snýst saga og sagnfræði alls ekki þar sem staðreyndirnar eru aðeins hluti af sögunámi. Nemendur ættu frekar að læra að túlka hluti á marga vegu, að læra að sjá hluti frá mörgum sjónarhornum og að virða sjónarmið og heimssýn annarra. (Schissler, 2009, bls. 102.)

Almenn hnignun hefur orðið í þjóðernismiðaðri söguritun í Bandaríkjunum og Evrópu á upp úr miðri 20. öld eins og fjallað hefur verið um að ofan. Söguritun sem tók mið af efnishyggju, félagsvísindum og alþjóðahyggju kom í stað viðhorfa um að sýna eigin þjóð í sem bestu ljósi (lýsa upp helstu hetjur og gullnu andartök þjóðarsögunnar). Marxísk söguskoðun (alþjóðahyggja), kerfisvæðing sögunnar (finna langtíma þróun í veraldarsögunni) og aukin efnishyggja hagsögusinnaðra sagnfræðinga hefur rutt sér til rúms sem undirgreinar sagnfræðinnar víðast hvar í heiminum. (Dierkes, 2005, bls. 83.)

Námskrár í A- og V-Þýskalandi eftir síðari heimsstyrjöld gefa til kynna þessar minnkandi áherslur á þjóðarsögu. Efnistökhafa breyst frá því sem áður var og sögunni er skipt í tímabil á annan hátt. Ákveðin „stór“ ártöl í sögu þýsku þjóðarinnar voru áberandi sem skipting í námsefni, t.d. stofnun ríkis Karlamagnúsar eða borgarabyltingin 1848 sem er svipað og má sjá í kennslubókum á Íslandi. Saga ríkja utan Þýskalands fékk bara umfjöllun í tengslum við sögu þess. Nýlegar námskrár taka aftur á móti mið af mismunandi sjónarmiðum

og gera efnistökin þematengd (t.d. „Umhverfissaga“ eða „Islam sem menningar- og stjórn málaafli“) (Dierkes, 2005, bls. 87-8.) Einnig minnkaði áherslan á „hetjur“ þýskrar sögu (t.d. var mun minna gert úr þætti Bismarcks í nýlegri námskránum í umfjöllun um stofnun þýska keisaradæmisins). (Dierkes, 2005, bls. 89.)

Tyrkland, Grikkland og sundið á milli – markmið námskráa

Síðustu áratugir 20. aldar mörkuðu tímamót fyrir grísku og tyrknesku þjóðirnar. Báðar þjóðir nálguðust Evrópu og lýðræðislegt stjórnarfar þó saga þeirra væri gjörólík og markar verulega viðhorf til sögulegra túlkana.

Í Grikklandi hófst nýtt tímabil í sögukennslu eftir fall herforingjastjórnarinnar 1974. Öllum kennslubókum í sögu var skipt út þó enn hafi verið til staðar miðstýrt kerfi með stöðluðum viðmiðum í sögukennslu og kennslubókum voru auk þess allar útbúnar af ríkinu. Ekki hefur verið mikið um endurbætur og nýjungar í menntakerfinu eftir 1974 sem gefur til kynna að eftir svo stóran áfanga í lífi þjóðar getur komið tímabil stöðunar þar sem hið nýja kerfi er talið yfir gagnrýni hafið. Það sem getur hindrað endurbætur er einmitt þegar sagan er álitin eiga að koma ákveðnum hugsjónum eða boðskap á framfæri (yfirleitt ríkjandi valdhafa). (Antoniou & Soysal, 2005, bls. 108)

Námskránnar eftir 1974 gefa út þrenns konar markmið sögukennslu: Ýta undir þjóðrækni nemenda og lýðræðishugsjónir; auka söguþekkingu nemenda og færni í sagnfræðilegum vinnubrögðum; halda á lofti hugmyndum um sögulega þróun þjóðarinnar (e. „historical continuity“) og hlutverk hennar í mótun alþjóðlegs menningararfs (e. „global civilization“). Breytingar urðu þó með námskrá frá 1986 (sem er sú sem nú er í notkun). Frekari gaumur var þar gefinn að friðsamari tímabilum en áður og menningarlífs – friður og réttlæti áberandi til jafns við hugmyndina um að fórn sé fyrir föðurlandið (e. „self-sacrifice for the *patrida*“). (Antoniou & Soysal, 2005, bls. 108.)

Tyrkneska námskráin frá 1985 (sem er líka enn í notkun) inniheldur svipuð markmið og sú gríska. Helstu markmiðin í sögukennslu eru: að kenna nemendum hver staða Tyrklands og tyrknesku þjóðarinnar er í samhengi mannkynssögunnar; sýna fram á framlag þjóðarinnar á sviðum menningar, menningarheima og mannlegra gilda; ala á ábyrgð gagnvart þjóðinni o.s.frv., t.d. efla tilfinningu nemenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og lýðræði og gera þá meðvitaða um mikilvægi þess að verja ríkið og þjóðareininguna. (Antoniou & Soysal, 2005, bls. 109.)

Í raun urðu engar grundvallarbreytingar frá þeim námskrám sem voru í gildi í Tyrklandi fyrir 1985. Samt sem áður urðu ákveðnar áherslubreytingar - evrópsk menning og saga heimins utan Tyrklands og nálægra menningarsvæða hvarf nánast með nýjum áherslum. Þess í stað er einblínt á tyrkneska og íslamska menningararfinn og sögu hans. Þessi áhersla á þjóðarsögu og íslam er enn til staðar í tyrkneskri sögukennslu. Þrátt fyrir að breytingar hafi orðið í menntamálum árið 1997 sneru aðallega að útvíkkun skólaskyldu á meðan efnistökbreyttust ekki. (Antoniou & Soysal, 2005, bls. 109.)

Hugtakið þjóð getur verið bæði landfræðilegt og menningarlegt og hefur myndað ramma utan um skráningu og kennslu sögu. Þegar talað er um afmörkun þjóðar í tíma og rúmi er þá annars vegar hugsað um beint landfræðilegt svæði sem þjóðríkið eða þjóðin nær yfir, afmarkað af landamærum, og hins vegar þróun þjóðarinnar yfir ákveðið tímabil. Í sögu tyrknesku þjóðarinnar er sérstök áhersla lögð á rýmið sem þjóðin hefur markað sér, þ.e. landfræðileg mörk þjóðarinnar er mikilvægasta atriðið. Saga Grikkja einkennist aftur á móti (þar sem gríska þjóðin hefur frá upphafi búið á sama landfræðilega skikanum) af mikilvægi þróunar þjóðarinnar í samfelldum tímaramma. Þar ræður ríkjum hugmyndin umgrísku þjóðina sem menningarsamfélag sem hafi staðið óhaggað frá tímum forn-Grikkja fram til okkar daga. (Antoniou & Soysal, 2005, bls. 110-111.)

Tyrkneska leiðin er að tengja þjóðina við ný landsvæði sem voru hernumin og beina sjónum að mikilvægi fólksflutninga Tyrkja á svæðin sem þeir fóru um (hin góðu menningaráhrif). Sjá tilvitnun bls. 112. („centers of civilization“ sem spruttu upp um mið-austurlönd eftir að Tyrkir náðu þar yfirráðum talin til marks um það). Upphefð tyrknesku þjóðarinnar er ekki menningarlegur bakgrunnur í grárríki heldur hernaðarsigrar og ný landsvæði. Sjálfsmynd þjóðarinnar er því tengd ríkinu en ekki menningunni. (Antoniou & Soysal, 2005, bls. 112.)

Grískar og tyrkneskar sögubækur eiga það sameiginlegt að skilgreina Ósmanska veldið sem „hina“ (e. „the others“) sem er þá mótvægið við „okkur“, s.s. þá sem eiga og skrifa viðkomandi sögu. Hjá Tyrkjum hafa þeir óljósa merkingu þar sem Ósmanar eru bæði forfeður (menningararfurinn) en líka óvinurinn (eftir stofnun hins nýja tyrkneska ríkis og fall ottómanska veldisins í fyrri heimsstyrjöld). (Antoniou & Soysal, 2005, bls. 114.) Hjá Grikkjum aftur á móti hafa Ottómanir einungis merkingu sem hernámsvald (yferráð Ottómana „svartur blettur“ á sögu Grikklands). Yfirráð Ottómana eru þó ekki talin hafa haft mikil áhrif á Grikki sjálfa og sjálfsmynd þeirra og jafnvel hafi þau þjónað þeim tilgangi eð styrkja hellenisma í Grikklandi. Grikkir kenna almennt hernámsþjóðinni um stöðnun og vanþróun í eigin landi í stað aðstæðna innanlands. (Antoniou & Soysal, 2005, bls. 115.) Þessi

söguskýring hljómar kunnuglega í eyrum Íslendinga enda er þarna komin hliðstæða við hina gömlu sögutúlkun um slæmar afleiðingar yfirráða Dana á Íslandi.

Samanburður á írskum og úkraínskum kennslubókum

Eftir fall kommúnistastjórna í mið- og austur-Evrópu bar töluvert á þjóðernishugmyndum í ríkjum á þeim slóðum. Hægt er að benda á að e.t.v. sé eðlilegt að nýstofnuð þjóðríki ali á þjóðernislegum viðhorfum þegna sinna eða að slíkar hugmyndir spretti upp hjá þegnum sjálfum vegna félagslegra og pólitískra aðstæðna. (Janmaat, 2006, bls. 346.) Slíkt virðist örugglega hafa gerst í kjölfar þjóðfrelsinhugmynda íslenskra þjóðernissinna á 19. öld og ágerst eftir því sem Íslendingar fengu frekari sjálfstjórn. Á hinn bóginn er hægt að segja að þjóðernishyggja hafi á einhvern hátt fyllt upp í það hugmyndafræðilega tómarúm sem kommúnisminn skildi eftir sig. Eru þá þjóðernisleg viðhorf í samfélagi aðeins tímabundin? Bundin við fyrstu ár og áratugi eftir sjálfstæði á meðan þjóðin er að skapa sér ímynd? Eru frásagnir tiltölulegra ungra vestrænna ríkja af þjóðarsögu sinni frábrugðnar sögutúlkunum hinna nýsköpuðu ríkja sem urðu til á síðasta áratug 20. aldar? Hafa þær þróast frá þjóðernislegum skírskotunum til hlutlausari og gagnrýnni frásagna? (Janmaat, 2006, bls. 346.)

Janmaat (2006) ber saman sögutúlkun tveggja ríkja úr þessum flokkum, annars vegar Írlands (sem er tiltölulega ungt vestrænt ríki) og hins vegar Úkraínu (sem var myndað eftir fall kommúnisma og því aðeins um tveggja áratuga gamalt ríki) og notar sem mælikvarða frásagnir í kennslubókum af hungursneyðinni miklu um miðja 19. öld (e. „the Great Famine“). Janmaat kemst að því að frásagnir í írskum kennslubókum höfðu til að bera nokkuð þjóðernisleg viðhorf fyrst um sinn en eftir lok 7. áratugs 20. aldar hafði þeim verið skipt út fyrir hlutlausari umfjöllun. Ástæður fyrir því telur hann vera endurbætur í menntakerfinu, aukinn samvinna við erlenda sagnfræðinga, minnkandi áhrif kaþólsku kirkjunnar (og minni miðstýring þá væntanlega) og ný kynslóð írskra sagnfræðinga sem litu gagnrýnum augum á sögu Írlands. (Janmaat, 2006, bls. 365-366.) Hvað Ísland varðar má segja að þessi kynslóð hafi jafnframt komið fram á Íslandi í tengist líklega félagslegu umróti sjöunda áratugarins og þeirri gagnrýni á ríkjandi hefðir og sjónarmið sem tengdust því.

Að sama skapi eru úkraínskar kennslubækur mjög gagnrýnar á aðgerðir sovéskra stjórnvalda á tímum hungursneyðarinnar. Aftur á móti er nokkur fjölbreytni í frásögnum úkraínskra kennslubóka þrátt fyrir mikla miðstýringu námsefnisgerðar og gefur það til kynna að fjölbreytni geti þrífist þar sem ríkisvaldið vill hafa áhrif svo lengi sem fræðimenn og kennarar eru höfundar námsefnis. (Janmaat, 2006, bls. 366.)

Hér hefur verið tæpt á nokkrum af einkennum sögukennslu í ýmsum ríkjum og ber víðast hvar töluvert á togstreitu á milli ákveðinna afla í þjóðfélaginu. Á meðan sumir vilja gera upp fortíð þjóðarinnar vilja aðrir halda í ákveðið þjóðarminni, þ.e. ekki raska þjóðareiningunni heldur efla hana með sögulegum frásögnum.

d. Þjóðarímynd

Þjóðarímynd er tengd þjóðerniskennd eða –hyggju ákaflega sterkum böndum. Ímynd þjóðar af sjálfri sér leitar yfirleitt í þau atriði sem gera hana sérstaka á einhvern hátt eða frábrugðna öðrum þjóðum. Þjóðernishyggja er í raun einangruð hugmyndafræði sem hófst í byrjun nítjándu aldar og er í raun hluti af miklu víðtækari tilfinningu eða hugmyndafræði. Það virðist í raun vera mannlegt að upphefja sitt nærumhverfi, hvort sem það er fjölskyldan, þorpið, héraðið, borgin eða þjóðin. Sérstaða þjóðerniskenndar er að tilfinningin nær til svo víðtæks hóps. Þjóðríki eru þó yfirleitt ímynduð stærð og tilbúin og landamæri þeirra einnig. Í raun er ekkert sem segir að við eigum að hugsa og miða út frá þjóðríkjum heldur gætum við alveg eins hugsað út frá alþjóðasamfélaginu, fundið til samkenndar með öllum þjóðum og þjóðarbrotum í stað aðeins með eigin þjóð. Þessar hugmyndir eru ekki nýjar enda voru fyrstu alþjóðasinnarnir líklega munkareglur og riddarareglur miðalda sem störfuðu þvert á landamæri konungsdæma og keisaravelda.

Hver er „hin ímyndaða gullöld“ hvernar þjóðar og með hvaða hætti birtist hún? Hver er staða hennar í sögubókum og söguvitund og af hverju á hún alltaf endurkomu vitund þjóðar? Af hverju koma þrástefin og klisjurnar alltaf upp á yfirborðið? Víst er að ein rétt söguskoðun (kanón) getur aldrei verið viðurkennd meðal þeirra sem trúa því að sagnfræði feli í sér stöðuga leit að merkingu, hvort sem sú skoðun sé þjóðernisþenkjandi eða heimssöguleg. (Wils, 2009, bls. 28.)

Þjóðarímyndin snýst að miklu leiti um að skapa minningar, sameiginlegar þjóðinni. Íslendingar hafa notað Þingvelli sem stað minninga eins og Guðmundur Hálfðanarson fjallar um í *Íslenska þjóðríkinu*. Þar tekur Guðmundur þann pól í hæðina að þjóðarímynd styðjist yfirleitt við raunverulega stað sem tengdir eru ákveðnum minningum í sögu þjóðar. En eru þessar minningar ekki einungis tilbúningur? Er frekar að okkur eigi að finnast Þingvellir merkilegir en að okkur finnist það í raun og veru? Þingvellir sem landfræðilegur staður er ekki það sama og Þingvellir í huga Íslendinga. Einstaklingur ókunnur sögu Íslands eða menningu fær ekki séð þessa tengingu Þingvalla við þjóðarímyndina eingöngu með því að heimsækja staðinn heldur þyrfti hann að kynna sér söguna.

„Sameiginleg reynsla í fortíðinni býr til samstöðu í nútímanum.“ Svo hljómar tilgátan um hið sameiginlega minni þjóðar og tengingu þess við þjóðarvitund eða –ímynd. En á þetta sér stoð í raunveruleikanum? Er samstaðan ekki frekar einfaldlega hagkvæmismál? Það er hagkvæmt að búa í samfélagi og okkur líður betur þegar við höfum það í kringum okkur sem við þekkjum. Er hið „sameiginlega minni“ þá ekki einfaldlega tilbúningur eða jafnvel áróður til að efla þessa samkennd sem treystir undirstöður samfélagsins? Hver einstaklingur tilheyrir ákveðnum menningarlegum og sjálfsvitundarlegum hugarheimi. Hann hefur sjálfsvitund en er einnig hluti af stærri heild sem er svo aftur hluti af enn stærri heild. Bragi Guðmundsson hefur kallað þetta sjálfsvitund og samvitund þar sem hvort um sig getur tekið á sig nákvæmari myndir líkt og söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund. Sjálfsvitundin er þá tilfinning einstaklingsins gagnvart sjálfum sér en samvitundin hvernig margir einstaklingar í hóp telja sig hluta af hópnum eða tengjast hinum í hópnum. (Bragi Guðmundsson, 2009, bls. 11.) Ef við útvíkkum hópinn í heila þjóð ættum við að vera komin nokkuð nálægt hugtakinu um þjóðarvitund eða þjóðarímynd. Þessa samvitund er þá hægt að styrkja með frásögnum um hvað gerir einstaklinginn enn frekar hluta af hópnum, líkt og í tilfelli sögunnar.

Þjóðareining er einnig yfirleitt tilbúin því þjóðir eru nánast aldrei einsleitar og yfirleitt er mesti ágreiningurinn innan hverrar þjóðar eða hvers samfélags. (Guðmundur Hálfðanarson, 2001b, bls. 174). Út á við getur það aftur á móti þjónað ákveðnum hagsmunum að sýna samstöðu, t.d. þegar samfélaginu er ógnað. Þá geta einstaklingar og hópar náð að ýta undir þjóðernistilfinningar með því að vísa í hina meintu sameiginlegu reynslu.

„Andstaðan við nýjungar í sögukennslu á sér sjálfsagt margar og ólíkar ástæður, en ein þeirra er örugglega óttinn við minnisleysi þjóðarinnar.“ (Guðmundur Hálfðanarson, 2001b, bls. 182.) Þau sjónarmið hafa verið uppi að höfuðtilgangur sögukennslu í skólum sé að innprenta samstöðu og sameiningartákn þjóðarinnar, þ.e. einhverskonar þegnskaparmenntun þá með þjóðernislegu yfirbragði. Einnig hafa verið tíundaðar áhyggjur yfir bágri þekkingu skólabarna á því sem margir myndu kalla grundvallaratriði Íslandssögunnar. Enda má sjá við hátíðleg tilefni að ekki er farið í gagnrýna fræðilega útlistun á liðnum atburðum heldur er sameiningaraflið nýtt og farið í sarp hinna sameiginlegu tákna sem við höfum búið okkur til í þeim tilgangi að minna okkur á hvernig við náðum þó á þennan stað. Söguþekkingin skiptir í sjálfu sér ekki máli þessu samhengi; til að minnast þeirra atburða sem við notum til að skilgreina okkur sem þjóð.

Hvað er í raun þjóðríkið og hvaðan kemur hugmyndin um það? Sagnfræðingar og félagsfræðingar hafa haft þetta á dagskránni undanfarið en í raun nær það ekki lengra aftur en til frönsku byltingarinnar og telst því nýlegt hugtak, sérstaklega miðað við að oft er þjóðríkinu

reynt að finna stað í hugmyndaheimi langt aftur í aldir. Þ.e. í raun heimfæra okkar hugmyndafræði til samfélaga fortíðar. Við miðja 19. öld var hugtakið þjóðríki viðurkennt sem hin náttúrulega blanda af félagslegu, menningarlegu og stjórnmálalegu lífi. Hátindinum náði þjóðríkið um miðja 20. öld en hægt er að líta á þróunina síðan þá sem brotthvarf frá þjóðríkinu sem miðdepils allrar hugmyndafræði þrátt fyrir að undantekningar séu vissulega þar á (sbr. stofnun ríkja fyrrum aðildarríkja Sovétríkjanna og Júgóslavíu). Hnattvæðing og þjóðernisvitund minnihlutahópa er að ógna hinu ríkjandi skipulagi þjóðríkisins bæði að ofan og neðan, þ.e. ákvörðunarvald er að færast til alþjóðastofnana og frá sjálfum ríkjunum í ríkara mæli en jafnframt eru að verða algengari minnihlutahópar innan þjóðríkja sem telja sig sífellt minna bundna við gildi þess samfélags sem þeir búa í (t.d. stór innflytjendahverfi í mörgum borgum Evrópu). Togstreitan virðist þó ætla að halda áfram því upp á síðkastið, og sem svörun við minnkandi áhrif þjóðríkisins, hafa þjóðernistilfinningar víða aukist og halda t.a.m. íhaldssamir menntafræðingar og almenningur í Bandaríkjunum fast í hugmyndina um þjóðríkið sem miðpunkt í samfélaginu. Kanón-sjónarmið í sögukennslu tengjast því tilraunum þjóðríkisins að sporna við áhrifum alþjóðahyggju og röddum minnihlutahópa sem fá að njóta sín í heimssögu-sjónarmiðum.

IV. Söguendurskoðunin - niðurstöður fræðimanna

Nítjándu aldar saga Íslands var að mörgu leyti skrifuð jafnóðum og hún gerðist, þ.e. fyrstu söguritin um atburði hennar (sérstaklega á síðari hluta nítjándu aldar) voru skrifuð aðeins nokkrum árum eftir þá, og var andi þeirra frásagna í takt við pólitísk deilumál þess tíma. Þau rit sem gefin voru út um aldamótin 1900 og fram eftir tuttugustu öld um sögu Íslands voru einnig undir verulegum áhrifum frá sjálfstæðisbaráttunni enda snerist hugmyndafræði mennta- og stjórnmálamanna (sem yfirleitt voru sömu einstaklingar) að miklu leyti um þróun Íslands til þjóðfrelsis og sjálfsákvörðunarréttar. Sagan var þá notuð til að réttlæta þá „eðlilegu þróun“ sem fólst í fullveldi þjóðarinnar en ekki síður til að blása landsmönnum baráttuprek í brjóst og ýta undir tilfinningu þeirra um þjóðareiningu. (Ingi Sigurðsson, 2000, bls. 16-19.)

Það er ekki ætlunin hér að fjalla ítarlega um þá hreyfingu sagnfræðinga sem kennd er við söguendurskoðunina heldur einungis að tæpa á þeirri þróun sem varð í íslenskri sagnfræði á síðari hluta 20. aldar og á þeim viðhorfsbreytingum sem urðu gagnvart túlkunum á sögu Íslendinga.

a. Þjóðernisleg sögutúlkun

„[Samfellusagnfræði] byggist á þeirri hugsun að sagnfræðin þjóni því hlutverki að leita eftir eða beinlínis skapa sameiginleg gildi þjóðarinnar og skýra þau. Að skapa einingu úr margbrotnu safni þjóðarinnar. Að draga fram samfelluna í sögunni sem allir gætu sætt sig við. Að gefa þjóðinni sögu.“ (Sigurður Gylfi Magnússon, 2010.)

Hin „hefðbundna“ sögutúlkun sem Íslendingar ólust upp við frá öndverðri 20. öld og fram til um 1970-80 var lituð af sjálfstæðisbaráttunni og því verulega þjóðernissinnuð. Hún hafði þjónað ákveðnum tilgangi hjá forsvarsmönnum sjálfstæðisbaráttunnar og festi sig í sessi sem hluti af sjálfsmynd Íslendinga að verulegu leyti. Þau sjónarmið voru ríkjandi að á Íslandi hafi í gegnum tíðina ríkt veruleg samstaða gegn erlendum yfirráðum og að meint hnignun íslensks samfélags allt frá miðöldum hafi verið dönsku yfirvaldi algjörlega að kenna.

Nýjar túlkanir og söguskýringar í íslenskri sagnfræði komu fram upp úr 1970 og sérstaklega 1980. Einfalt er að líta á íslenska sagnfræði fyrir 1970 sem einhliða, þjóðernissinnaða og staðreyndamiðaða. Eflaust er margt til í því en halda verður því þó til haga að eiginlegar rannsóknir á sagnfræðirannsóknum fyrir 1970 hafa ekki verið gerðar og því er erfitt að fullyrða með óyggjandi hætti hvað hafi einkennt þær. Þó er fullvíst að bylting hafi orðið í sagnfræðirannsóknum á Íslandi með nýjum hugmyndum og alþjóðlegri nálgun

íslenskra sagnfræðinga á áttunda og níunda áratug 20. aldar. (Halldór Bjarnason, 2006, bls. 158-159.)

Hin hefðbundna söguskoðun virðist hafa verið eins lífsseig og raun bar vitni vegna þess að ekki höfðu verið gerðar nægilega ítarlegar rannsóknir á íslensku samfélagi á 13. – 18. öld, hvorki félagslegum hluta þess né efnahagslegum. (Halldór Bjarnason, 2006, bls. 160-161.) Líklegt má telja að þegar hugmynda- og aðferðafræði félagssögunnar (bæði bandarískrar greinar hennar og franski skóli Annálunga) náði til íslenskra sagnfræðinga hafi hún haft þau áhrif að efla rannsóknir á öðrum sviðum en áður hafði tíðkast í íslenskri sagnfræði.

b. Íslenska söguendurskoðunin

Sigurður Gylfi Magnússon hefur gert nokkuð ítarlega úttekt á íslensku söguendurskoðuninni og stöðu einstakra sagnfræðinga innan hennar. Talar hann þar um fjórar bylgjur endurskoðunar. Tvær fyrstu kennir hann við „íslensku söguendurskoðunina“ og á þá væntanlega við ný viðhorf sem fram komu gagnvartsögu Íslendinga og frásagna af henni. Hinar tvær síðari kennir hann við „endurskoðun sagnfræðinnar“ og er sú síðari þeirra, s.s. fjórða bylgjan, í raun framtíðarsýn. Upphaf endurskoðunarinnar markast af hugmyndum sem höfðu verið við lýði í Evrópu og Bandaríkjunum frá um 1960. Þær bárust fyrst til Íslands í gegnum norræn samstarfsverkefni sem Helgi Skúli Kjartansson og fleiri tóku þátt í á seinni hluta 8. áratugar síðustu aldar. Það telur Sigurður vera fyrstu bylgjuna og ákveðið forstigið að meginhugmyndafræði söguendurskoðunarinnar sem fann sér farveg í niðurstöðum rannsókna sagnfræðinga líkt og Loftis Guttormssonar, Gísla Gunnarssonar og Gísla Ágústs Gunnlaugssonar upp úr 1980. Gunnar Karlsson hefur þó viljað meina að verk þessara fræðimanna hafi ekki markað nýja aðferðafræði í sagnfræði heldur einungis ný viðfangsefni – á sviði félags-, hag- og fjölskyldusögu. (Sigurður Gylfi Magnússon, 2006, bls. 212-215.)

Sigurður telur að í raun hafi íslensk sagnfræði staðnað eftir aðra bylgju endurskoðunar og orðið til þad sem hann kallar „íslensku sögustofnunina“. Hún hafi þá haft það að markmiði að varðveita og staðfesta þau rannsóknarviðmið og sagnfræðilegu sjónarmið sem unnist höfðu á árunum á undan, sérstaklega með ritun yfirlitsrita. (Sigurður Gylfi Magnússon, 2006, bls. 228-231.) Kalla má þessa skoðun Sigurðar umdeilda en í henni felst að hann setur þá fjölmörgu sagnfræðinga sem hafa unnið í kjölfar annarar bylgju á bása eftir því hvernig þeir, að hans mati, hafa nálgast viðfangsefni sín, sérstaklega út frá viðmiðum póstmódernisma. Þó er vert að gefa því sjónarmiði Sigurðar gaum að sjálf fræðin hafi á undanförunum árum fallið í

skuggann af þeim tilraunum að „uppfæra“ sögu íslensku þjóðarinnar, þ.e. inntakið hafi verið aðferðafræði yfirsterkari. Aðrir hafa frekar viljað fara þá leið að tengja þróun íslenskrar sagnfræði við alþjóðlega strauma innan fræðigreinarinnar þó vissulega séu þeir oft seinna á ferðinni á Íslandi en erlendis. Íslensk sagnfræði sé því hluti af stærra samhengi (sérstaklega í sambandi við fræðimenn á Norðurlöndum) þó vissulega sé að finna séreinkenni sökum aðstæðna. (Ingi Sigurðsson, 2000, bls. 27-28.)

Í stuttu máli má segja að fram til hinnar svokölluðu söguendurskoðunar hafi túlkun á sögu Íslendinga fram yfir fullveldi verið á þá leið að Íslendingar hafi fyrir löngu misst sjálfstæði sitt í hendur erlendra konunga og fyrir vikið hafi ríkt myrkur og doði yfir íslensku samfélagi um aldir. Einungis hafi birt til þegar nokkrir merkir Íslendingar (með Jón Sigurðsson fremstan í flokki) hafi krafist frelsis til handa íslensku þjóðinni. Uppgangur og framfarir síðari ára er því afrakstur baráttu þessara manna fyrir sjálfstæði.

Enn fremur hefur þeirri túlkun verið haldið á lofti að við lýðveldisstofnunina 1944 hafi aldagamall draumur orðið að veruleika. Íslandssagan fram að því hafi í raun verið langt ferðalag sem hafi endað með lýðveldinu Íslandi. Þessi viðhorf þjónuðu ákveðnum pólitískum tilgangi á þessum tíma. (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 237.) Umræðan var nánast eins og að um guðs útvöldu þjóð hafi verið að ræða sem hafi ráfað um í eynd og myrkri í mörg hundruð ár en hafi loksins fengið uppreisn æru.

Barátta Íslendinga fyrir viðurkenningu á umráðarétti yfir hafsvæðinu í kringum landið hefur jafnframt einkennst að einhverju leyti af þjóðernislegum viðhorfum þó verndunar-sjónarmiðum hafi vissulega einnig verið haldið á lofti. Líklega skal engan undra enda er skammt um liðið síðan deilurnar stóðu sem hæst auk þess sem eðli þeirra og umfjöllun um þær voru með þeim hætti að auðvelt var fyrir landsmenn að fyllast réttlátri reiði gagnvart því sem þótti vera yfiringur breska heimsveldisins. Að minnsta kosti er ljóst að fyrst núna eru þorskastríðin svokölluðu að fá gagnrýna umfjöllun fræðimanna sem efast um ýmis atriði sem fram til þessa hafa þótt sjálfsgöð. Þær mætti t.a.m. nefna hvort Íslendingar hafi í raun borið sigur úr bítum í deilunum eða hvort Íslendingar hafi í raun verið jafn samstilltir í deilunum eins og látið hefur verið.

Um þessi þrjú sögulegu atriði, sjálfstæðisbaráttuna, lýðveldisstofnunina og þorskastríðin, verður fjallað hér á eftir út frá niðurstöðum sagnfræðinga sem eru að rannsaka þessi efnisatriði í dag. Sú söguskoðun sem samanstendur af hetjubaráttu Íslendinga og vondum útlendingum hefur átt verulega undir högg að sækja og hafa sagnfræðingar reynt að fá sem gleggsta mynd af sögulegum atburðum án þess að láta tíðarandann hverju sinni ráða sjónarmiðum eða túlkun. Vitaskuld verður þó að hafa í huga að fræðimenn hafa ákveðnar

skoðanir og viðhorf sem endurspeglast yfirleitt í verkum þeirra. Þessi viðhorf myndast í gegnum þeirra eigin rannsóknir, rannsóknir annarra fræðimanna auk samfélagsins sem þeir lifa og starfa í.

c. Sjálfstæðisbaráttan

Í gegnum tíðina hefur ástæðan bakvið ritun *Brevis commentaris* og *Crymogæu* Arngríms Jónssonar sögð vera að Guðbrandi biskup hafi ofboðið lyga- og skrímslasögur um Ísland sem birtar voru í ferðabókum útgefnum í Evrópu (t.d. ljóð eftir Gories Peerse) og fengið Arngrím til að upplýsa erlenda menn sérstaklega um hina glæstu fortíð Íslendinga og merkilegan menningararf. Gunnar Karlsson hefur t.a.m. vísað til Arngríms þegar hann færir rök fyrir því að hin svokallaða hnignunarkenning eigi við rök að styðjast. Í henni felst að allt frá miðöldum hafi íslenskt samfélag verið í stöðugri hnignun á flestum sviðum þjóðlífsins þar til um miðja 19. öld þegar íslensk þjóðfrelshreyfing vakti þjóðina úr dróma. Gunnar tekur dæmi um að íslenskir menntamenn jafnt sem almenningur hafi í gegnum aldirnar lýst fortíðarhyggju í ritum sínum og tiltekur sérstaklega Arngrím Jónsson og rit hans. Hnignun íslensks samfélags frá miðöldum hafi því verið raunveruleg hugmynd fyrir íslenskan almenning og viðurkennd skoðun. Gunnar mælir mikla þjóðernis- og fortíðarhyggju hjá Arngrími og telur það sýna að hnignunarkenningin sé ekki einungis tilbúningur 19. aldar manna. (Gunnar Karlsson, 2002, bls.96.)

Gottskálk Þór Jensson hefur á hinn bóginn haldið því fram að Arngrímur hafi skrifað þessi rit ekki síður í þeim tilgangi að afla danskri verslun brautargengis gegn hinni þýsku Hamborgarverslun. Því hafi einnig ætlunin verið að þjóna konungi og Íslandssagan í raun samin sem saga eyju sem væri hluti Danaveldis. Ritin væru ekki síður áróðursverk fyrir danska utanríkis- og verslunarpólitík. (Gottskálk Þór Jensson, 2003, bls. 62-3.) Enn fremur gagnrýnir Gottskálk þá skoðun Gunnars Karlssonar að minnið um „hina íslensku gullöld“ sé upprunin frá Arngrími og vísar í mismunandi þýðingar á latínutexta Arngríms. Sú sem Gunnar styðjist við sé lituð af síðari tíma þjóðernishugmyndum en með annarri orðanotkun (t.d. ættstofn í stað þjóðar) sé hægt að sjá mun hlutlausari texta. (Gottskálk Þór Jensson, 2003, bls. 64.)

Þetta er hluti af þeirri sögutúlkun að reyna að tengja íslensku „gullöldina“, þ.e. að norskir tignarmenn hafi flúið óréttlæti Haralds hárfagra til að stofna nýja þjóð með réttlátri stjórnskipan, lengra aftur í tímann. Þ.e. að ná sem lengstri órofinni tímalínu á túlkunina í stað þess að sjá rit Arngríms (í þessu tilviki) í samhengi þess tíma sem þau eru rituð.

Gottskálk telur Arngrím hafa skrifað undir áhrifum frá latneskum og húanískum söguskilningi. Hann hafi t.d. ekki haft illan bifur á að Ísland hafi gengist undir Noregskonung. Það hafi verið eðlilegt framhald á því ófremdarástandi sem ríkt hafi á Íslandi á fyrri hluta 13. aldar. (Gottskálk Þór Jensson, 2003, bls. 65.) Því sé alls ekki hægt að rekja sjálfstæðisbaráttu Íslendinga aftur í aldir.

Fyrstu sagnfræðingar Íslands (t.d. Jón Aðils, Bogi Melsteð, Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson) notuðu söguna sem vopn í baráttu fyrir auknu sjálfstæði Íslendinga. (Gunnar Karlsson, 2000, bls. 111.) Þessi rit, sem skrifuð voru í ákveðnum tilgangi, voru notuð í kennslu, enda hefur þótt rétt að íslensk ungmenni gengju inn í ákveðinn hugmyndaheim. Hægt og bítandi hefur saga sjálfstæðisbaráttunnar þó fengið minnkandi vægi. (Gunnar Karlsson, 2000, bls. 127.) Þegar umfjöllun verður minni og draga verður sífellt meira saman marga atburði verða „hápunktarnir“ eftir ef svo má kalla, þ.e. stiklað á ákveðnum atburðum sem taldir eru merkilegri en áður en heildarmyndin eða þróun yfir tímabil verður ekki eins áberandi. Þannig verður til eitthvert „rétt sjónarhorn“ eða „goðsögn“ eða „sameiginlegt minni“ út úr þessum atburðum sem koma strax upp í hugann eða eru tengdir ákveðnu tímabili eða atburðum órjúfanlegum böndum. Slíkar frásagnir slíta þó atburðarásina í sundur og frá þjóðfélagslegu umróti þess tíma.

Uppruna, rætur og einkenni þjóðernishyggju Íslendinga má rekja til eftirfarandi: (Guðmundur Hálfðanarson, 2001a, bls. 3.)

- rómantískra alþjóðlegra stjórnámálahugmynda eftir Napóleonestyrjaldir
- frjós jarðvegs hjá íslenskum menntamönnum vegna stolts yfir menningararfinum
- hugmynda um umskipti Íslendinga frá hetjum fornsagna til núverandi ástands, en þær vöktu upp sterkar tilfinningar (sbr. misræmið frá „frjálsu“ goðaveldi miðalda til „kúgaðra kotbænda“).

Grundvöllur þjóðfrelshugmyndanna var aðallega hugmyndafræðilegur (þ.e. að Ísland myndi þrífast best undir eigin stjórn) en engar breytingar höfðu orðið á félagslegri eða efnahagslegri uppbyggingu íslensks samfélags við upphaf 19. aldar frá því á 18. öld. Ekki er því hægt að leita skýringa í breyttri samfélagsgerð. Ástæðan fyrir efnahagslegri stöðnun og almennri eynd á Íslandi vartalin vera erlent yfirvald en ekki eynd Íslendinga sjálfra, náttúran eða guðleg refsing eins og áður hafði verið almennt talið. (Guðmundur Hálfðanarson, 2001a, bls. 4.)

Rökin fyrir því að Ísland ætti sjálfsagðan rétt á því að vera undir engu öðru ríki voru sótt í sameiginlega menningu, tungumál og landamæri og þá hugmynd að engin þjóð ætti að

vera undir aðra þjóð sett. Þessar hugmyndir eru hluti af hinni alþjóðlegu þjóðernishyggju sem Hobsbawm (1990) kallar fyrstu útgáfu þjóðernishyggjunnar sem fjallar um rétt þjóða til sjálfsákvörðunarréttar. Slík þjóðernishyggja tengdist frjálslyndisstefnunni, mannréttindum og húmanisma og var ekki endilega skyld seinni tíma þjóðernishyggju sem leiddist út í andúð á öðrum kynþáttum og upphafningu einnar þjóðar á kostnað annarra. Í upphaflegu þjóðernishyggjunni útilokar stolt yfir eigin menningu og arfleifð ekki gott samstarf með öðrum þjóðum, svo lengi sem réttur þjóða sé virtur. Þessi hugmynd var svo misnotuð og röksemdin notuð að þjóðir eigi rétt á að verja sig gegn einhverjum „óvini“ með því að taka af skarið með aðgerðum (sjá t.d. röksemdarfærslu Hitlers fyrir flestum aðgerðum sínum fyrir seinni heimsstyrjöld – stöðugt er verið að verja þýsku þjóðina fyrir óvinum sínum).

Guðmundur Hálfðanarson bendir einnig á að ákveðin íhaldssemi í félagslegum skilningi hafi fylgt þessum hugmyndum íslenskra menntamanna um þjóðfrelsi. Þ.e. að frjálslyndið ætti við þjóðríkið en ekki endilega samfélagsgerðina. Þannig var þjóðernishyggjan í raun slitin úr samhengi við hina almennu frjálslyndisstefnu. Hugmyndir um samfélagsgerð voru að flestu leyti enn íhaldssamar, s.s. gengu þvert á hugmyndafræði frjálslyndisstefnunnar um borgaraleg réttindi hvers manns (þegnskap). Togstreita var því á milli frjálslyndis og íhaldssemis í íslensku samfélagi á 19. öld og vill Guðmundur tengja þetta við íslenska þjóðernisvitund. (Guðmundur Hálfðanarson, 2001b, bls. 46-47.) Aftur á móti má líklega segja að þessi togstreita, þ.e. á milli íhaldssemi, að halda í gömul og reynd gildi, og frjálslyndi, þ.e. að innleiða ný og óreynd gildi, sé eitt af grundvallaratriðum hvers samfélags. Slík togstreita á sér alltaf stað hvar í tíma eða rúmi samfélagið er statt og lýsir félagslegum aðstæðum samfélaga. Má því í raun segja að lýsa þurfi þjóðfrelsinhugmyndum og þjóðernisvitund Íslendinga á 19. öld með þessa togstreitu frjálslyndis og íhaldssemi sem forsendu en ekki sem afleiðingu.

Guðmundur Jónsson sagnfræðiprófessor telur þó nafna sinn Hálfðanarson nota hugmyndir frjálslyndisstefnunnar sem of stífan mælikvarða á áætlanir og aðgerðir þjóðfrelsisinnar og vera of bundinn af hugmyndafræðilegri frjálshyggju þegar hann er að mæla frjálslyndi þjóðernisinnar. Að hans mati er erfitt að finna þá sem aðhyllast „sanna“ frjálslyndisstefnu með slíkum mælikvarða, þ.e. að aldrei megi hagsmunir vera ráðandi afl. Hann segir að „í meginatriðum hafi hugmyndir [þjóðfrelsisinnar] einkennst af félagslegri og efnahagslegri íhaldssemi en á vissum sviðum, einkum í viðskiptastefnunni og stjórnskipunarhugmyndum, hafi gætt áhrifa frá frjálslyndisstefnunni.“ (Guðmundur Jónsson, 2002, bls. 226-227.) Því virðast þeir vera sammála að nokkru leyti um tvöfeldni Íslendinga hvað þetta varðaði, þ.e. að þeir hafi haldið á lofti hugmyndum frjálslyndisstefnunnar um rétt

þjóðar til sjálfsákvörðunar og að ekkert ríki skuli yfir öðru ráða en hafi ekki tileinkað sér hugmyndir um félagslegt frjálslýndi hvers manns. Líklega hefur slíkt ekki verið þeim ofarlega í huga þar sem þeir höfðu í huga stjórnskipulegt samband Íslands og Danmerkur en ekki beint félagslegt ástand á Íslandi.

Ingi Sigurðsson telur samhengi vera á milli hugmynda þjóðernishyggju Íslendinga á átjándu og nítjándu öld, þ.e. að þjóðernishugmyndir nítjándualdarmanna megi rekja aftur til átjándu aldar. (Líklega má frekar tala um föðurlandsstolt fyrir 1830 en hina sértæku þjóðernishyggju sem breiðist út eftir byltingar í Evrópu 1830.) Sú breyting verður á eftir 1830 að þá færist áherslan yfir á kröfur um aukið sjálfsforræði íslenskrar þjóðar og átti þessi hugmyndafræði greiðan aðgang að þjóðinni vegna þess að forsvarsmenn hennar notuðu sérstaklega fjöldaframleidd tímarit til að koma málstað sínum á framfæri gagnvart íslenskum almenningi. Athuga ber einnig að hugtökin þjóðernishyggja og þjóðernisstefna eru síðari tíma tilbúningur. Á þessum tíma var notast við orð líkt og þjóðrækni og ættjarðarást. (Ingi Sigurðsson, 1997, bls. 301.)

Varðandi innanlandspólitík þá voru engin etnísk átök í landinu, enda þjóðin mjög einsleit varðandi tungumál, menningu og trú. Óróleiki var vissulega varðandi fulltrúa Dana á Íslandi, hvort sem þeir voru danskir eða íslenskir en íslenskir þjóðernissinnar vildu samt enga byltingu á Íslandi gegn yfirvöldum. (Guðmundur Hálfðanarson, 2001a, bls. 5.) Miðað við umfjöllun fræðimanna má segja að þrýstingurinn á breytingar hafi komið "að ofan", þ.e. úr efri lögum samfélagsins en ekki frá almenningi.

Eins og fram hefur komið hljómar gamla söguskýringin einhvern veginn svona: Undirokaða þjóðin barðist hetjulega í hundrað ár fyrir frelsi og sjálfstæði sínu. Trúlegri skýring, samkvæmt Guðmundi, er aftur á móti á þennan veg: Danska stjórnin stýrði að miklu leyti valdatilfærslu frá Dönum til Íslendinga. Stefna þeirra miðaðist af skipulögðu undanhaldi og reyndu þeir að koma til móts við óþolinmóða Íslendinga eins og þeir gátu og töldu hagsmunum aðila best borgið. Þeir létu ekki undan öllum kröfum Íslendinga en gáfu nógu mikið eftir til að menn hefðu trú á samningaferlinu. Forystumenn sjálfstæðisbaráttunnar vildu aldrei herskúa uppreisn gegn dönskum yfirvöldum. Þeir voru úr yfirstéttinni og þjuggust við að vera þar áfram eftir að Íslendingar fengju sjálfsforræði. Þeirra hagur var að semja um aðskilnað. Danska stjórnin reyndi aldrei að sporna við þjóðfrelsinhugmyndum Íslendinga og var viðhorf þeirra yfirleitt á mjög jákvæðum nótum gagnvart þeim. Flestir forystumanna íslenskra sjálfstæðissinna voru þó oft í vinnu hjá danska ríkinu eða treystu á styrki frá því. (Guðmundur Hálfðanarson, 2001a, bls. 7-9.)

Af hverju stafaði þessi velvilji? Hin forna menning Íslendinga (handritin og tungumálið) var sameiginleg þeirri dönsku og raunar öllum Norðurlöndum að Finnlandi e.t.v. undanskildu og var hægt að komast mun nær danskri arfleifð með því að skoða íslensku fornritin. Danir hafa því líklega samkvæmt þessu lítið upp til íslenskrar arfleifðar sem hefur haft töluvert gildi í hugmyndaheimi frjálslyndisstefunnar og ýtt undir réttmæti hugmyndarinnar um sérstakt íslenskt ríki. Danir höfðu þar að auki lítið á Íslandi að græða fjárhagslega og því erfitt að réttlæta útgjöld til fjarlæggra hluta Danaveldis í því umhverfi hugarfarsbreytinga sem átti sér stað í Danmörku á seinni hluta 19. aldar. Þær breytingar fólu í sér skipbrot fjölpjóðaríkisins í raun. Þ.e. innan danska ríkisins ættu aðeins þeir að vera sem raunverulega gætu talist danskir þegnar og gætir þar þjóðernislegra viðhorfa meðal Dana sjálfra. (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 243.)

Athygli vekur að ofbeldi var aldrei notað til að bæla niður þjóðerniskennd Íslendinga og var þar af leiðandi vart ástæða fyrir Íslendinga að nota ofbeldi á móti. Sjálfstæðisbaráttan var háð af menntamönnum úr miðstétt sem þurftu í raun aldrei að færa miklar persónulegar fórnir fyrir málstaðinn og voru oftast í beinum samskiptum við danska embættismenn. Baráttan fylgdi ákveðinni þróun sem var í gangi víðar um Norðurlöndin og miðuðu að dreifingu valds frekar en samþættingu eins og má t.d. sjá með sjálfstæði Noregs árið 1905. (Guðmundur Hálfðanarson, 2001a, bls. 11.) Ein leið til að horfa á þetta er að Danir vildu losna við Íslendinga af sinni könnu en samt ekki án þess að þeir væru vissir um að Íslendingar gætu spjarað sig án þess að vera upp á Dani komna fjárhagslega. Íslendingar þurftu í raun aldrei að berjast fyrir kröfum sínum af alvöru heldur einungis sýna staðfestu varðandi áætlanir sínar. Ef til vill höfum við því gert svo mikið úr mótmælum Jóns Sigurðssonar og fleiri á Þjóðfundinum. Við höfum enga aðra birtingarmynd baráttunnar.

Tregða Dana gagnvart íslensku þjóðfrelsi

Kröfur Íslendinga um samband tveggja jafnréttþárra ríkja um sameiginlegan konung (rökstuddar af gamla sáttmála og sögulegum tilvísunum um beint samband íslensku þjóðarinnar við Noregskonung og síðar Danakonung) voru óásættanlegar af hálfu danskra yfirvalda um og eftir 1850 og buðu þau Íslendingum ítrekað að gerast einhvers konar hluti af danska ríkinu. Danir voru hreint ekki sannfærðir um að 70-80.000 manna þjóð gæti staðið sem sjálfstætt ríki með eigin fjárráð; hugmyndin var einfaldlega framandi. Eins og Georg Brandes skrifaði árið 1906: „Ísland hefur enga verslun, engan iðnað, engan her, engan flota ...“ (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 245.)

Dönsk yfirvöld reyndu í raun aldrei að neyða Íslendinga til að verða hluti af Danaveldi eftir að ljóst var að Íslendingar ætluðu að halda sig við sínar ítrustu kröfur. Danir viðurkenndu alltaf að Íslendingar væru sérstök þjóð en vildu ekki sleppa takinu af Íslandi á meðan ljóst var að Ísland gæti ekki staðið hjálparlaust án fjárhagsaðstoðar frá danska ríkinu. Í raun var ferlið þá sameiginlegt átak danskra stjórnvalda og íslenskra stjórnámálamanna. (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 246.) Mestu átökin voru einfaldlega um útfærslur á auknu sjálfsforræði Íslands. Inn í það spilaði bæði stjórn málaástand í Danmörku og innanlandspólitík á Íslandi.

19. og 20. aldar saga Íslands hefur alltaf verið saga sjálfstæðisbaráttunnar (sjá vörðurnar: þjóðfundur, stöðulög, stjórnarskrá, heimastjórn, fullveldi, lýðveldi) og hafa aðrir þættir sögunnar (hagsaga og félagssaga t.d.) yfirleitt verið greindir í samhengi stjórn málasögunnar, þ.e. að baráttan fyrir auknu sjálfsforræði hafi verið forsenda fyrir aukinni efnahagslegri og félagslegri velmegun, sérstaklega á fyrstu árum 20. aldar, þegar iðnvæðing fór að komast á skrið á Íslandi. Guðmundur Hálfðanarson vill meina að þar sé orsakasamhenginu snúið á haus, þ.e. að hver tímamót í sjálfstæðisbaráttunni hafi í raun verið möguleg vegna efnahagslegrar framþróunar. (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 247.)

Dönsk yferráð – góð eða slæm áhrif?

Gunnar Karlsson gerði danska stjórn yfir Íslandi að efni sínu í innleggi í málstofu sem nefndist *Ísland – Danmörk* á hugvísindafingi Háskóla Íslands árið 2007. Þar fjallar hann um hvort Íslendingar hafi í raun verið svo illa staddir sem þegnar Danakonungs eins og verið hefur látið oft á tíðum, þ.e. hvað Íslendingar hafi grætt á stjórn Dana og hverju þeir hafi tapað.

Bölið (eins og það hefur birst sem gamalt stef):

- arðrán
- óstjórn
- kúgun

Gunnar vill strax útiloka að Danir hafi kúgað Íslendinga á nokkurn hátt sérstaklega vegna þjóðernis. (Gunnar Karlsson, 2008, bls. 152.) Engu var þröngvað upp á Íslendinga beinlínis til að gera þá „danskari“. Reyndar má telja þar siðaskiptin en þau voru reyndar harkalegri í Danmörku sjálfri þannig að engin mismunun var þar á ferð og þar að auki sat Jón Arason lengst kaþólskra biskupa á Norðurlöndum. Dæmi um kúgun hefur líka verið nefnt seinagangur Dana að koma á stjórnskipunarbreytingum sem Íslendingar kröfðust á 19. öld. Gunnar vill frekar tala um tregðu og telur líklegt að Íslendingar hefðu getað fengið sömu réttindi og danskir þegnar innan danska ríkisins hvenær sem þeir vildu. Málið var flóknara því

krafast var sérstaks þjóðríkis og er eðlilegt að slíkt taki tíma þegar um samningaviðræður er að tefla en ekki rósturssama byltingu. Einnig má benda á túlkun Guðmundar Hálfðanarsonar á framvindu stjórnskipunarbreytinga á Íslandi sem farið er yfir hér að framan.

Gunnar telur umdæmaverslunina hafa vissulega verið óstjórn (1684-1732) en rök hafa verið leidd að því að við íslenska embættismenn hafi ekki síður verið að sakast en danska kaupmenn og dönsk stjórnvöld. (Gunnar Karlsson, 2008, bls. 153-156). Ósannað er jafnframt að Íslendingar hafi verið arðrændir sérstaklega umfram aðra þegna Danaveldis (jafnvel danska bændur í Danmörku) eða almennt þegna í Evrópuríkjum. Þar fyrir utan hefði Íslendingum að öllum líkindum aldrei tekist að reka sína utanríkisverslun sjálfir í gegnum aldirnar. Hún hefði alltaf verið í höndum útlendinga þó svo Íslendingar hefðu ekki gengist norsku konungsvaldi á hönd á 13. öld þannig að verslunararðurinn hefði alltaf farið erlendis. (Gunnar Karlsson, 2008, bls. 157-158.)

Hver var þá hagur Íslendinga af stjórn Dana? Samkvæmt Gunnari getur verið um tvennt að ræða, stjórn landsins og aðgang að menntun í Hafnarháskóla. Ófriður líkt og Sturlungaöld var í reynd alls ekki óvenjulegur á Norðurlöndum á 12. – 14. öld. Borgarastyrjaldir voru nokkuð tíðar en ríkin náðu sér vel upp úr þeim. Hefðu Íslendingar getað gert hið sama með innlendan þjóðhöfðingja? Því er líklegt að sjálf stjórn Dana hafi í raun ekki skipt máli fyrir íslenskt samfélag (sjá t.d. mörg dæmi um sjálfstæð borgríki í Evrópu um aldir). Óvíst er að Íslendingar hafi „neyðst“ til að gangast undir norskt konungsvald á sínum tíma til að koma sáttum á í landinu. (Gunnar Karlsson, 2008, bls. 158-159.)

Öðru máli gegnir um menntun. Sá aðgangur sem Íslendingar höfðu að dönskum menntastofnunum um aldir hefur án efa verið ómetanlegur. Sem dæmi má nefna *garðstyrkinn*, sem var vist á stúdentagörðum án endurgjalds og fæðispeningar til upphalds og var í gildi til ársins 1918. Kaupmannahöfn varð þess utan að miðstöð íslenskra miðaldafræða og er hægt að segja að Íslendingar hafi haft mikið gagn af sambandinu við Dani hvað varðar menntun og bókmenntamenningu. (Gunnar Karlsson, 2008, bls. 159-161.)

Þjóðfundurinn 1851

Sjálfir atburðir þjóðfundarins sem haldinn var árið 1851 og átti að ákvarða framtíð sambands Íslands og Danmerkur verða varla dregnir í efa, samtímaheimildir segja nokkuð skýrt frá atburðarás fundarins. Aftur á móti má setja efasemdir við hversu mikið vægi hann hefur fengið í söguritun og –útskýringum um þetta tímabil.

Í hátíðarriti *Skírnis* í tilefni Alþingishátíðar frá árinu 1930 er að finna yfirlit yfir þjóðfundinn er þar er aðeins um upphafningu að ræða en enga sjálfskrítík á þennan atburð

sem talinn er marka tímamót í þjóðfrelsisbrölti Íslendinga. Er þar um einhvers konar ritskoðun að ræða, jafnvel ómeðvitaða? Mátti ekki gagnrýna eða þótti það ekki við hæfi við slíkt tilefni? Voru sumir hlutir yfir gagnrýni hafnir? Fyrsta málsgreinin gefur tóninn: „Yfir [Þjóðfundinum] hvílir frægðarljómi í augum þjóðarinnar. Og það er heldur ekki að undra. [...] Þá risu Íslendingar upp og andmæltu ofbeldi stjórnarinnar, og þeir voru loks orðnir nokkurn veginn einhuga og bjartsýnir og ákveðnir í kröfum. Þá hófst fyrir alvöru hin langa barátta fyrir sjálfstæði Íslands, sem loks varð til lykta leidd með sambandslögunum 1918.“ (Hallgrímur Hallgrímsson, 1930, bls. 289.) Reyndar vekur athygli að þarna er gert ráð fyrir að endapunkturinn sé náð með sambandslögunum og ekkert er minnst á lýðveldisstofnun. Miðri 19. öld er lýst sem hálfgerðri gullöld á Íslandi á sviðum bókmennta, stjórn mála og efnahags miðað við upphaf 19. aldar og er Jón Sigurðsson upphafinn sem leiðtogi eini sem gerði allt mögulegt. (Hallgrímur Hallgrímsson, 1930, bls. 289-290.) Sjá má einnig lýsinguna á Trampe stiftamtanni sem var sagður „hverflyndur og kjarklítill, fljótfær og algerlega ráðalaus, þegar í vanda var komið.“ (Hallgrímur Hallgrímsson, 1930, bls. 296.) Þessi frásögn hátíðarrits *Skírnis* sýnir vel stöðu Þjóðfundarins í sjálfstæðisbaráttunni þar sem markað var upphafið að því ferli sem lauk með fullveldi. Að öðru leyti er vitnað beint í Þjóðfundartíðindi svo frásagnir af atburðum fundarins eru nokkuð nákvæmar. Aftur á móti skín afstaða höfundar mjög vel í gegn. Sama afstaðan hefur verið ríkjandi í gegnum tíðina. Þ.e. að Íslendingar hafi verið að standa uppi í hárinu á yfirgangi og ofbeldistilraunum dönsku stjórnarinnar. Sú staðreynd að ekki var gripið til neinna aðgerða af hálfu Dana veikja þó verulega þessi sjónarmið. Enn fremur mætti túlkunin á öllu tímabilinu vera á þann veg að atburðirnir á Þjóðfundinum hafi verið frávik frá heildarþróun frekar en dæmigerðir fyrir hana. Það virðist þó ekki hafa samrýmst þeim hugmyndum að gera Þjóðfundinn að ákveðinni táknmynd fyrir sjálfstæðisbaráttuna.

Athygli vekur að í þeim greinum og ritum fræðimanna sem hér hefur verið vísað til að framan og fjalla um tímabil sjálfstæðisbaráttunnar er ekki að finna beina endurskoðun á þjóðfundinum sem slíkum, mikilvægi hans fyrir atburðarás stjórnarfarsbreytinga á Íslandi eða gagnrýni á upphafningu hans í söguskýringum um tímabilið. Mikil endurskoðun hefur farið fram gagnvart tímabilinu í heild sinni líkt og fram kemur hér að ofan en það virðist ekki vera sjálfgefið að slíkt hafi í för með sér endurskoðun á einstaka atburðum líkt og þjóðfundinum 1851.

Þjóðhetjan Jón Sigurðsson

Samkvæmt söguskýringum síðari tíma, og jafnvel eigin samtíma, var Jón Sigurðsson orðin þjóðhetja þegar fyrir dauða sinn. Leiðtoginn sem hægt var að fylkja sér um og þjóðardýrlingur sem lengi vel mátti ekki gagnrýna.

Af hverju náði hann þessari stöðu meðal þjóðarinnar? Í raun var hann í mjög sérstökum aðstæðum. Bæði var hann vinsæll hjá þjóðinni sökum eindreginnar afstöðu til þjóðfrelsis en var einnig á launum hjá dönskum stjórnvöldum sem leituðu oft til hans. Varðandi einstaklingsfrelsi (og skort á því á Íslandi) tók Jón yfirleitt ekki til máls. Guðmundur Hálfðanarson túlkar það þannig að Jón hafi bæði haft brýnari mál til úrlausnar að hans eigin mati og að hann vissi að málefni einstaklingsfrelsis væri mjög umdeilt á Íslandi og myndi hann fá marga á móti sér ef hann færi að vinna í því máli, með eða á móti. Jón var kænn stjórnmalamaður sem vissi yfirleitt hvað til þurfti þegar ná átti málum í gegn. Hann var þó aldrei þessi alþýðuhetja sem tendrar hugsjónir fólks með þrumandi tilfinningaþrungnum ræðuhöldum. Skrif hans eru fræðileg og vel rökstudd en varla við hæfi hins almenna borgara. Jafnframt þurfti hann aldrei að líða ofsóknir af neinu tagi og virtust skoðanir hans frekar vera í anda dönsku borgarastéttarinnar en íslensks veruleika. (Guðmundur Hálfðanarson, 2001b, bls. 92-96.)

Guðmundur setur einnig fram þá skýringu að Jón Sigurðsson hafi ekki viljað að Íslendingar fengju of mikla sjálfsstjórn of snemma. Jón setti fram kröfur sínar um skuld Dana við Íslendinga einmitt vegna þess að hann vissi að Danir myndu aldrei ganga að þeim og myndi þetta tefja málið. Hann taldi að Íslendingar gætu ekki staðið einir fjárhagslega enn um sinn og vildi því bíða með fjárhagslegan aðskilnað. (Guðmundur Hálfðanarson, 2001a, bls 7-8.)

Gunnar Karlsson viðurkennir í grein sem birtist í *Andvara*, og var að miklu leyti skrifuð sem andsvar við þessum róttæku hugmyndum Guðmundar Hálfðanarsonar um Jón Sigurðsson og hugmyndir hans og baráttumál, að greining Guðmundar á Jóni eigi vissulega rétt á sér að mörgu leyti, enda hafi ekki farið fram raunverulegt uppgjör við dýrlingsímynd hans. Vissulega orki tvímælis ýmsar skoðanir Jóns og fylgismanna hans og jafnvel beri á tvískinnungi hvað varðar annars vegar þjóðfrelsi og hins vegar frelsi einstaklingsins. (Gunnar Karlsson, 2004, bls. 102-103.) Aftur á móti telur Gunnar að Guðmundur gangi of langt í a.m.k. tveimur atriðum. Annars vegar að Jón hafi viljað tefja framvindu mála með óbilgirni og óaðgengilegum kröfum vegna þess að hann taldi Íslendinga ekki tilbúna að standa á eigin fótum fjárhagslega og hins vegar hvernig afstaða Jóns í fjárhagsmálinu var til komin. Gunnar telur að fyrri atriðið hafi einungis verið samningatækni Jóns og hann hafi verið að réttlæta

ákveðna afstöðu þegar hann telur rétt að bíða um stund. (Gunnar Karlsson, 2004, bls. 103-106).

Varðandi síðara atriðið, þ.e. að reikna skuld Danaveldis til handa Íslendingum, segir Gunnar að ástæða Jóns hafi alls ekki verið sú að hann hafi ekki viljað ná samkomulagi heldur að það hafi verið sjálfsögð krafa meðal 19. aldar Íslendinga að salan á jarðeignum biskupsstólanna yrði þeim bætt á einhvern hátt, enda hafi þar farið fjárhagsgrundvöllur embættisins um aldamótin 1800. Þetta mál var eðlilega enn í brennidepli nokkrum áratugum síðar og hlaut að koma upp þegar skilja átti að fjárhag Íslands og Danmerkur. Þetta verður enn augljósara, skv. Gunnari, þegar því er haldið til haga að Jón var ritari Steingríms Jónssonar biskups um tíma. (Gunnar Karlsson, 2004, bls. 106-107.) Þar að auki er alþekkt í samningaviðræðum að byrja með háar upphæðir sem auðveldara er að slá af í viðræðum og lækka í málamiðlunarupphæð.

d. Lýðveldisstofnunin

Annars vegar er hér fjallað um samtímaheimildir um stofnun lýðveldis á Þingvöllum 17. júní árið 1944 og opinber hátíðarrit og hins vegar álitamál sem sagnfræðingar hafa velt fyrir sér.

Samtímaheimildir um stofnun lýðveldis 1944:

- hátíðarrit þjóðhátíðarnefndar gefið út árið 1945
- ræða Bjarna Benediktssonar frá árinu 1943
- hátíðarrit frá 1994 sem dæmi um alþýðlega söguskoðun seinni tíma

Álitamál sem sagnfræðingar hafa velt upp:

- skeyti Kristjáns X. konungs til hins nýstofnaða lýðveldis
- röksemdir lögskilnaðar- og hraðskilnaðarsinna (t.d. hve Íslendingar voru samstilltir í afstöðu og hvernig viðhorf þessara hópa fengu að hljóma)
- afskipti erlendra ríkisstjórna af atburðarásinni í aðdraganda lýðveldisstofnunar
- hversu langur aðdragandi var að hugmyndinni að lýðveldi í raun

Samtímaheimildir og hátíðarrit:

Hátíðarrit þjóðhátíðarnefndar um lýðveldishátíðina kom út strax árið eftir, 1945, og var opinbert plagg yfirvalda um lýðveldisstofnunina og hátíðina sjálfa. Gísli Sveinsson skrifaði um aðdragandann á árunum 1918-1944 og var umþjóðernisþrungna söguskoðun að ræða (allt

sem miður fór var Dönum að kenna): „Sumt í þessu sambandi [Íslands og Danmerkur] mátti skaplegt heita [...] en langsamlega mest miðaði til niðurdreps þessari þjóð og þroska hennar“ (*Lýðveldishátíðin 1944*, 1945, bls. 13).

og:

„[Í]slenska þjóðin tók að rakna við af aldalöngum kúgunardoða“ (*Lýðveldishátíðin 1944*, 1945, bls. 13).

einnig:

„Hið mikla ár, 1944, rann upp með glæstum vonum Íslendinga.“ (*Lýðveldishátíðin 1944*, 1945, bls. 28).

og enn fremur:

„Hinn ógleymanlegi dagur var kominn, 17. júní 1944, - afmælisdagur Jóns Sigurðssonar.“ (*Lýðveldishátíðin 1944*, 1945, bls. 31)

Fleiri tilvitnanir væri hægt að tína til, allar í þessum anda rómantískrar þjóðernisupphafningar.

Landsnefndin fyrir undirbúning þjóðaratkvæðagreiðslu var með stöðugan áróður fyrir því að sambandslögunum væri hnekk og lýðveldi stofnað með þessum kosningum. Ekki virðist hafa verið neinn möguleiki á að einhverjum dytti í hug að kjósa „nei“: „Aldrei hefir þjóðinni verið jafn brýn nauðsyn á, að sérhver fullveðja maður, karl og kona, ungur sem gamall, leggist á eitt að gera skyldu sína til þess að hún fái endurheimt að fullu frelsi sitt og fullræði að nýju eftir margra alda þökun erlends valds, sem þjóðin hefur jafnan þráð að fá af sér hrundið.“ (*Lýðveldishátíðin 1944*, 1945, bls. 55). Þjóðernisrómantíkin var í fullum gangi og hefur lifað með þjóðinni virðist vera, bæði í huga sem riti, síðan þá. Athöfnin sjálf var vitanlega þrungin þjóðlegu stolti og táknmyndum (t.d. kirkjuklukkum hringt um allt land í tvær mínútur, einnar mínútu þögn og umferðarstöðvun) og fylgir frásögn höfundar því vel eftir. (*Lýðveldishátíðin 1944*, 1945, bls. 110.)

Bjarni Benediktsson, þáverandi borgarstjóri, hélt ræðu til varnar ákvörðuninni um að stofna skyldi lýðveldi árið 1944 á Þingvöllum sumarið 1943. Tónninn í ræðu Bjarna er slíkur að ekki verður annað ráðið en að hann sé að mæla gegn mjög ákveðnum mótbárum og andspyrnu gegn ákvörðunum um lýðveldisstofnun og einhliða riftingu sambandslaganna. Hann er að efla baráttuanda Íslendinga fyrir sjónarmiðum sambandsriftingar og talar um ákveðinn hóp sem ekki hafi viljað setja þetta mál á oddinn heldur geyma til seinni tíma og á þar væntanlega við lögskilnaðarmenn: „Þessir menn hafa ekki viljað illa, en illt verk hafa þeir engu að síður unnið.“ (Bjarni Benediktsson, 1943, bls. 7.)

„Riftingarréttur“ var talinn ótvíræður strax árið 1941 samkvæmt Bjarna og vísar hann til ályktunar Alþingis frá 17. maí 1941 sem tiltekur að réttur til fullra sambandsslita við Danmörk sé til staðar. Ekki var þó talið rétt að ganga til formlegra sambandsslita þá. Hvað olli því? Samkvæmt Bjarna var ástæðan sérstaklega sú að erlendur her var í landinu og slíkar ákvarðanir yrðu ávallt raktar til þess yfirvalds sem herflokknum stýrði. Sjónarmið Bretar voru sams konar. Þeir vildu ekki að talið yrði að sambandsslitin væru fyrir þeirra áeggjan. Geti má þess samt sem áður að Bretar viðurkenndu í raun að sambandslögin væru ekki í gildi þegar þeir sendu sendiherra til landsins strax 10. maí 1940 án allra samninga en slíkt leyfðu lögin ekki enda fór danska stjórnin með utanríkismál Íslendinga. (Bjarni Benediktsson, 1943, bls. 10-12.)

Enn fremur sýnir varnarsamningurinn við Bandaríkin að bæði Bretar og Bandaríkjamenn töldu sambandslögin ekki í gildi enda hefði annars ekki mátt gera samning við íslensku ríkisstjórnina heldur danska konunginn og utanríkisráðherrann. Þá er líka skerðing fullveldis úr sögunni vegna hernáms Breta með varnarsamningnum við Bandaríkin. (Bjarni Benediktsson, 1943, bls. 13-14.) Bjarni viðurkennir enn fremur að Bandaríkjastjórn hafi ekki viljað óþarfa flækjur í utanríkismálum tveggja bandamanna í miðri styrjöldinni og hafi því talið riftingu sambandslaganna óheppilega árið 1942, þ.e. fyrir þann tímaramma sem getið var um í samningnum sjálfum (25 ár frá 1918). Bandaríkin viðurkenndu þó fyllilega rétt Íslendinga á friðartímum. (Bjarni Benediktsson, 1943, bls. 16-18.) Æðstu menn í Washington virðast hafa reynt að halda Íslendingum ánægðum með val á bandamönnum og á sama tíma að verða ekki áróðursmeisturum þriðja ríkisins að bráð gagnvart almenningi í Danmörku – áróðursstríðið var ekki síður mikilvægt en það hernaðarlega.

Bjarni gefur lítið fyrir þær raddir sem hafa gagnrýnt þessi afskipti erlendra ríkja og segir viðurkenningu Bandaríkjanna aftur á móti vera sigur fyrir baráttu Íslendinga: „Sumir kalla þetta raunasögu. Jeg kalla það stórfelldan ávinning í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.“ (Bjarni Benediktsson, 1943, bls. 18.) Líklega er hann þar að tala um Björn Þórðarson, sem vildi að Íslendingar færu varlega í þessi mál.

Bjarni minnst á þann ágreining sem var um hvort stofna ætti yfir höfuð lýðveldi 1944 árið 1942 og fyrri part árs 1943. Sérstaklega minnst hann á „undirskriftir nokkurra góðra og gegnra borgara á síðast liðnu sumri til mótmæla því að, að sjálfstæðismálið yrði þá afgreitt“ (Bjarni Benediktsson, 1943, bls. 20) og einnig á skoðanakönnun sem tímaritið *Helgafell* stóð fyrir. Spurt var hvort stofna ætti lýðveldi á Íslandi árið 1943. Naumur meirihluta neitaði því. Þessi „undanhaldsómu“ er væntanlega ástæðan fyrir þeim mikla áróðri sem fór í gang árið 1943 og fram á árið 1944.

Alþýðublaðið fór fremst í flokki við að „hvetja til undanhalds“ að mati Bjarna. Danir höfðu gefið þau skilaboð að þeir vildu ekki afnema sambandslögin fyrr en ríkin hefðu getað ræðst formlega við á friðartímum. Alþýðublaðið mat þessi sjónarmið Dana mikils samkvæmt Bjarna og fór í raun gegn þingflokki Alþýðuflokks sem hafði samþykkt lýðveldisstofnun í seinasta lagi árið 1944. (Bjarni Benediktsson, 1943, bls. 22.)

Árið 1994 var gefið út hátíðarrit á 50 ára afmæli lýðveldisins sem tekur virkan þátt í að mynda hina „sameiginlegu minningu“ um lýðveldishátíðina og aðdraganda hennar. Tilgangurinn er ekki að gagnrýna neitt heldur minnst í rósráðum bjarna - efla þjóðarstoltið. Hafa rit sem þessi meiri áhrif á almenningsálitið heldur en rannsóknir fræðimanna á samtímaheimildum og vangaveltur þeirra um málin frá ólíkum sjónarhornum? Er hægt að bera textann saman við texta í kennslubókum og hver er þá samhljómurinn? Er ekki samt augljóst að þeir sem vilja ná athygli almennings og tala til hans vitna frekar í rit sem þessi heldur en ítarlegar rannsóknir fræðimanna (t.d. stjórnáamenn og e.t.v. fleiri)? Dæmi um þjóðernisrómantík í ritinu (sem er raunar uppfyllt af því, jafnvel sem vera ber) er t.d. myndatexti við mynd af hópi fólks á bls. 33: „Andaktugir Íslendingar á Þingvöllum.“ (Klemenz Jónsson, 1994, bls. 32-33.)

Varðandi heillaóskaskeyti konungs kom eftirfarandi fram í afmælisritinu: „Að loknum [lestri kveðja og heillaóska] kvaddi forsætisráðherra sér hljóðs og las upp heillaóskaskeyti frá Kristjáni X Danakonungi [svo]. Áköf fagnaðarlæti brutust út frá mannfjöldanum á Lögbergi og allir virtust taka þátt í ferföldu húrrahrópi fyrir konungi á eftir. Það var vissulega samstilltur kór.“ (Klemenz Jónsson, 1994, bls. 32-33.)

Álitamál sagnfræðinga

Þór Whitehead hefur rannsakað nokkuð afskipti erlendra embættismanna og erindreka á aðdraganda lýðveldisstofnunar, frá hernámi Íslands 1940 til lýðveldishátíðarinnar sjálfrar 1944.

Staða Bandaríkja og Bretlands gagnvart Danmörku er sérstaklega skoðuð. Bandaríkjamenn töldu ekki ráðlegt að styggja Dani enn frekar sökum þess að þeir höfðu þegar tekið dönsk skip í bandarískum höfnum og stofnað herstöðvar á Grænlandi að Dönnum forspurðum. Sambandsslit Íslands og Danmerkur var því talið geta nýst Þjóðverjum í áróðursskyni. (Þór Whitehead, 1973, bls. 206-7.) Eins og fram hefur komið var áróður mikilvægt vopn í stríðinu. Bandaríkjamenn vildu aftur á móti styrkja stöðu sína á Íslandi og því var lýðveldisstofnun samhliða þeirra langtíma markmiðum.

Svipað var uppi á tengingnum hjá Bretum. Þeir voru ekki beint andsnúnir sambandsslitum en vildu ekki styðja hana opinberlega vegna sambandsins við Danmörku. Mótbárur Breta í byrjun má rekja til danskra embættismanna sem reyndu að fá Breta til að nota áhrif sín til að sporna við þessum hugmyndum Íslendinga. (Þór Whitehead, 1973, bls. 235.)

Eftir lýðveldishátíðina biðu Bandaríkjamenn ekki boðanna og vildu strax fara að ræða við nýkjörinn forseta og utanríkisráðherra um framtíðaráform Bandaríkjanna á Íslandi (áður en þeir hyrfu úr embætti). Stuðningur Bandaríkjanna í lýðveldisstofnuninni er skiljanlegur í ljósi þess hver markmið þeirra voru, þ.e. að tryggja sér sem besta stöðu á Íslandi og að Ísland yrði á bandarísku áhrifasvæði. (Þór Whitehead, 1976, bls. 128-9.)

Eins og lýst er að ofan var heillaóskaskeyti Kristjáns konungs X. lesið upp eftir lýðveldisstofnun 17. júní 1944. Í riti Klemenz Jónssonar kemur fram hin opinbera frásögn, þ.e. að konungur óski Íslendingum til hamingju með áfangann og að mannfjöldinn hafi fagnað verulega við þann lestur. Aftur á móti er ljóst að skeytið var lengra en sá hluti sem lesinn var upp á hátíðarstundu 1944. Nils Svenningsen er fyrrverandi ráðuneytisstjóri í danska utanríkisráðuneytinu en þegar Þjóðverjar hernámu Danmörk fór ábyrgð stjórnarsýslunnar á hendur ráðuneytisstjóra. Skeytið frá konungi þurfti því einnig að fara í gegnum Svenningsen (sem fór með umboð utanríkisráðherra). Kristján konungur lýsti yfir vanþóknun sinni á fyrirhugaðri lýðveldisstofnuní skeyti 2. maí 1944 en Björn Þórðarson forsætisráðherra kom þá þeim skilaboðum til konungs að það myndi skipta íslensku þjóðina miklu máli ef konungur gæfi til kynna velþóknun sína eða „sæi sér fært að þýðast [...] þjóðarvilja.“ (Svenningsen, 1984, bls. 263.)

Konungur sendi því heillaóskaskeyti til Íslands þó með þeim fyrirvörum að aðdragandinn hefði mátt vera heppilegri: „Þótt mér þyki leitt, að skilnaðurinn milli mín og íslensku þjóðarinnar hefur verið framkvæmdur á meðan svo stendur á sem nú er, vil ég láta í ljósi bestu óskir mínar um framtíð íslensku þjóðarinnar og von um, að þau bönd, sem tengja Ísland við hin norrænu lönd, megi styrkjast. Christian R.“ (Svenningsen, 1984, bls. 268.) Það má leiða líkur að því að aðeins síðari hluti skeytisins hafi verið lesinn upp miðað við fögnuð mannfjöldans.

Guðmundur Hálfðanarson hefur sýnt fram á að hugmyndin um algeran aðskilnað frá Danaveldi verður alráða í stjórn málaumræðu Íslands á fyrri hluta 20. aldar frá því að vera nær óþekkt hugtak í byrjun 19. aldar. Við lýðveldisstofnun var áherslan lögð á að aldargamall draumur hafi orðið að veruleika. Íslandssagan fram að þessu hafi í raun verið langt ferðalag sem hafi endað með lýðveldinu Íslandi. Orðræðan og tilfinningaflóðið var nánast eins og guðs

útvalda þjóð, sem hafi ráfað um í eynd og myrkri í mörghundruð ár, hafi loksins fengið uppreisn æru. Þessi viðhorf þjónuðu ákveðnum pólitískum tilgangi á þessum tíma.

(Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 237.)

Þegar litið er á söguna aftur á móti er erfitt að sjá þessa baráttu fyrir þjóðfrelsi Íslendinga. Allt til loka 18. aldar sóru jafnvel þjóðernissinnuðustu Íslendingar danska konunginum hollustu sína við hvert tækifæri eins og siður var. Þar var vitanlega talað í anda þeirrar aldar – rómantískar og frjálslyndar skoðanir um sjálfsákvörðunarrétt þjóða voru enn ekki komnar til sögunnar. Upplýsingarmenn voru vissulega að reyna að bæta þjóðfélagið, en þó innan þeirrar stjórnskipunar sem til staðar var. (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 238).

Þessum rökum um aldalanga baráttu var samt beitt í aðdraganda Lýðveldisstofnunar, sérstaklega gegn rökum þeirra sem töldu Íslendingum ekki vera stætt á því að slíta sambandi við Dani á meðan þeir væru hernumdir af Þjóðverjum. Það var nokkuð stór hópur menntamanna sem stóð þar á bakvið og bentu á að í raun væri Íslendingum óheimilt að afnema sambandslögin þar sem í þeim væri gert ráð fyrir að samningaviðræður þyrftu að fara fram áður en slíkt væri hægt. Því bæri Íslendingum að bíða þar til Danir væru í stakk búnir til að standa í slíkum viðræðum (sérstaklega þegar leið á stríðið og ljóst var að einungis tímaspursmál væri hvenær öxulveldin yrðu sigruð). Þá væri hægt að binda endi á samband Íslands og Danmerkur á lagalegum og siðferðilegum grundvelli. (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 238).

Rekja má fyrstu hugmyndir um sjálfstæði eða a.m.k. fullveldi Íslendinga til um 1830 og um miðja 19. öldina var sú skoðun nokkurn veginn einráða í umræðunni. Aldrei myndaðist andstæð skoðun um nánara samband Íslands við hið frjálslyndara Danaveldi eftir afnám einveldis eða um þann möguleika að Ísland gæti átt í þannig sambandi við Danmörku. (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 238).

Mikill munur er jafnframt á viðhorfi gagnvart hugsanlegum ástæðum fyrir ástandi og eynd þjóðarinnar á hvort litið er til 18. eða 19. aldar. Á 18. öld var Íslendingum sjálfum um að kenna. Leti og aðrir lestir voru að keyra þjóðina í eynd og volæði. Um miðja 19. öld (mitt í byltingum um alla Evrópu og ferskum hugmyndum um stjórnarfar) var farið kenna óstjórn og kúgun Dana um flest það sem aflaga hafði farið á Íslandi síðustu aldirnar og hélst sú þjóðerniskennda söguskoðun í raun fram eftir allri 20. öld. (Guðmundur Hálfðanarson, 2006, bls. 241-2.)

Svanur Kristjánsson fjallar í nýlegri grein sinni um deilur hraðskilnaðar- og lögskilnaðarsinna og telur þær hafa rist dýpra en oft hefur verið gefið til kynna. Í raun hafi verið uppi mikill ágreiningur um framtíð íslenska stjórnkerfisins en ekki einungis hvernig

sambandsslitum við Danmörk skyldi háttað. Þannig heldur Svanur því fram að þeir sem aðhylltust einhliða riftingu sambandslaganna (hraðskilnaðarmenn) hafi jafnframt talað fyrir óheftu flokkaveldi í stjórnskipan nýs lýðveldis. Lögskilnaðarmenn hafi aftur á móti viljað aukna skiptingu ríkisvalds og meiri áherslu á sjálft lýðræðið með það fyrir augum að vera mótvægi við meirihlutavald stjórnarflokka á Alþingi.

Sjónarmið hraðskilnaðarmanna koma vel fram hjá Bjarna Benediktssyni hér að framan en hann var einn helsti hugmyndafræðingur þeirra samkvæmt Svani enda menntaður í stjórnsýslufræðum og átti auðvelt með að koma málstað á framfæri. Sjónarmið lögskilnaðarmanna voru aftur á móti á þann veg að til þess að stemma stigu við of miklum völdum hinna eiginlegu stjórnsmálaflokka þyrfti forseti að vera þjóðkjörinn og hafa ákveðnar stjórnarskrárbundnar heimildir. Mikilvægastar voru þær að geta rofið þing annars vegar og að geta skotið málum til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Svanur telur að lögskilnaðarmenn hafi í raun unnið sigur í stjórnarskrármálinu á meðan þeir þurftu að lútu í lægra haldi í sambandsslitamálinu. Eins og kunnugt er hafa þó þessi „öryggistæki“ stjórnarskrárinnar, ef svo má segja, gegn flokksvaldinu alla tíð verið umdeild. Hefðin hefur ráðið því að forsetinn hefur ekki þótt eiga að skipta sér af pólitík og því hafa þessi stjórnarskrárákvæði í raun ekki verið virk í áratugi þangað til á allra síðustu árum. (Svanur Kristjánsson, 2010, bls. 56-57.)

Sjónarmið hraðskilnaðarsinna hafa samkvæmt þessu markað pólitískt landslag á Íslandi frá stofnun lýðveldisins. Enda hefur það verið talinn nokkur ljóður á íslenskri stjórnskipan hversu stjórnsmálaflokkar og sérstaklega þeir sem fara með ríkisstjórn hverja stundina hafa verið ráðandi afl í gegnum tíðina og hefur verið talað um flokksræði og jafnvel ráðherræræði í því sambandi í stað lýðræðis.

e. Þorskastríðin

Endurskoðun söguskýringa varðandi þorskastríðin er nokkuð skammt á veg komin.

Augljósasta skýringin á því er hversu nálægt atburðirnir eru okkur í tíma. Önnur skýring gæti verið að ekki sé í raun vilji til að kryfja mjög ítarlega þennan hluta okkar sögu sem við höfum verið hvað stoltust af. *Þorskastríðin eru mikilvæg fyrir okkur; þau eru mikilvæg til að við áttum okkur á því að við getum allt og séum í raun ósigrandi þegar sá gállinn er á okkur; já það er eitthvað sérstakt við íslensku þjóðarsálina sem gerir okkur svona frábær.* Svona hefur umræðan um þorskastríðin hljómað oftar en ekki - hvernig smáþjóðin stóð uppi í hárinu á heimsveldinu, sjálfu breska flotaveldinu. Og vissulega er þetta frásögn sem er upplögð til að blása þjóðernisandanum í brjóst þjóðar. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hefur aftur á

móti rannsakað hin ýmsu sjónarhorn sem að fiskveiðideilunum snúa og hefur reynt að bregða gagnrýnu ljósi á atburði.

Þau atriði sem sérstaklega hafa verið könnuð eru eftirfarandi:

- var rétturinn alltaf Íslands megin (eins og yfirleitt er haldið fram af Íslendingum sjálfum)?
- aðdragandi samninga um lok deilnanna árið 1976
- voru Íslendingar einhuga og samstíga í deilunni eða voru innanlandsátök um stefnu og aðgerðir?
- höfðu Íslendingar veruleg áhrif á þróun hafréttar á seinni hluta 20. aldar?
- voru Íslendingar alltaf í „góða liðinu“ og Bretar í því „vonda“?
- hverjir sigruðu í þorskastríðunum og af hverju?

Hafréttarmál eftir lok síðari heimsstyrjaldar þróuðust stöðugt í þá átt að fiskveiðilögsaga strandríkja var stækkuð jafnt og þétt. Bretar háðu í raun vonlaust stríð gegn markmiðum alþjóðasamfélagsins um 200 mílna landhelgi en þeirra hagsmunum var best borgið með hugmyndum um „opin hafsvæði“ og mjög takmarkaða fiskveiðilögsögu enda með gríðarstóran flota. Í þriðja þorskastríðinu á 8. áratug síðustu aldar var samt orðið augljóst að innan skamms yrðu 200 mílur staðfestar um allan heim. Getur verið að íslensk innanríkis- pólítík hafi ráðið hversu fljótt var ráðist í 200 mílna útfærslu, vitandi að Bretar gætu ekki lengi staðið gegn slíku? Hve mikill er sigur Íslendinga í raun árið 1976? Var ekki sjálfhætt fyrir Breta og aðrar þjóðir að seilast eftir fiskimiðum við Ísland eftir ákvarðanir alþjóðastofnana um hafréttarmál? Eins og Guðni Th. segir: „Hefði verið beðið í einn vetur með að færa lögsöguna út í 200 mílur hefði réttur Íslendinga verið ótvíræður og Bretum reynst ómögulegt að senda herskip á miðin.“ (Guðni Th. Jóhannesson, 2006, bls. 151.)

Áframhaldandi átök í Íslandsmiðum hefðu getað haft mjög neikvæð áhrif á samstarf innan NATÓ og var orðið augljóst að Bretar gætu ekki haldið sínum sjónarmiðum til streitu: „By this stage [1976], the British policymakers had probably come to accept that in the end they would have to realize what the Icelanders were willing to give.“ Bretar gátu samt sem áður ekki gefið algjörlega eftir. Einhver málamiðlun þurfti að eiga sér stað. (Guðni Th. Jóhannesson, 2005, bls. 121-122.)

Bretar voru heldur ekki í stöðu til að streitast á móti kröfum Íslendinga árið 1960 (t.d. vegna samkomulags við Noreg og niðurstöður hafréttarráðstefnunnar í Genf). Þróun alþjóðréttar á hafi var tvímælalaust í átt að aukinni útfærslu lögsögu og gegn hinum frjálsum

hafsvæðum sem gömlu nýlenduvelðin töldu sig ráða yfir. Bretar þyrftu að ná samkomulagi í 12 mílna deilunni til að „bjarga andlitinu“. (Guðni Th. Jóhannesson, 2007, bls. 257.)

Hvað réð þó úrslitum um útkomu þorskastríðanna? Hernaðarmáttur Breta og efnahagsmáttur augljóslega ekki, enda hefðu þeir getað sökkt íslenskum varðskipum að vild nánast. Var það þá baráttuprek og einstök elja Íslendinga og íslensku sjómanna og varðskipamanna? Voru Íslendingar að bjóða heimsveldinu byrginn og brjótast undan oki nýlenduvalds með hetjudáðum? Guðni Th. ténir nokkur atriði til sem áttu þátt í að láta Íslendinga ná yfirhöndinni í deilunum: (i) Skuldbinding Íslands var mun meiri en Breta nokkru sinni. Íslendingar höfðu meiri hagsmuna að gæta. (ii) Þróun hafréttar var alltaf með Íslendingum. (iii) Á meðan Bretar notuðu ekki fallbyssur sínar höfðu Íslendingar að sumu leyti yfirhöndina í baráttu á Íslandsmiðum – sérstaklega eftir að togvíraklippurnar komu til sögunnar. Þó er það ekki ótvírætt og voru Bretar alls ekki ósáttir við framgang mála á miðunum að öllu leyti. Bresku togararnir fengu stöðugt afla þrátt fyrir íslensku varðskipin. (iv) Smæð Íslands gagnvart breska heimsveldinu (sem var reyndar mjög laskað frá því sem áður var) kom sér vel í áróðursstríði. Bretar fengu ekki mikla samúð með sínum málstað, öfugt við smáríkið Ísland, og var það óspart notað. (v) Að lokum skipti miklu máli hernaðarlegt mikilvægi staðsetningar Íslands í kalda stríðinu og ótti Breta og Bandaríkjamanna við að Sovétríkin færðu út áhrifasvæði sitt á Norður-Atlantshaf. Íslendingar notfærðu sér þannig stöðu sína sem smáríki á milli stórvelda sem gat gert gæfumuninn á hvorn veginn sem var (ekki ósvipað og lítil stjórnmálaflokkur gagnvart stórum flokkum á sitthvorum enda hins pólitíska litrófs). (Guðni Th. Jóhannesson, 2007, bls. 153-154.)

Norðmenn komu að samningaborðinu sem milliliðir Breta og Íslendinga (þar sem Íslendingar höfðu slitið stjórnmálasambandi við Bretland) þegar átti að freista að ná samningum í þriðja þorskastríðinu 1975-76. Norski sendiherrann á Íslandi, Lydvo, fundaði með Tómasi Árnasyni úr Framsóknarflokki varðandi tillögur sem Bretar gætu sætt sig við. Þetta fór allt með mikilli leynd þar sem ástandið á Íslandi var mjög eldfimt hvað varðaði einhverja samingna við Breta. (Guðni Th. Jóhannesson, 2005, bls. 122-123.) Einungis með aðkomu hlutlausa þriðja aðilans virtist möguleiki á einhverri lausn í deilunni: „the chain of exchanges must be like this: „Ólafur Jóhannesson – the MP [Tómas Árnason] – Lydvo – Frydenlund [norski utanríkisráðherra] – the British.““ (Guðni Th. Jóhannesson, 2005, bls. 124.)

Enn fremur virðist hafa verið togstreita á milli stjórnarflokkanna á Íslandi hver fékk heiðurinn af því að „leysa hnútinn“ í fiskveiðideilunum. (Guðni Th. Jóhannesson, 2005, bls. 125.) Baktjaldamakk virðist hafa verið umtalsvert, bæði til að klekkja á öðrum flokkum og til

að leyna raunverulegum farvegi máls gagnvart almenningi og væri verðugt að fjalla um slíkt í stjórnmalasögu Íslands eftir seinna stríð. Eftir að Geir Hallgrímsson og Framsóknarflokkurinn höfðu átt í deilum varðandi lausnina virtist Framsóknarflokkurinn (eða hluti hans a.m.k.) sættast á að fara „norsku leiðina“ í samningsgerð, þ.e. láta norska embættismenn miðla málum. (Guðni Th. Jóhannesson, 2005, bls. 130.)

Varðandi endalok þorskastríðanna má leiða líkur að því að hvorki áframhaldandi átök né fullnaðarsigur hefði verið Íslendingum til hagsbóta. Andúð gagnvart Bretum og NATÓ hefði vaxið enn meira á Íslandi en auk þess var Ford Bandaríkjaforseti farinn að láta kanna raunverulegt mikilvægi Íslands í hernaðarlegum skilningi. Ekki var því endalaust hægt að hótta ríkjunum í kringum Ísland að herinn yrði sendur úr landi og gengið yrði úr NATÓ. Farið var að bera á þreytu gagnvart þeirri taktík. (Guðni Th. Jóhannesson, 2005, bls. 138-139.)

Aðkoma Norðmanna (og sérstaklega Frydenlund utanríkisráðherra) virðist hafa verið lykilatriði í lausn seinasta þorskastríðsins. Bæði vegna tenginga Norðmanna og Íslendinga og sameiginlega fiskveiðihagsmuna en einnig til að vernda hernaðarlega stöðu Norðmanna í N-Atlantshafi, t.d. með því að halda sátt milli tveggja NATÓ þjóða. Það þjónaði ekki hagsmunum Norðmanna að óvissa væri um hafsvæðið í kringum Ísland í eldfimu umhverfi kalda stríðsins. (Guðni Th. Jóhannesson, 2005, bls. 138-139.)

Goðsagnir eða sameiginlegt minni er stór hluti sögu hverrar þjóðar. Íslendingar hafa t.a.m. söguöldina, sjálfstæðisbaráttuna, lýðveldisstofnunina, þorskastríðin og svo mætti lengi telja. Hver þjóð heldur upp á hetjur sínar og söguleg augnablik sem talin eru marka tímamót og eru þau yfirleitt fegruð frekar en hitt í frásögnum síðari tíma. Fiskveiðideilurnar við Breta eru gott dæmi um sögulega atburði sem vekja sterkar tilfinningar í brjóstum Íslendinga og flestir sjá í ákveðnu ljósi, þjóðernislituðu oftast en ekki.

Þegar litið er á nokkrar goðsagnir sem tengjast þorskastríðunum má sjá að þær standast ekki allar nánari skoðun þrátt fyrir að hafa verið haldið stöðugt á lofti í þjóðarsálinni.

Þróun hafréttar

Íslendingar höfðu ekki afdrifarík áhrif á þróun alþjóðlegs hafréttar á seinni hluta 20. aldar eins og margir hafa viljað halda fram. Nefna má undantekningartilvik en oftast er það þróun á alþjóðlegum vettvangi sem er forsenda atburða á Íslandi í landhelgisdeilunum. Íslendingar fylgdu frekar í kjölfar almennra strauma í þessum málum frekar en að vera brautryðjendur. Það má til dæmis sjá með því að íslenskir embættismenn unnu alltaf að séríslenskum hagsmunum á alþjóðlegum vettvangi en tóku í raun ekki þátt í neinu samstarfi um framtíð hafréttar. (Guðni Th. Jóhannesson, 2008, bls. 458-460.)

Þjóðareining

Goðsögnin um að Íslendingar hafi sýnt fádæma samhug og samheldni í þorskastríðunum, líkt og stjórnámálamönnum og öðrum verður tíðrætt um við hátíðleg tilefni, stenst ekki skoðun fullkomlega. Guðni Th. telur að „ímyndin af sameinaðri þjóð í einu og öllu [sé] goðsögn.“ (Guðni Th. Jóhannesson, 2006, bls. 151.) Íslendingar hafi tekist á innbyrðis um ýmis mál er vörðuðu fiskveiðideilurnar eins og gengur, sérstaklega um pólitíska andstæðinga. Þjóðarhagur hafi ekki endilega alltaf verið á oddinu heldur innanlandsstjórnsmál oft á tíðum.

Vitaskuld gátu Íslendingar staðið saman oftsinnis í deilunum en oft má sjá dæmi um deilur innanlands, t.d. á milli stjórnámálamanna og skipherra varðskipanna, en einnig á milli stjórnámálaflokkanna sem notuðu deilurnar óspart til að skjóta föstum skotum sín á milli. Hver flokkur vildi eigna sínum aðilum helstu sigra deilunnar. Vinstrimenn sökuðu hægrimenn um að vilja fórna hagsmunum Íslands fyrir NATÓ og samvinnu við Bandaríkin en hægrimenn sökuðu vinstrimenn um að vera gegn vestrænni samvinnu og að þeir notuðu ástandið sér í áróðursskyni. Þessari tortryggni og sundurþykkju hefur verið sópað undir teppið í sameiginlegu minni Íslendinga um þorskastríðin virðist vera. (Guðni Th. Jóhannesson, 2008, bls. 461-463.) Enn fremur er gagnlegt að skoða hvernig dagblöðin, þ.e. flokksblöðin, fluttu fréttir af atburðum og túlkuðu sínum pólitísku samstarfsmönnum í hag. Þar má finna skýr dæmi um pólitíska óeiningu í miðjum fiskveiðideilum. (Ólafur Kristinn Steinarsson og Sigrún Einarsdóttir, 2008.)

Vondir útlendingar og góðir Íslendingar

Þrjóska Breta er oft ýkt og of lítið gert úr þætti Íslendinga í átökum. Breskar freigátur voru undir ströngum fyrirmælum að nota ekki vopn sín nema í ítrustu neyð og var því árangur varðskipanna ekki einungis þeirra eigin snilli að þakka heldur einnig takmörkunum sem bresku skipherrarnir þurftu að vinna eftir. Eðlilegt hlýtur að teljast að slíki sjónarmið eigi síður upp á pallborðið enda skipherrar á íslensku varðskipunum í flokki þjóðarhetja eftir átökin við breska flotann. Reyndin var enn fremur sú að Bretar voru oft til í samningaviðræður en á Íslandi var sundrun um leiðina sem átti að fara og oft á tíðum enginn vilji til samningaviðræðna. Það má því segja að Íslendingar hafi jafnvel verið óbilgjarnari en Bretar í deilunum. Jafnframt notuðu íslenskir ráðamenn öll ráð til að sverta framgöngu Breta í sem flestum málum. (Guðni Th. Jóhannesson, 2008, bls. 463-466.) Einnig er vert að minnast á tvöfeldni Íslendinga í fiskverndunarmálum. Rök Íslendinga fyrir landhelgi voru meðal annars þau að stöðva þyrfti ofveiði togara á viðkvæmum hafsvæðum en aftur á móti hafði aldrei

verið talað fyrir slíkum sjónarmiðum þegar íslenskir togarar áttu í hlut. (Guðni Th. Jóhannesson, 2008, bls. 466-468.)

f. Niðurstöður dregnar saman

Sagnfræðingar halda því sjaldnast fram að niðurstöður þeirra séu hreinn og tær „sannleikur“, þ.e. raunsonn lýsing á fortíðinni. Því verða þær niðurstöður sem hægt er að draga saman úr yfirferðinni í þessum kafla einungis dæmi um þær samræður sem í gangi eru innan fræðanna, þær kenningar, túlkanir og skýringar sem viðkomandi fræðimenn telja trúlegar og líklegar. Jafnframt verður aldrei sagt að um fullkomlega hlutlausu útkomu sé að ræða þar sem slík afstaða er útópísk. Fræðimaðurinn tekur sér alltaf ákveðna stöðu gagnvart viðfangsefni sínu. Að því sögðu eru hér dregnar saman helstu niðurstöður úr þeim þrem þáttum sem fjallað hefur verið um.

1. Sjálfstæðisbaráttan

Sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar er tiltölulega ný af nálinni og sprettur úr jarðvegi 19. aldar. Ekki er hægt að rekja hugmyndafræði hennar né anda aftur í aldir og þaðan af síður til þjóðveldisaldar. Hún á rót í alþjóðlegum, frjálslyndum hugmyndum sem bárust um Evrópu í kringum 1830 og fann fyrir frjóan jarðveg meðal íslenskra menntamanna sem fylltust stolti yfir íslenskum menningararfi og vildu endurreisa þjóðina til þeirrar virðingar og sjálfstæðis sem þeim fannst hún eiga skilið.

- forsprakkar þjóðernissinna voru ekki hugsjónamenn gagnvart einstaklingsfrelsi hins einstaka kotbónda á Íslandi. Aldrei komu fram hugmyndir um byltingu á þjóðfélaginu sjálfu heldur voru þeir einungis að einblína á frelsi þjóðarinnar gagnvart erlendu yfirvaldi
- sjálfstæðisbaráttu Íslendinga hluti af víðtækari þróun á Norðurlöndum
- tregða Dana til að samþykkja kröfur Íslendinga stafaði af vantrú þeirra á því að íslenska þjóðin gæti staðið undir sjálfstæðu ríki
- voru dönsk yfirráð á Íslandi til gagns eða ógagns?
- Jón Sigurðsson var kænn stjórnmalamaður sem vann af samviskusemi að auknu sjálfsforræði íslensku þjóðarinnar gagnvart dönskum yfirvöldum en var jafnframt í beinum tengslum við danska embættismenn og bjó öll sín fullorðinsár í Kaupmannahöfn og getur varla talist „dæmigerður“ byltingarforingi

2. Lýðveldisstofnunin

- sjónarmið breskra og bandarískra stjórnvalda hafði mikið að segja um framgang aðdraganda Lýðveldisstofnunar vegna sambands þeirra við Dani
- heillaóskaskeyti Kristjáns X. sem lesið var upp þann 17. júní 1944 á Þingvöllum innihélt gagnrýni á aðstæður og tímasetningu sambandslita sem haldið var leyndri til að skyggja ekki á fögnuðinn
- Lýðveldisstofnunin hafði í raun stuttan aðdraganda miðað við þau ummæli sem voru viðhöfð við hátíðahöldin í kringum stofnunina; fullveldið var látið duga þangað til Danmörk var hernumið í síðari heimsstyrjöld
- mikill áróður var til staðar fyrir sjónarmiðum hraðskilnaðarsinna, þ.e. þeirra sem vildu slíta sambandi við Danmörku einhliða án sérstakra viðræðna, en stór hópur barðist fyrir þeim sjónarmiðum að Íslendingum væri hvorki stætt á því lagalega né siðferðilega að taka einhliða ákvörðun um riftingu sambandslaganna; ágreiningur þessara tveggja hópa var jafnframt djúpstæður og snerist ekki síst um framtíðarlandslag íslenskrar stjórnskipunar (flokksræði – margræði)

3. Þorskastríðin

- Íslendingar voru alls ekki alltaf einhuga um aðgerðir í þorskastríðunum; stöðugt voru deilur á milli stjórnmalaflokka og vinstri og hægri manna í stjórnmalum auk þess sem skipherrar á varðskipum höfðu oft aðrar skoðanir en þeir sem tóku ákvarðanir í landi
- deila má um hvort Íslendingar hafi alltaf haft á réttu að standa eða hvort aðgerðir landhelgisgæslu hafi alltaf verið réttlætanager – t.d. þegar togvíraklippur voru notaðar eða þegar landhelgi var aukin með einhliða ákvörðunum
- Íslendingar voru alls ekki forystusauðir í hafréttarmálum eða mörkuðu heildarstefnu þess málaflokks á alþjóðavísu – þeir fylgdu þeirri þróun sem var í gangi
- mikil flokkspólitík á Íslandi einkenndi aðdraganda samninga við Breta árið 1976 um lok átaka á Íslandsmiðum – norskir embættis- og ráðamenn gegndu lykilhlutverki í að fá menn að samningaborðinu
- deila má í raun um hverjir „unnu“ þorskastríðin – Bretar þurftu að hverfa frá Íslandsmiðum en aftur á móti sömdu Íslendingar við Breta um veiðikvóta eftir að 200 mílna landhelgi var komið á þrátt fyrir að slíkar útfærslur væru orðnar viðurkenndar

alþjóðlega; Bretar voru alltaf að berjast gegn alþjóðlegri þróun svo líta má á það þannig að það hafi verið ákveðinn sigur að halda þó út þetta lengi

V. Kennslubækur í sögu fyrir framhaldsskólanemendur

Fyrsta kennslubókin í sögu sem kom út sérstaklega fyrir framhaldsskóla var bók Heimis Þorleifssonar, *Frá einveldi til lýðveldis*, sem kom út árið 1973. Hún var nokkuð langlíf eins og gjarnan er um slík tímamótaverk en síðan þá má segja að þrjár kennslubækur hafi leyst hana af hólmi, hver á fætur annari. Árið 1988 kom út kennslubók í Íslandssögu eftir Gunnar Karlsson og Braga Guðmundsson sem nefnist *Uppruni nútímans*. Hún átti eftir að duga nokkuð lengi enda yfirgripsmikil í efnistöku. Eftir breytingar á námskrám árið 1999 var þó þörf á uppfærðum kennslubókum sökum aukinnar samþættingu Íslands- og mannkynssögu. Árið 2001 kom út *Íslands- og mannkynssaga NBI og NBII* eftir Gunnar Þór Bjarnason og Margréti Gunnarsdóttur nefndar eftir forlagi sínu, Nýja bókafélaginu. Sú síðarnefnda ber undirtitilinn *Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000* og er því höfð til athugunar hér enda eru þar til umfjöllunar þeir þrír þættir sem notaðir eru sem dæmi, sjálfstæðisbaráttan, lýðveldisstofnunin og þorskastríðin. Fjórða kennslubókin er svo bók Gunnars Karlssonar og Sigurðar Ragnarssonar, *Nýir tímar*, sem kom út árið 2006 og er að sumu leyti endurtekning á bók Braga og Gunnars, a.m.k. þar sem fjallað er um Íslandssöguna með breytingum þó. *Nýir tímar* fylgja þó hinni nýju hugmynd um að Íslandssaga og mannkynssaga skuli ofin saman í eina heild.

Efnisatriðin sem athuguð eru tengjast fullveldi og sjálfstæði Íslands og þjóðernis-hugmyndum: Sjálfstæðisbaráttan á 19. öld, lýðveldisstofnunin og aðdragandi hennar 1940-1944 og fiskveiðideilur Íslendinga við Breta á þriðja fjórðungi 20. aldar.

a. Almenn umfjöllun

Heimir Þorleifsson. (1973). *Frá einveldi til lýðveldis*. Reykjavík.

Efnistöku: Byrjað er á kafla sem heitir „Sjálfstæðisbarátta 19. aldar“ og svo fylgir á eftir kafla sem heitir „Almenn mál 19. aldar“. Sjálfstæðissagan fær sitt sér pláss – ekki er fjallað um hana samhliða öðrum þáttum þjóðfélagsins. Þar á eftir kemur kafla sem heitir „Heimastjórnartímabil“. Svo kemur almenn umfjöllun um árin milli stríða og þar á eftir kafla um síðari heimsstyrjöld og lýðveldisstofnun. Stjórnmalasagan/sjálfstæðissagan fær sinn rauða þráð í gegnum kennslubókina í tímaröð – frá upphafi sjálfstæðisbaráttu til lýðveldis 1944.

Bragi Guðmundsson & Gunnar Karlsson. (1988). *Uppruni nútímans. Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830. Reykjavík.*

Síðasti hluti bókartitils, „eftir 1830“, gefur til kynna að þá hefjist tímabil sem er nokkuð merkilegt, s.s. þar markast upphaf sjálfstæðisbaráttu. Einnig gefa orðin „Uppruni nútímans“ til kynna að árið 1830 sé upphaf þess tímabils sem við getum kallað nútíma og þá orsakar væntanlega atburðarásin sem byrjar þá að þessi nútími verður til.

Í formála segir: „Við ætlumst til að hér sé að finna flest það sem ungu fólki *er brýnast að vita um fortíð þjóðar sinnar, síðan hún hóf sókn til stjórnfrelsis, lýðræðis og velmegunar.*“ (bls. 7, skáletrun hér). Þessi texti gefur til kynna að höfundar hafi valið úr það sem þeir telja að nemendur þurfi að vita og þá sérstaklega með skírskotun til stjórn málaþróunar. Þ.e. hér er sögð hin „æskilega“ saga.

Í lok hvers kafla er útlistað frekara lesefni fyrir nemendur. Höfundar hafa e.t.v. viljað láta fleiri sjónarmið njóta sín en þau sem koma fram í kennslubókinni en þar með stuðla þeir að mismunandi túlkunum á sögunni.

Kaflaskiptingin sýnir þó hvaða sýn höfundar hafa á mikilvægi sögulegra atburða:

Fyrsti kaflinn heitir „Þjóðfélag 19. aldar“ og er þar um að ræða almenna (t.d. landbúnaður) og sértæka (t.d. uppreisn í skóla) umfjöllun um íslenskt þjóðfélag og íslenska menningu á 19. öld. Annar kaflinn heitir aftur á móti „Sjálfstæðisbarátta og lýðræðisþróun“ en þar fær stjórn málasagan að njóta sín í stað þess að hún sé sögð samhliða almennri 19. aldar þjóðfélagsþróun og gerð grein fyrir samspili þar á milli. Slík efnistöð eru gegnumgangandi, þ.e. stjórn málasagan er sérstök frásögn. Sama er að segja um atburði 20. aldar – um lýðveldisstofnun og þorskastríð t.a.m. er fjallað í sérstökum köflum.

Gunnar Þór Bjarnason & Margrét Gunnarsdóttir. (2001). *Íslands- og mannkynssaga NBII. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000. Reykjavík.*

Hér er um að ræða samþættaða frásögn mannkynssögu og sögu Íslands líkt og námskrár frá 1999 segja til um. Reynt er að skipta ört um sjónarhorn á milli alþjóðlegs (evrópsks í raun) og íslensks sögusviðs.

Efnistöð (kaflaskipting): Sérkaflar um almennt líf á þessum tímum (t.d. „Íslenskt samfélag á 19. öld og „Iðnbylting og borgarlíf“). Þar á milli eru kaflar um stjórn málaþróun í Evrópu og á Íslandi (t.d. „Þjóðerni, ríkismyndun og sjálfstæðisbarátta“). Stjórn málaumfjöllun er ekki höfð samhliða öðrum þjóðfélagsþáttum. Því verður erfitt að greina orsakamynstur á milli breytinga í stjórn málaþróun og annarra þátta þjóðfélagsins.

Gunnar Karlsson & Sigurður Ragnarsson. (2006). *Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árhúsundamóta*. Reykjavík.

Efnistökur eru sömu og áður hvað íslenska 19. öld varðar. Stjórnmalasagan og frásögn af Þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga fær mikið pláss - Þjóðernishyggja og rómantík leiða til Jóns Sigurðssonar, endurreisnar Alþingis og einveldisloka. Svo kemur umfjöllun um Þjóðfundinn og stjórnmalastöðu Íslands innan hins nýja danska ríkis og um þá þróun sem þar verður. Þó er skotið inn í umfjöllun um valdahlutföll á Íslandi og stöðu almennings gagnvart stjórnkerfinu. Reynt að samþætta umfjöllun um Ísland og umheiminn (vestræna heiminn þ.e.) en er þó nokkuð afmörkuð að því leyti að nokkuð skýr skil eru á milli umfjöllunar um Ísland annars vegar og umheiminn hins vegar svo að í raun er ekki um mikla samþættingu að ræða í raun þó efnisuppröðun bendi til þess.

b. Sjálfstæðisbaráttan

Heimur:

Höfundur tengir sjálfstæðisbaráttuna við þróunina í Danmörku og byltingar í Evrópu – hugmyndir um stéttaping í Danmörku og á Íslandi. Efnistökur eru hefðbundin - Baldvin og Ármann á Alþingi, Þjóðernisbarátta Fjölnismanna og endurreisn Alþingis. Jón Sigurðsson fær sér ævisöguumfjöllun í ramma (bls. 11). Fjallað er um áhrif endaloka einveldis í Danmörku og atburðarásina sem leiddi til Þjóðfundar. Engin gagnrýnin umfjöllun er um efnið – aðeins er sagt frá atburðarásinni og staðreyndum hennar.

Hvernig er umfjöllunin um Þjóðfundinn? Varðandi lok fundarins er vitnað í orð Jóns Sigurðssonar: „Og ég mótmæli í nafni konungs ...“. Tekið er fram að flestir fundarmenn hafi tekið undir en ekki allir þó. (bls. 15). Minnst er á danska herflokkinn sem var sendur hingað „í ljósi þeirrar ólgu, sem verið hefði í landinu“ (bls. 15) oger gefið í skyn að Íslendingar hafi verið kúgaðir með hervaldi: „Einnig voru kvaddir til sjóliðar [...] og höfðu þeir í frammi vopnaskak nokkurt.“ (bls. 15). Samt sem áður er tekið fram að Trampe konungsfulltrúihafði fullan rétt á að slíta fundinum líkt og hann gerði: „Honum mun og hafa verið fengið fullt vald til þess að slíta fundinum, enda neytti hann þess nú.“ (bls. 15). Kaflinn snýst annars um samfellda atburðarás sjálfstæðisbaráttunnar með klassískum póstum: Þjóðfundur, stöðulög, fjárhagsmálið, stjórnarskrá, valtýska. Umfjöllunin er nokkuð hlutlaus á heildina litið varðandi sjónarmið Íslendinga og Dana.

Bragi og Gunnar:

Mikilvægi sjálfstæðisbaráttunnar fyrir íslenskt stjórnarfar er talið augljóst:

„Sjálfstæðisbaráttan var nauðsynlegur hluti lýðræðisþróunar.“ (bls. 103).

Fjallað er um upphaf lýðræðishugmynda frá 18. öld (bandaríska og franska byltingin) og byltingar í Evrópu á 19. öld. Jafnframt um útbreiðslu þeirra hugmynda til Danmerkur og þar næst til Íslands. Breytingar á viðhorfum á Íslandi eru tengdar við alþjóðlegar hugmyndir í þessu sambandi.

Almennt ber ekki mikið á viðhorfum varðandi sérstöðu Íslands en þó slæðast inn frávik: „Fornfræg saga Íslendinga hefur líklega valdið mestu um að málið tók aðra stefnu [hvort Ísland yrði hluti dönsku eyjanna í framtíðinni og danska yrði þjóðtunga Íslendinga].“ (bls. 105.)

Helst er hægt að greina þjóðernislegt yfirbragð í formi efnistaka sem eru hin klassísku efnistöð þjóðernisbaráttu: Ármann á Alþingi og Fjölnir; endurreisn Alþingis; Jón Sigurðsson og þjóðfundur; stöðulögin og stjórnarskrá; heimastjórn. Umfjöllunin er samfelld frásögn staðreynda. Hún er þó hlutlaus og reynt er að tengja málefni Íslands sem mest við atburðarás í Danmörku og víðar í Evrópu. Þó er ekki um samþættaða umfjöllun að ræða heldur er Ísland alltaf í aðalhlutverki.

Í umfjöllun um þjóðfundinn er bæði vitnað til þeirra þjóðfundarmanna sem studdu tillögur um frekari aðskilnað Íslands og Danmerkur en einnig til Trampe, fulltrúa konungs, (bls. 122-123) og þannig haldið til haga sjónarmiðum beggja aðila. Dregin er í efa sú saga að herflokkur Dana hafi fengið skipun um að skjóta þrjá þjóðfundarmenn. Hið tilfinningaþrungna „Vér mótmælum allir“ er áberandi samt sem áður. Jafnframt er fullyrt að „sjálfstæðishreyfingin naut þegar um miðja 19. öld nær einróma fylgis þeirra sem létu stjórnarmál taka til sín á Íslandi“. (bls. 123).

Það er vel gert grein fyrir sjónarmiðum Dana og þeim atburðum sem áttu þátt í að hafa áhrif á ákvarðanir þeirra. (sjá kafla 15. Sjónarmið Dana.) Ástæðan fyrir því að Danir fóru að einhverju leyti eftir kröfum Íslendinga er sögð vera fornmenning Íslands. Sérstaða Íslands er enn fremur tíunduð - Ísland hafði eitthvað sérstakt sem þótti eftirsóknarvert: „[M]argir Danir [fóru] að líta á Ísland sem verðmætan forngrip í veldi Danakonungs.“ (bls. 129.)

Gunnar Þór og Margrét:

Jón Sigurðsson er í forgrunni í umfjöllun um sjálfstæðisbaráttuna – einstaklingurinn umfram heildarþróun: „[H]eimili [Jóns og Ingibjargar] varð miðstöð sjálfstæðisbaráttunnar næstu áratugin.“ (bls. 52.) Mikilvægi Jóns í frásögninni sést greinilega því mynd af honum er á

kápu bókarinnar. Upphaf þjóðfrelsisbaráttu er tengd afnámi einveldis í Evrópu almennt og Danmörku sérstaklega og stjórnámálabyltingum 19. aldar í Evrópu.

Þjóðfundur: Fundarslitum lýst á dramatískan hátt („Vér mótmælum allir“ á sínum stað). Sagan um að handtaka/skjóta ætti þrjá foringja íslensku þjóðfundarmanna fylgir með. Vitnað er þó bæði í Jón Sigurðsson og Trampe fulltrúa konungs og er gætt hlutleysis þar. Minnst er á herlið sem fylgdi stjórnarskrárfrumvarpi danskra stjórnvalda. Hér er augljóslega haldið á lofti minninu um dramatískar mótbárur Íslendinga á fundinum. (bls. 54-5).

Sjálfstæðisbaráttu á síðari hluta 19. aldar lýst á hlutlausan hátt: „[Stöðulögin] sem slík, að undanskilinni fyrstu greininni, voru þó að ýmsu leyti góð frá sjónarhóli Íslendinga.“ (bls. 104).

Gunnar og Sigurður:

Sérkenni Íslendinga eru tiltekin: „Sjálfsagt hefur stolt Íslendinga af tungumáli sínu og fornum bókmenntum valdið mestu um [að Ísland varð ekki talin sem dönsk eyja í framtíðinni].“ (bls. 77). Hefðbundin efnistökin – Baldvin Einarsson, Fjölismenn og Jón Sigurðsson í brennidepli.

Í umfjöllun um þjóðfundinn er bæði talað um sjónarmið Íslendinga og Dana - vitnað til þjóðfundarmanna og Trampe fulltrúakonungs. (bls. 89-90). Að öðru leyti er tónninn í textanum og efnistökin í heild sinni svipuð og í bók Braga og Gunnars.

c. Lýðveldisstofnun

Heimir:

Æviágrip Sveins Björnssonar er sett upp í ramma og dregur athygli að upphafningu einstakra manna. Umfjöllun um aðdraganda lýðveldisstofnunar ernokkuð hlutlaus. Lögskilnaðarmenn eru sagðir vera nokkuð fjölmennir en þó eiga undir högg að sækja. T.d. er ýjað að því að sjónarmið þeirra hafi ekki mátt birtast opinberlega: „[E]nda töldu [lögskilnaðarmenn] sér óhægt að koma sjónarmiðum sínum að í dagblöðum.“ (bls. 113). Minnst er á að margir þjóðþekktir einstaklingar hafi verið meðal lögskilnaðarmanna og að þeir hafi sérstaklega verið í Alþýðuflokknum. Ekki er þó farið nánar út í þessi atriði, hvorki hvernig sjónarmiðum hraðskilnaðarmanna var frekar haldið á loft í almennri umræðu (t.d. fjölmiðlum) né af hverju Alþýðuflokkurinn studdi frekar lögskilnað.

Sjálf lýðveldisstofnunin fær tiltölulega hlutlausu umfjöllun en þó alls ekki gagnrýna. T.a.m. er ekki talað um að aðeins hafi verið lesinn síðari hluti skeytis Kristjáns konungs X. (bls. 114).

Bragi og Gunnar:

Skýrt er frá mismunandi sjónarmiðum Íslendinga í aðskilnaði við Danmörku (lögskilnaðarmenn og hraðskilnaðarmenn; t.d. sagt frá því að Sigurður Nordal og Tómas Guðmundsson hefðu viljað bíða til stríðsloka með aðskilnað frá Dönum, aðallega af drengskaparástæðum, bls. 259). Samt sem áður ber á tilfinningaþrungu: „Frelsisbarátta Íslendinga var á enda.“ (bls. 262.) Engin gagnrýni kemur fram á atburðarás lýðveldistökunnar á tímabilinu 1940-1944. Aðeins er greint frá atburðarásinni eins og hún kemur fyrir sjónir utan frá. Ekki er kafað ofan í deilur hraðskilnaðarsinna og lögskilnaðarsinna eða aðgerðir til að hefta eða ýta undir ákveðinn málstað. Enn fremur er ekki tekið fram að aðeins síðari hluti skeytis Kristjáns X. var lesinn upp við lýðveldistöku.

Gunnar Þór og Margrét:

Umfjöllunin er frekar á hundavaði. Minnst á hraðskilnaðarmenn og lögskilnaðarmenn en ekki tíundaðar neinar umtalsverðar deilur þar á milli utan þeirra augljósu. Engin gagnrýnin umfjöllun á ferðinni, einungis fjallað um beinar staðreyndir og sagt frá atburðarás - einfaldar útskýringar og fálegar. Gefið til kynna að Íslendingar hafi flestir viljað hraðskilnað frá upphafi, þ.e. flestir hafi verið á einu máli um sambandsslitin: „Þessir menn nefndust *lögskilnaðarmenn* og voru tiltölulega fáir.“ (bls. 210, skáletrun upprunaleg). Hvorki er minnst á neinar deilur í þjóðfélaginu varðandi gagnstæð sjónarmið í málefnum sambandsslita né skeyti konungs.

Gunnar og Sigurður:

Höfundar greina frá á gagnrýnin hátt hvernig sjónarmið lögskilnaðarmanna og hraðskilnaðarmanna voru, t.d. af hverju Alþýðuflokksmenn voru lögskilnaðarmenn (tenging við sósíaldemókrata í Danmörku). Nokkuð ber á gagnrýni í umfjöllun um lýðveldisstofnun: „Íslenska lýðveldið var sannarlega stofnað í skjóli bandaríska stórveldisins.“ (bls. 262, spássía). Þó er orðræðan nokkuð tilfinningaþrungin: „Frelsisbarátta þjóðarinnar var talin vera á enda.“ (bls. 261).

d. Fiskveiðideilur (þorskastríð)

Heimir:

Stefna Breta í fiskveiðideilunum við Íslendinga er sögð hluti af nýlendustefnu: „...en sá angi nýlendustefnunnar að vilja nýta fjarlæg fiskimið reyndist furðulífseigur.“ (bls. 143). Afstaða er tekin eindregið gegn Bretum: „Allar þjóðir nema Bretar viðurkenndu í raun útfærsluna í 4 mílur, en þeir mótmæltu harðlega, og útgerðarmenn lokuðu fiskmörkuðum í Hull og Grimsby fyrir íslenskum fiski.“ (bls. 143-4). Íslendingar eru sagðir hafa haft betur í deilunni („unnið hana“): „Bretar [urðu] að semja við Íslendinga [...] og hætta vonlausu þorskastríði.“ (bls. 146).

Bragi og Gunnar:

Nokkuð hlutlaus umfjöllun um rétt þjóða til að ákvarða landhelgi sína, þ.e. ekki eru ein sjónarmið talin réttari en önnur: „Íslendingar færðu mörkin því út einhliða í heimildarleysi og réttlættu það með lífsnauðsyn þjóðarinnar. Þjóðir sem sóttu á Íslandsmið héldu fram annarri skoðun og þóttust eiga hefðbundinn rétt til veiða þar.“ (bls. 333.) Málalok árið 1976 eru aftur á móti túlkuð sem sigur Íslendinga, án þess að rýna meira í það (bls. 334). Þjóðernislegur tónn á stöku stað þrátt fyrir nokkuð hlutleysislega umfjöllun alla jafna: „Þá fengu Íslendingar fullveldi yfir fiskimiðum sínum, 58 árum eftir að þeir höfðu öðlast fullveldi yfir landinu.“ (bls. 334.)

Gunnar Þór og Margrét:

Umfjöllun nokkuð hlutlaus: „[Útfærslan] kom líka illa niður á íbúum í fiskveiðibæjum eins og Hull og Grimsby.“ (bls. 246). Ekkert mat er lagt á aðgerðir Breta (löndunarbann og herskipavernd) eða Íslendinga (einhliða útfærslur, slit á stjórn málasambandi, hótanir um NATO-úrsoðgn). Sérstaklega er ekki minnst á að Íslendingar notfærðu sér kalda stríðið og Rússagrýluna innan NATO til að ná fram markmiðum sínum. Endalok fiskveiðideilna er túlkuð Íslendingum í hag: „Þorskastríðunum lauk með sigri Íslendinga sem nú höfðu full yfirráð yfir miðunum við landið.“ (bls. 246). Engin gagnrýni kemur t.d. fram á notkun togvíraklippanna, bæði hvað varðar réttmæti þeirra en einnig öryggi togaranna sem klippt var hjá og áhafna þeirra.

Gunnar og Sigurður:

Gildishlaðið kaflaheiti: „Sjálfstæðisbarátta á Íslandsmiðum“ (bls. 284). Samningurinn 1976 er kallaður „uppgjafasamningur Breta“ (bls. 288). Ekkert er talað um stöðu Íslands innan NATO og hernaðarstöðu í köldu stríði og hvernig hún var notuð til að koma málum og sjónarmiðum áleiðis. Enn fremur er ekkert fjallað um ótta bandarískra yfirvalda og NATO við aukin áhrif Sovétríkjanna á Íslandi. Í raun kemur hvergi fram að utanaðkomandi ástæður hefðu haft einhver áhrif á að Íslendingar fengu framgengt sínum stefnumálum (fyrir utan útfærslu í 200 mílur, þá er sagt að almenna reglan væri að færast í þá átt að ríki hefðu 200 mílna landhelgi).

e. Kennslubækur á þjóðernislegum mælikvarða

(i) Er rætt út frá sjónarmiðinu „við“ og „hinir“?

Er gert út á séreinkenni Íslendinga og sérstöðu Íslands?

Er gert út á „baráttu“ gagnvart útlendingum?

-fyrir fullveldi/sjálfstæði

-gegn erlendum áhrifum

Heimir:

Þetta á sérstaklega við um þorskastríðin þar sem fram kemur að deilurnar hafi verið barátta gegn erlendu nýlenduveldi. Annars ber lítið sem ekkert á þessu atriði þegar fjallað er um hina eiginlegu sjálfstæðisbaráttu.

Bragi og Gunnar:

Minnst er á sérstöðu Íslands og íslenskrar menningar varðandi afstöðu Dana til Íslands - „Verðmætur forngripur í Danaveldi“. Gert er þar ráð fyrir að saga Íslands og menningararfur hafi töluverða sérstöðu og því sé samband Íslands og Danmerkur af öðrum toga en samband Danmerkur við aðrar eyjar í Danaveldi.

Gunnar Þór og Margrét:

Engin sérstaða Íslendinga er tíunduð eða sérstök barátta þeirra gegn erlendum yfirráðum.

Gunnar og Sigurður:

Séreinkenni Íslands eru tiltekin á svipaðan hátt og í bók Gunnars og Braga enda skal hafa í huga að Íslandssögulutinn í *Nýjum tímum* er að mörgu leyti endurómur úr *Uppruna nútímans* – glæst fornmenning skipti sköpum þegar kom að stöðu Íslands gagnvart Danmörku. Einnig er talað um baráttu Íslands gegn Bretum fyrir sjálfstæði á Íslandsmiðum.

(ii) Er reynt að skapa sögulega þróun sem á sér upphaf við landnám og lokamarkmið með fullveldi og sjálfstæði Íslendinga?

Er vísað til tímabilsins fyrir 1262-64 sem „gullaldar“ íslenskrar sögu?

Er reynt að endurspegla sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld í miðaldasögu Íslands?

Er reynt að tengja saman atburði í aðdraganda undirritun Gamla sáttmála og baráttu þjóðernissinna á 19. öld?

Eru sjálfstæði og hagsæld talin fylgjast að og jafnvel að hið fyrra leiði til hins síðara?

Heimir:

Engar skírskotanir eru til þjóðveldisaldar varðandi sjálfstæðisbaráttu á 19. og 20. öld. Ofangreind atriði koma ekki fram hjá Heimi.

Bragi og Gunnar:

Tilvitnunin „... sókn til *stjórnfrelsis, lýðræðis og velmegunar*“ gefur til kynna að höfundar telji að tenging sé á milli frelsi þjóðar og efnahagslegrar hagsældar (og jafnvel félagslegrar líka). Talsvert er vísað í forna menningu Íslands án þess að beint sé talað um að sjálfstæðisbaráttan sé framhald af endalokum þjóðveldisins þó vissulega sé talsvert fjallað um rök Jóns Sigurðssonar og tilvísanir hans til gamla sáttmála. Einnig er talað um í tengslum við lýðveldishátíðina að Íslendingar hefðu loks fengið frelsi. Enn fremur má segja að titill bókarinnar vísi til þróunar.

Gunnar Þór og Margrét:

Engar vísanir eru til þjóðveldisaldar eða sögulegrar þróunar þjóðfrelsis Íslendinga.

Gunnar og Sigurður:

Ekki er sérstaklega skírskotað til þjóðveldisaldar í sambandi við þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga á 19. öld. Þó talsvert vísað í fornmenningu Íslands – ekki tengt saman þjóðveldið og sjálfstæðisbaráttan beint.

(iii) Hversu mikið rými fá atriði sem tengjast sjálfstæðisbaráttunni á einhvern hátt?

Fær sjálfstæðisbaráttan t.d. hlutfallslega meira rými í umfjöllun en annað efni?

Til að greina raunverulegt rými sem þessi atriði fá í hverri kennslubók var athugað hlutfall blaðsíðna sem fjalla um sjálfstæðisbaráttuna eða þætti tengda henni gagnvart heildarfjölda síðna í hverri bók. Þar á meðal má nefna umfjöllun um heimastjórn, fullveldi og lýðveldisstofnun. Ekki er talin með umfjöllun um stjórn málaflókka eða stjórn málaþróun þess utan þar sem það myndi falla undir almenna stjórn málasögu en ekki beint undir sögu sjálfstæðisbaráttunnar.

Heimir:

Sjálfstæðisbaráttan er í raun lykilatriði í sögu Íslands í bók Heimis (sjá t.d. kaflaheiti: „Sjálfstæðisbarátta 19. aldar“ og „Heimastjórnartímabil“). Í formála segir höfundur beint að tilgangurinn sé að verulegu leyti að segja stjórn málasögu 19. og 20. aldar og vekja athygli á henni í stað miðaldasögunnar sem hafði verið ríkjandi að hans sögn.

Annar kaflinn í bókinni heitir „Sjálfstæðisbarátta 19. aldar“ og telur 44 síður. Kaflinn er þó fyrstur eiginlegra kafla þar sem fyrsti kafli er inngangur. Í kafla 4 um heimastjórnartímabilið er ekki eingöngu fjallað um heimastjórnina sem slíka heldur einnig um atvinnulíf o.þ.h. Þar geta 42 síður talist tengjast sjálfstæðisbaráttu. 11 síður fara í umfjöllun um lýðveldisstofnun og 8 í fiskveiðideilur. Samtals gera það 105 síður af 306 sem fara a.m.k. í sjálfstæðisumfjöllun. Það þýðir að u.þ.b. þriðjungur efnis kennslubókarinnar er bein frásögn af sjálfstæðisbaráttu.

Bragi og Gunnar:

Efnistökin eru þannig að efninu er skipt niður í stjórn málasögu og almenna umfjöllun um þjóðlíf, kaflaheitið „Sjálfstæðisbarátta og lýðræðisþróun“ er lýsandi fyrir það. Fyrsti kaflinn er um þjóðfélag 19. aldar en allur annar kaflinn fjallar um sjálfstæðisbaráttuna. Hann telur 85 síður. Þriðji kaflinn er um þjóðfélag á fyrri hluta 20. aldar en sá fjórði um ýmis mál eftir 1940

og blandast þar saman umfjöllun um stjórnómál, atvinnulíf og almenn þjóðmál.

Lýðveldisumfjöllun nær yfir 10 síður þar og landhelgismál 9. Samtals gera það 104 síður af 336 sem fara a.m.k. í sjálfstæðisumfjöllun og er það tæplega þriðjungur eða rúm 30%.

Gunnar Þór og Margrét:

Stjórnómálasaga Íslands er sögð samhliða þróun stjórnómála í Evrópu og eru þeir kaflar aðskildir frá umfjöllun um aðra þætti sögunnar. Sjálfstæðisbaráttan er í forgrunni þegar fjallað er um stjórnómálasögu 19. aldar, þ.e. hin hefðbundna frásögn sjálfstæðisbaráttunnar er á sínum stað en fær e.t.v. minna pláss en í hinum kennslubókunum sökum samþættingar við mannkynssögu. Erfitt er að greina með nokkurri nákvæmni hlutfall umfjöllunar um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga sökum þess og er skipt nokkuð títt um sjónarhorn frá Evrópu til Íslands og til baka. Dæmi um það er t.d. á síðu 41 þar sem skiptir frá kvæðum Jónasar Hallgrímssonar yfir til frelsisstríðs Grikkja. Þegar allt er talið eru um 27 síður af 295 sem fjalla á einn eða annan hátt um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga eða um 9%.

Gunnar og Sigurður:

Sjálfstæðisbaráttan virðist vera miðpunktur þessa tímabils í sögu Íslands hjá Gunnari (en hann á Íslandssöguhlutann) að miklu leyti og sérstaklega á 19. öld. Það stafar e.t.v. af því að Íslandssagan og mannkynssagan eru aðskilin fram að fyrri heimsstyrjöld svo 19. aldar sjálfstæðisbaráttu Íslendinga getur staðið nokkuð sér á báti án truflunar frá samþættingarmarkmiðum. Þessa gætir síður þegar fjallað er um atburði erlendis og á Íslandi samhliða. Fyrstu tveir kaflarnir skiptast í mannkynssögu og Íslandssögu en hinir þrír eru samtvinnaðir. Fyrsti kafliinn er um mannkynssögu frá upphafi 19. aldar að fyrri heimsstyrjöld. Annar kafliinn um sama tímabil á Íslandi. Þar má finna um 47 síður um sjálfstæðisbaráttuna fram til fullveldis. 4 síður má finna um lýðveldisstofnun og 5 síður um fiskveiðideilur. Samtals eru þá um 56 síður af 327 tileinkaðar eiginlegri sjálfstæðisbaráttu eða um 17%. Athygli vekur að það er nálægt því helmingi minna pláss sem umfjöllun um þessa þætti fær miðað við bók Gunnars og Braga (30%).

(iv) Er orða- og hugtakanotkun gildishlaðin?

T.d. í kaflaheitum og fyrirsögnum?

Er fremur talað um þjóðveldi en t.d. miðaldir eða goðaveldi?

Heimir:

Notkun á orðasamböndum og hugtökum er yfirleitt ekki gildishlaðin hjá Heimi. Undantekning er í umfjöllun um þorskastríðin en þar er talað um nýlendustefnu Breta.

Bragi og Gunnar:

Titillinn einn og sér (*Uppruni nútímans og ...eftir 1830*) gefur til kynna að tímamörkin sem marka upphaf bókarinnar sé byrjunin á þróun sem endar með einhverju sem kallast nútími.

Gunnar Þór og Margrét:

Umfjöllun og frásagnir eru að öllu jöfnu lausar við gildishlaðin hugtök en þó ber að gæta að framan á kápu bókarinnar er stór mynd af Jóni Sigurðssyni sem gefur til kynna mikilvægi hans fyrir tímabilið í hugum höfunda.

Gunnar og Sigurður:

„Sjálfstæðisbarátta á Íslandsmiðum“ er kaflaheitið fyrir umfjöllun um þorskastríðin og verður að teljast afar gildishlaðið orðaval. Að öðru leyti er ekki um slíkt að ræða í texta bókarinnar.

Almennt fylgjast kennslubækurnar að hvað þetta atriði varðar að aðeins eru notuð gildishlaðin orðasambönd eða hugtök í einstaka undantekningartilfellum. Vitaskuld stingur það enn frekar í augun þegar slíkt kemur fyrir en samt sem áður er ekki hægt að telja texta neinna bókanna hafa að geyma gildishlaðin orðasambönd eða hugtök að neinu marki.

(v) Hversu algengt er að skoða sögulega viðburði, einstaklinga eða þróun í ljósi sjálfstæðis og þjóðernis, gagnrýnislítið?

Eru slíkir þættir "próblematíseraðir", t.d. hvort lýðveldisstofnunin var réttmæt

1944 eða hvort Íslendingar hafi brotið alþjóðalög með útfærslu

fiskveiðilögsögu sinnar?

Fá mismunandi túlkanir á sögulegum atburðum að njóta sín eða er sögð ákveðin ein „rétt“ saga?

Eru ákveðnir atburðir og einstaklingar sjálfstæðisbaráttunnar upphafnir eða settir á stall – hafnir yfir gagnrýni?

Heimir:

Sjálfstæði og þjóðerni eru vitanlega áberandi atriði í umfjöllun um sjálfstæðisbaráttuna en einnig þegar talað er um nýlendustefnu Breta í þorskastríðunum. Einstaklingar eru upphafnir

(sjá t.d. ævisöguágrip í ramma um merka einstaklinga að mati höfundar, Jón Sigurðsson og Sveinn Björnsson m.a.). Umfjöllunin er í frásagnarstíl, þ.e. sögð er saga staðreynda en ekki mismunandi túlkana.

Bragi og Gunnar:

„Við ætlumst að hér sé að finna flest það sem ungu fólki *er brýnast að* vita um fortíð þjóðar sinnar, síðan hún hóf sókn til *stjórnfrelsis, lýðræðis og velmegunar*.“ Þessi tilvitnun gefur til kynna að efni bókarinnar sé alltaf nátengt frelsi og fullveldi íslensku þjóðarinnar samhliða þróun í átt til velferðar og lýðræðis. Reynt er þó víðast hvar að gæta hlutleysis í sjónarmiðum, þ.e. ekki upphaf t.d. sjónarmið Íslendinga á kostnað Dana. Enn fremur er vísað á ítarefni í lok hvers kafla þannig að lesendur geta aflað sér annarra túlkana á einfaldan hátt þó þær séu ekki endilega kynntar í bókinni sjálfri. Í umfjöllun um þorskastríðin er talað um fullveldi Íslands yfir miðum sínum.

Gunnar Þór og Margrét:

Söguleg atriði eru yfirleitt ekki skoðuð út frá þjóðerni eða í sambandi við sjálfstæði Íslands eða fullveldi. Gætt er hlutleysis í umfjöllun, þ.e. ekki er verið að hampa ákveðnum viðhorfum eða skoðunum en aftur á móti er lítið um túlkanir eða vangaveltur, sagan er sögð í gegnum beinhardar „staðreyndir“ og því fær sagan á sig þann stíl að svona hafi hlutirnir gerst. Lítið er um beina gagnrýni og sleppt er að fjalla um álitamál.

Gunnar og Sigurður:

Nokkuð ber á gagnrýninni umfjöllun – álitamála – er sums staðar velt upp, sérstaklega varðandi lýðveldisstofnun. Einnig er fjallað um þjóðfélag á Íslandi á 19. öld í tengslum við valdahlutföll – s.s. reynt að útskýra stjórn málaþróun að einhverju leyti með vísunum í samfélagsgerð og þjóðfélagsástand. Atburðir í þorskastríði eru þó hafnir yfir gagnrýni – hin hefðbundna söguskýring er ráðandi þar.

(vi) Er umfjöllunin einskorðuð við Ísland eða er leitast við að sjá sögu Íslands í stærra samhengi?

Heimir:

Eingöngu er fjallað um Ísland í alþjóðlegu samhengi þegar talað er um upphaf þjóðfrelsinhugmynda íslenskra menntamanna í Kaupmannahöfn upp úr 1830. Þá er farið yfir

útbreiðslu frjálslyndishugmynda frá evrópsku stórborgum til Kaupmannahafnar og áhrifin sem atburðarásin þarf höfðu á hugmyndir íslenskra stúdenta um málefni Íslands og stöðu þess gagnvart Danmörku. Að öðru leyti tengist Íslandssagan ekki alþjóðlegri þróun eða atburðum nema að litlu leyti.

Bragi og Gunnar:

Saga Íslands er tengd við atburði annars staðar á takmarkaðan hátt. Einungis í sambandi við upphaf sjálfstæðisbaráttunnar og útbreiðslu lýðræðislegra hugmynda um Evrópu.

Gunnar Þór og Margrét:

Reynt er að samþætta Íslands- og mannkynssögu – segja frá svipuðum þáttum samhliða. Aftur á móti er ekki um að ræða orsakatengingar þar á milli. Frásögnin er samhliða í textanum sjálfum, efnislega, en ekki hugmyndafræðilega. T.d. hvaða áhrif höfðu ákveðnir atburðir í mannkynssögunni á sögu Íslands?

Gunnar og Sigurður:

Samþætting mannkynssögu og Íslandssögu er dagskipunin en virðist þó einungis vera enduruppröðun efnis. Skýr skil eru á milli umfjöllunar um Ísland annars vegar og umheiminn hins vegar þó fjallað sé um hvoru tveggja samhliða. Aðeins er um orsakatengingar að ræða í sambandi við uppruna þjóðfrelsinhugmynda íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn um 1830.

f. Samanburður við niðurstöður fræðimanna

Þegar athuguð eru atriði sem tengjast sjálfstæðisbaráttunni eins og hún birtist sem afmarkað tímabil (1830-1918) í kennslubókunum er yfirleitt ekki um að ræða það sem hægt er að kalla hefðbundna umfjöllun eða frásögn. Bækurnar segja í raun sömu söguna með takmörkuðum frávikum eða blæbrigðum. Í bók Heimis, sem er sú elsta og í raun skrifuð áður en hin raunverulega endurskoðun íslenskrar sögu hefst, er kannski eðlilega ekki að finna vísanir til rannsókna sem fylgja þeim straumum. Saga þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga er sögð á þann hátt sem hefðin sagði til um á þeim tíma. Við upphaf hennar eru tíunduð áhrif hugmyndastefna frá meginlandi Evrópu á íslenska menntamenn í Kaupmannahöfn sem stofnuðu félög og gáfu út tímarit. Helstu forkólfarnir eru dregnir fram – Baldvin Einarsson, Fjölismenn og Jón Sigurðsson – og rauðum þráði haldið út í gegn með viðkomu á því sem kalla má vörður frásagnarinnar. Endurreisn Alþingis, þjóðfundurinn, stöðulögin, stjórnarskrá, heimastjórn,

fullveldi eru allt atriði sem teljast til þeirra. Frásögnin er staðreyndamiðuð og þó hún sé langt því frá þjóðernisleg sem slík í anda eða orðum gefa efnistökin til kynna að þessi frásögn sé hinn rétta saga, þ.e. hún er gagnrýnislaus af hálfu höfundar og býður ekki upp á vangaveltur um söguleg atriði.

Bók Gunnars og Braga, *Uppruni nútímans*, kom út þegar söguendurskoðunin var komin nokkuð vel á veg eða við lok 9. áratugarins. Róttækustu hugmyndirnar um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld höfðu þó ekki verið fullmótaðar og hafa ber þar að auki í huga að Gunnar Karlsson, annar höfundurinn, var þá og er enn stór hluti af fræðasamfélagi sagnfræðinnar og hafa viðhorf hans í gegnum tíðina verið í varfærnari kantinum hvað endurskoðun varðar. Frásögn sjálfstæðisbaráttunnar fylgir því sömu línu og má finna hjá Heimi en þó er lögð nokkur áhersla á að aðskilnaður Íslands og Danmerkur hafi verið ákveðið ferli sem báðir aðilar tóku þátt í frekar en barátta óvinveittra þjóða. Þó ber að geta að álitamálum um efnið er ekki velt upp og gengið svo langt að fullyrða að Íslendingar hafi verið nokkuð einhuga í baráttu sinni fyrir sjálfstæði.

Kennslubók Nýja bókafélagsins eftir Gunnar Þór og Margréti kom út eftir námskrábreytingar 1999, eða árið 2001. Meðal viðameiri breytinga á námskrá fyrir sögu var samþætting Íslands- og mannkynssögu í eina heildstæða frásögn. Þetta kallaði eðlilega á aðrar kennslubækur og er bók Gunnars Þórs og Margrétar sú fyrsta sem fjallar um efnið á þennan hátt. Þar að auki var hin íslenska söguendurskoðun búin að festa sig kyrrilega í sessi árið 2001. Rit Guðmundar Hálfðanarsonar, *Íslenska þjóðríkið*, sem kynnir hugmyndir hans um eðli þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga og myndun þjóðríkis þeirra kom reyndar út sama ár svo höfundar hafa ekki kynnt sér það við samningu kennslubókarinnar. Á móti kemur þó að *Íslenska þjóðríkið* er að miklu leyti samansafn greina og ritgerða sem Guðmundur skrifaði og gaf út á margra ára tímabili þar á undan. Gunnar Þór og Margrét hafa því haft nægan aðgang að helstu hugmyndum og niðurstöðum Guðmundar og þeirra fræðimanna sem hann skrifaðist helst á við þegar kom að efnisvali. Þrátt fyrir það er frásögn af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga keimlík efnislega því sem finna má í fyrri bókum, þ.e. hinar hefðbundnu vörður frásagnarinnar eru til staðar og lítið rúm fyrir vangaveltur. Líkt og í *Uppruna nútímans* er því haldið til haga að Danir og Íslendingar hafi staðið í samningaviðræðum um aðskilnað en ekki hörðum deilum.

Nýir tímar þeirra Gunnars Karlssonar og Sigurðar Ragnarssonar er sú nýjasta sem hér er til umfjöllunar og fylgir samþættingarmarkmiðum námskrár frá 1999. Bók Gunnars Þórs og Margrétar hefur verið gagnrýnd að sumu leyti fyrir stuttlega og yfirborðskennnda umfjöllun um

ýmis atriði Íslandssögunnar og hefur *Nýjum tímum* sem *Fornum*¹ líklega verið stefnt gegn því. Gunnar samdi Íslandssöguhlutann og er hann að mörgu leyti endurómur frá fyrra verki hans og Braga Guðmundssonar, *Uppruna nútímans*. *Nýir tímar* komu út árið 2006 og því liðu 18 ár á milli þessara bóka svo forvitnilegt getur verið að athuga efnislegan og hugmyndafræðilegan mun þar á. Í raun kemur ekki á óvart að umfjöllun Gunnars um sjálfstæðisbaráttuna á 19. öld sé í flestum atriðum svipuð þeirri í *Uppruna nútímans*. Gunnar hefur ekki viljað taka undir með róttækustu sjónarmiðum síðustu ára varðandi framgang og eðli sjálfstæðisbaráttunnar og samspil hennar við íslenskt þjóðfélag á 19. öld og er varkár í að umbylta þeim hugmyndum sem ríkjandi hafa verið. Í þessari nýjustu kennslubók er því enn haldið í horfinu hvað varðar hinu hefðbundnu frásögn sjálfstæðisbaráttunnar þrátt fyrir að fyrir liggi um tveggja áratuga rannsóknir á henni sem sögulegu viðfangsefni. Í því sambandi er hægt að velta því upp hvort það sé æskilegt að prófessor í sagnfræði sem hefur nokkuð fastmótaðar skoðanir (byggðar á rannsóknum vitanlega) semji kennslubók sem þessa í stað aðila sem stendur utan við fræðaheiminn og er líklegri til að víða að sér niðurstöðum margra aðila og kynna þær í kennslubók.

Segja má með nokkurri fullvissu að sá hluti allra kennslubókanna sem fjallar um sjálfstæðisbaráttuna sem slíka er nokkuð samhljóma. Kastljósinu er beint að sömu atriðunum með einhverjum blæbrigðum. Því er hægt að segja að allar kynni sömu útgáfuna af frásögn sjálfstæðisbaráttunnar. Frá 1973 (hið minnsta) til 2006 er haldið að framhaldsskólanemendum að þessi frásögn sé sú „rétt“. Þ.e. „staðreyndir“ málsins eru ljósar. Þrátt fyrir að hvergi sé beinlínis fyrirskipað af opinberum aðilum að þessa sögu eigi að kenna hlýtur hún að teljast til einhvers konar kanón eða sögulegs rétttrúnaðar. Aðrir vilja kallað það sameiginlegt minni eða hluta af sjálfsmynd þjóðar, jafnvel goðsögur. Mörgum finnst þessar frásagnir nauðsynlegar enda finnast þær hjá hverri þjóð. Spurningin er aftur á móti að hve miklu leyti ætti að ýta undir slíkar frásagnir eða reyna að brjóta þær til mergjar þegar komið er á framhaldsskólastig.

Umfjöllun kennslubókanna um lýðveldisstofnunina 1944 og aðdraganda hennar frá upphafi síðari heimsstyrjaldar má í flestum tilvikum kalla stuttlega. Þrátt fyrir að Þór Whitehead hafi skrifað um þátt stórvelda á framgang sambandsslita Íslands og Danmerkur þegar á áttunda áratug síðustu aldar hefur slíkt varla skilað sér í kennslubækur enda gefa höfundar þeirra sér yfirleitt ekki tóm til ítarlegrar umfjöllunnar um þetta efni. Athugun á samtímaheimildum gefa einnig til kynna að aðdragandinn hafi verið margbrotinn með tilliti til stjórn málaástands og tilkomu erlends hervalds. Slíkt er ekki að finna í kennslubókum nema að

¹*Fornir tímar* er fyrra hefti yfirferðar Gunnars Karlssonar og fleiri höfunda um Íslands- og mannkynssögu og tekur fyrir tímabilið frá fornöld til þess sem kallað hefur verið nútími (ca. 1800)

mjög litlu leyti en helst er fjallað um sjónarmið lögskilnaðar- og hraðskilnaðarsinna en minnst er á þessa hópa í öllum kennslubókunum, mismikið þó. Í bók Heimis er fjallað einna ítarlegast um þessi sjónarmið og á þann hátt að samræmist niðurstöðum fræðimanna og jafnvel samtímaheimildum. Hann heldur því fram, þó ekki fullum fetum heldur í hálfgerðu framhjáhlaupi líkt og ekki megi stugga við heilagleika lýðveldishátíðarinnar, að sjónarmið lögskilnaðarmanna hafi ekki fengið að heyrast í fjölmiðlum og þau hafi í raun verið þöggðu niður. Hjá Gunnari og Braga eru þessum öndverðu viðhorfum gerð skil en ekkert gert með það þess utan og ekki ber á gagnrýnum söguskýringum. Í samþættri Íslands- og mannkynssögu Gunnars Þórs og Margrétar fær lýðveldisstofnunin líklega einna minnst rúm og enn minna er gert úr ágreiningi lögskilnaðar- og hraðskilnaðarsinna og þeir fyrrnefndu jafnvel taldir ekki hafa skipt miklu máli og verið mjög fáliðaðir. Atburðarásin er hér mjög einfölduð og einþráða. Talsvert er bætt úr því í *Nýjum tímum* Gunnars og Sigurðar og bætir Gunnar jafnframt nokkru við sama kafla í *Uppruna nútímans*. Greint er frá sjónarmiðum hraðskilnaðarsinna og lögskilnaðarsinna og deilum þeirra á milli, t.d. hvernig ákveðinn hópur menntamanna stóð fyrir lögskilnaðarsjónarmiðum. Jafnframt er talað um að lýðveldisstofnunin hafi verið framkvæmd í skjóli erlends hervalds þó ekki sé beint reifað um áhrif þess. Ljóst er að það virðist alltaf vanta þannvinkil í kennslubækurnar hvaða áhrif afskipti erlendra yfirvalda og embættismanna hafði á þróun mála í aðdraganda lýðveldisstofnunar. Höfundar velja slíku lítið fyrir sér í texta bókanna þrátt fyrir fræðilegar greinar þess eðlis eins og fyrr er greint frá. Nýleg grein Svans Kristjánssonar varpar enn frekar ljósi á stjórn málaástand þessa tíma en þar sem hún birtist síðastliðið vor (2010) gætir áhrifa hennar ekki.

Gagnrýnin umfjöllun um fiskveiðideilurnar við Breta á síðari hluta síðustu aldar hefur ekki verið áberandi í gegnum tíðina. Þessar deilur sem voru nefndar þorskastríðin í háði (Cod War – Cold War) en Íslendingar tóku upp fullum fetum eru afbragðs dæmi um atburði þar sem þjóðerniskennd og föðurlandsást getur blómstrað. Í gegnum tíðina má líklega segja að Íslendingar hafi stært sig af því almennt séð að hafa hrundið flota breska „heimsveldisins“ (eins laskað og það var á þessum tíma) með örfáum varðskipum, frumstæðu heimasíðuðu vopni og dágóðum skammti af hreysti og óbilgirni. Frásögnin af þorskastríðunum hefur þannig tekið á sig mynd einhvers konar goðsagnar sem lifir með þjóðinni einhvers staðar í sjálfsmynd hennar. Ítarlegar rannsóknir, m.a. á breskum, bandarískum, norskum og íslenskum heimildum, voru hverfandi þar til Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur skrifaði

doktorsritgerð² sína árið 2003. Síðan þá hafa komið út nokkrar greinar og rit eftir Guðna þar sem hann reynir að bregða ljósi á þorskastríðin frá sem flestum sjónarhólum. Því er eðlilegt að fyrstu þrjár kennslubækurnar taki ekki mið af hans niðurstöðum á meðan höfundar *Nýrra tíma* ættu að hafa haft tóms til að kynna sér þær.

Umfjöllun Heimis í *Frá einveldi til lýðveldis* er augljóslega lituð af því að deilurnar eru samtímamál þegar bókin kemur út. Afstaða er beinlínis tekin með Íslendingum enda erfitt að sjá slík mál í heildrænu ljósi þegar átök áttu sér ann stað. Þegar verk Gunnars og Braga kom út hafði þó liðið rúmur áratugur frá lokum þorskastríðanna og kemur einhver gagnrýni þar fram. T.a.m. er því haldið til haga að Íslendingar hafi ekki alltaf haft réttinn sín megin líkt og fræðimenn hafa komist að niðurstöðu um og er reynt að kynna sjónarmið beggja deiluaðila. Aftur á móti eru deilulok túlkuð sem sigur Íslendinga og því ekki velt upp hvort rétt sé að halda því fram. Ekkert er fjallað um deilur meðal Íslendinga eða innan íslenskra stjórn mála, eða að Íslendingar hafi í raun ekki verið í fararbroddi í hafréttarmálum. Í NBII Gunnars Þórs og Margrétar eru sömu áherslur og hjá Gunnari og Braga. Ekki er lagt beint mat á aðgerðir Breta eða Íslendinga í deilunum en látið fylgja með að Íslendingar hafi ekki alltaf verið í rétti, t.d. er minnst á aðstæður í útgerðarborgunum í Englandi sem sendu togara á Íslandsmið. Lok þorskastríðanna eru túlkuð Íslendingum í hag, s.s. að Ísland hafi „unnið“ þorskastríðin, líkt og kemur fram hjá Gunnari og Braga. Nýjasta kennslubókin kom út eftir að Guðni³ birti sínar helstu niðurstöður en þó áður en hann skrifaði sínar nýjustu greinar. Því hafa Gunnar og Sigurður haft aðgang að hluta af skrifum Guðna en þó aðallega doktorsritgerð hans. Aftur á móti ber ekki á neinum vangaveltum um álitamál varðandi fiskveiðideilurnar í Nýjum tímum. Einungis er minnst á að alþjóðleg þróun hafi verið í átt að 200 mílna landhelgi þegar Íslendingar voru að byrja þá útfærslu. Lok þorskastríða eru túlkuð sem sigur Íslendinga sem fyrr og uppgjöf Breta. Um einhliða frásögn af deilunum er að ræða og alls ekki í takt við þær niðurstöður fræðimanna sem höfundar höfðu aðgang að. Vitaskuld er ekki um beinar rangfærslur að ræða en athygli vekur frekar hvað er ekki sagt og hverju er ekki velt upp. Eins og kemur fram hér á undan ber meira á þjóðernislegum undirtón en áður. Hér nota höfundar hugtök líkt og „sjálfstæðisbarátta á Íslandsmiðum“ sem skírskotar varla til varfærnislegra umfjöllunar fræðimanna sem reyna að láta allar hliðar máls njóta sín. E.t.v. er hér frekar um að ræða endurspeglun á tíðaranda en skoðanir höfunda en þjóðerniskenndar hugmyndir

²*Troubled Waters. Cod War, Fishing Disputes, and Britain's Fight for the Freedom of the High Seas.* Varin í desember 2003 við Queen Mary, University of London.

³Einnig má benda á Guðmund J. Guðmundsson en hann hefur skrifað um þorskastríðin.

virðast fara vaxandi í kjölfar umræðu um efnahagslegt sjálfstæði og frekari samtengingu og samvinnu þjóða Evrópu.

VI. Sögukennarar segja frá

Þegar sögukennsla skal rannsökuð dugir ekki að rýna einungis í kennslubækurnar. Kennarar – þeir aðilar sem nota efnið í beinu sambandi við nemendur – hafa til að bera ólíkar túlkanir, aðferðir og viðhorf. Hvernig nálgast sögukennarar í framhaldsskólum kennsluefnið sem í boði er? Leitast kennarar við að kynna nemendum mismunandi sjónarmið og ólíkar túlkanir á sögulegum viðfangsefnum eða eina samfellda gagnrýnislausu frásögn? Ber á þjóðernisviðhorfum í íslenskum sögutímum í framhaldsskólum eða er reynt að halda fram gagnrýnni umfjöllun og athuga hvaða álitamálum er til að dreifa? Hvaða kennsluefni eru sögukennarar að nota – eingöngu kennslubók eða er annað efni kennt samhliða? Hvernig taka sögukennarar á þjóðernislegum atburðum í Íslandssögunni, nánar tiltekið sjálfstæðisbaráttunni (með þjóðfundinn 1851 sem brennipunkt), lýðveldisstofnuninni 1944 og þorskastríðunum?

Til að fá svör við þessum spurningum voru sögukennarar teknir tali og spurðir út í kennslu sína, bæði efnistösk og nálgun. Þrír kennarar voru teknir tali og inntir eftir eftirfarandi atriðum. Þeir voru ýmist að kenna við skóla með bekkjakerfi (1 kennari) eða fjölbrautakerfi (2 kennarar), voru allir karlmenn og höfðu töluverða kennslureynslu. Þeir voru þó afar mismikið inni í rannsóknum á sögukennslu og almennum sagnfræðirannsóknum.

a. Spurningalisti til kennara

- Hvaða efni?
 - Kennslubók eingöngu?
 - Sátt/ur við kennslubókina?
 - Ítarefni? Hvaðan?
 - Eigið efni? Hvaðan?

- Hvernig er umfjöllun?
 - Eingöngu efnisleg? - „Staðreyndir“ í einþráða frásögn settar fram eða túlkanir og álitamál einnig?
 - Hjálpað til með skilning á námsefninu? Gagnrýni á námsefnið?
 - Vangaveltur um ýmsar túlkanir?
 - Kennslubækur aðallega eða farið út fyrir túlkanir eða frásagnir kennslubókahöfunda?

- Er efnið tengt við nútímann (Icesave, hrunið, ESB)?
- Sjálfstæðisbaráttan:
 - Hversu mikið rými fær hún? Hefur það aukist eða minnkað? Hver er áhugi nemenda á þessu efni?
 - Efnisskipting? Er efni raðað eftir tímabilum? Eftir einstaklingum? Er reynt að byggja upp heildarmynd?
 - Eru „vörðurnar“ svokölluðu notaðar?: Baldvin Einarsson, Fjölismenn, Jón Sigurðsson, endurreisn Alþingis, þjóðfundur, stöðulög, stjórnarskrá, heimastjórn.
 - Er vísað í nýjustu rannsóknir fræðimanna um upptök, eðli og þróun sjálfstæðisbaráttunnar?
 - Er sjálfstæðisbaráttan afmarkað tímabil eða svífur andi hennar alltaf yfir vötnum? S.s. er saga Íslands almennt lituð sjálfstæðisbaráttu?
 - Er þjóðfundurinn 1851 kynntur sem sérstakur og merkur atburður í sögu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga? Hvernig er umfjöllun um hann? Tilfinningaþrungin? Gagnrýnin? Staðreyndirnar eingöngu?
 - Hvernig er umfjöllunin um lýðveldisstofnunina 1944 og aðdraganda hennar? Mismunandi sjónarmið látin njóta sín? Einungis frásögn staðreynda? Gagnrýnin umfjöllun? Álitamál dregin upp? Þjóðfélagsástandinu lýst? Er fjallað um ritskoðun hugmynda? Er fjallað um mismunandi sjónarmið hraðskilnaðar- og lögskilnaðarsinnar? Er fjallað um áhrif stórvelda á framgang atburðarásar?
 - Hvernig eru þorskastríðin kynnt fyrir nemendum? Hluti af sjálfstæðisbaráttu? Teknar til greinar nýjar rannsóknir? Tekin afstaða með og á móti deiluaðilum? Reynt að sýna hlutleysi? Álitamálum velt upp? Staðreyndir eingöngu? Ástandi lýst í pólitík og samfélagi á Íslandi?

- Almenn sjónarmið
 - Hvernig er tenging atburða á Íslandi eða sem tengjast Íslandi við umheiminn?
 - Er sérstaklega talað um sérstöðu Íslands? Hugmyndafræðin „við og hin“?
 - Er Íslandssagan kynnt sem klippt og skorin? Ein rétt frásögn og ein rétt túlkun?

b. Niðurstöður úr einstaka viðtölum

Nr. 1

Bakgrunnsupplýsingar: Karlkyns kennari með sagnfræðimenntun og kennsluréttindi.

Aldurshópur nemenda: 18-20 ára. Stærð skóla: um 1200 nemendur.

NBII kennslubókin er notuð en þykir ansi knöpp í mörgum atriðum. Ítarefni er ekki mikið notað en það sem þó er kynnt fjallar aðallega um almenna hugmyndafræði 19. aldar – tengist Íslandssögu óbeint.

Ekkert er tekið beint úr fræðigreinum nema í valáföngum (t.d. rætt um þjóðernishugtakið) – ekki grunnáföngum í sögu. Samtíningur af eigin efni er enn fremur notað þar sem bókin (*NBII*) fjallar ekkert um.

Staðreyndir eða túlkanir? Bil beggja – kennari vill tala um álitamál en kennsluefnið setur skorður tímalega séð – telur þó ekki námið kennslubókamiðað. Oft er beinlínis gagnrýni á námsefnið – nemendur þá látnir taka afstöðu til álitamála þó ekkert séð um það í kennslubók. Ólíkar túlkanir á sögulegum atburðum reifaðar eins og tími leyfir – og út frá niðurstöðum fræðimanna þá. Knappar kennslubækur og fyrirfram mótaðar skoðanir nemenda standa aðallega í vegi fyrir miklum vangaveltum um söguleg álitamál.

Sum atriði í kennslubókum fá minna pláss en í sögukennslu í grunnskólum. Nemendur eru flestir með þjóðernismótaðar skoðanir þegar þeir koma í framhaldsskóla – frá grunnskóla eða frá samfélaginu. Nemendur eru með hinar einföldu og einþræða frásagnir á takteinum og oft ekki tilbúnir til að gagnrýna þær.

„Vörður“ sjálfstæðisbaráttunnar fá minna vægi sífellt – reynt að velta upp álitamálum á tímabilinu. Vandamálið er að nemendur vilja vita hvort þetta „kemur á prófi“. Nemendur

hafa meðtekið hina klassísku frásögn sjálfstæðisbaráttunnar enda virkar hún sem góð saga – afmörkuð af ákveðinni byrjun og enda, með kaflaskiptingum og hápunktum.

Kennari reynir að tengja efni sjálfstæðisbaráttunnar við samtímamál – t.d. stjórnarskrána eða efnahagslegt sjálfstæði þjóðar. Vísað er í nýjustu rannsóknir fræðimanna um uppruna og eðli sjálfstæðisbaráttunnar að einhverju leyti en þó er það erfitt að ræða eitthvað sem ekki er í kennslubók þar sem nokkrir kennarar semja samræmt próf í faginu – þyrfti þá að vera efni sem allir kennararnir eru með – nemendur læra yfirleitt aðeins það sem þeir vita að sé til prófs. Sjálfstæðisbaráttan er kennd sem afmarkað tímabil. Sagan í heild sinni mótast ekki af stöðugri sjálfstæðisbaráttu.

Þjóðfundur: Hann er kynntur sem sérstakur og merkur atburður en ekki í beinu sambandi við frásögn sjálfstæðisbaráttunnar heldur sem fyrsta og eina stjórnlagagæpingið sem haldið hefur verið á Íslandi. Tengt við hugmyndina um stjórnlagagæping almennt og frönsku byltinguna.

Lítillaga reynt að afbyggja hetjumyndina af Jóni Sigurðsson en þó ekkert að ráði. Hann er enn aðalleikarinn í sjálfstæðisbaráttunni og koma nemendur með hin klassísku sjónarmið af Jóni sem þjóðhetju með sér í framhaldsskóla.

Lýðveldisstofnun: Fylgt er kennslubókinni (NBII) og farið í þá hluti sem þar eru. Ekki miklu þúðri í raun eytt í lýðveldisstofnun vegna fyrirkomulags – samþætting við mannkynssögu. Lýðveldisstofnun kemur í enda tímabils þar sem seinni heimsstyrjöldin og helförin eru aðalatriðin. Lýðveldisstofnun á Íslandi verður ekki eins merkileg við hliðina á því.

Ýmsum álitamálum í tengslum við þorskastríðin er velt upp: Sérstaklega reynt að tengja við samtímamann. T.d. yfirráð yfir auðlindum, samskipti við stórveldi, völd smáþjóða. Reynt er að kynna söguna sem margþætta og að ekki sé alltaf um eina túlkun að ræða. Aftur á móti ræður kennslubókin oft ferðinni því það er það sem nemendur leggja áherslu á að lesa og því þarf að koma því efni að. Enn fremur hafa nemendur sjálfir oft þau viðhorf fyrirfram að sagan sé einföld frásögn staðreynda sem þarf að leggja á minnið.

Yfirhöfuð reynir kennari að hrista upp í sjónarmiðum nemenda gagnvart sögulegum atburðum eða viðfangsefnum en kennslubókin hjálpar yfirleitt ekki til vegna þess hversu knappt er farið yfir mörg atriði og enn fremur getur reynt erfitt að breyta fyrirfram mótuðum hugmyndum nemenda (t.d. má sjá það á svörum á prófum).

Niðurstöður hér eru þær að kennari vill kynna nemendum vangaveltur um söguleg viðfangsefni, ólíkar túlkanir og orsakasamhengi sögulegrar þróunar en sökum takmarkana sem námsefni og tímaskortur setja vill kennslan oft verða miðuð of mikið við kennslubók, þ.e.

frásögn staðreynda aðallega. Þó er reynt eftir fremsta megni að láta nemendur taka afstöðu til álitamála og kynntar til sögunnar vangaveltur um ákveðin söguleg viðfangsefni.

Nr. 2

Bakgrunnsupplýsingar: Karlkyns kennari með sagnfræðimenntun og kennsluréttindi. Aldur nemenda: 16-18 ára. Stærð skóla: um 1500 nemendur.

NBII bókin er notuð og er kennari sáttur í aðalatriðum við efnistöð og umfjöllun í bókinni. Annað efni sem er notað er aðallega til þess að dýpka skilning á ákveðnum atriðum eða tengja nemendur við söguna á persónulegum grundvelli.

Kennari leggur ekki mikið upp úr staðreyndum sem slíkum. T.a.m. hafa nemendur kennslubókina með sér í lokapróf og eiga frekar að taka afstöðu í prófsvörum heldur en að svara staðreyndaspurningum. Fjallað er um álitamál að verulegu leyti. Námsefnið styður við þessa nálgun að einhverju leyti. Kennari gagnrýni þó þegar það styður ekki við og tekur fram að það sem komi fram í bókinni sé ekki endilega allur sannleikurinn. Mismunandi túlkanir fá að njóta sín almennt séð.

„Vörður“ sjálfstæðisbaráttunnar notaðar. Reynt að tengja við hugmyndasögu tímabilsins, t.d. þjóðernisvakningu í Evrópu. Ekki mikið farið í niðurstöður fræðimanna varðandi uppruna, eðli og þróun sjálfstæðisbaráttunnar, t.d. varðandi álitamál. Frekar farið í skoðanaskipti síðar á tímabilinu, t.d. þegar flokkadrættir verða – athygli þó vakin á t.d. að þjóðfrelismenn hafi alls ekki viljað konunginn burt. Sjálfstæðisbaráttan er kynnt sem afmarkað tímabil. Umfjöllun um þjóðfundinn er staðreyndamiðuð en einnig er fjallað um væntingar Íslendinga til hans og samhengi við þróun í Danmörku.

Lýðveldisstofnun: Almennt lítil umfjöllun. Hún er ekki aðalatriði og er farið efnislega yfir aðdragandann og atburði. Þó er minnst á að Íslendingar hafi nýtt sér aðstæður í Danmörku. (Eitt af álitamálunum er hvort Íslendingar hafi verið siðferðislega og lagalega stætt á því að segja sambandslögunum einhliða upp.)

Þorskastríðin: Fyrstu útfærslurnar voru til verndunar fiskistofnum. Umfjöllun er efnisleg en talsvert er um að ólíkum sjónarmiðum sé velt upp, t.d. að Íslendingar hafi notfærst sér aðstöðu innan NATO og að lagalega hafi málstaður Íslands verið nokkuð veikur almennt. Ekki er markvisst verið að tengja sögu Íslands við sögu umheimsins en þó ber á því helst þegar fjallað er um útbreiðslu hugmyndafræði.

Helstu niðurstöður hér eru þær að kennari leggur lítið upp úr staðreyndum, sem sést m.a. á því að nemendur hafa kennslubókina með sér í próf, en reynir frekar að dýpka skilning og tengja söguna við nemendur á persónulegan hátt. Hvergi er beinlínis verið að halda

nýlegum niðurstöðum fræðimanna að nemendum en samt sem áður leggur kennari áherslu á að nemendur geri sér grein fyrir því að hin sögulega frásögn er ekki yfir gagnrýni hafin. Þó umfjöllun um ákveðin efni (sjálfstæðisbarátta, lýðveldisstofnun, þorskastríð) séu oft aðeins efnisleg má einnig benda á að þau fá einfaldlega ekki mikið rými í kennslu.

Nr. 3

Bakgrunnsupplýsingar: Karlkyns kennari með sagnfræðimenntun og kennsluréttindi. Aldur nemenda: frekar dreifður, flestir 16-20 ára en einnig eldri nemendur. Stærð skóla: um 2000 nemendur.

Kennari var með *NBII* – eftir að *Nýir tímar* voru innleiddir af öðrum kennurum bjó kennari til sitt eigið efni fyrir grunnáfangu í sögu. Sú bók var talin of ítarleg og löng fyrir nemendur. Eigið efni er bæði glósuhefti (myndskreytt og ekki) og verkefnahefti. Textinn er tekinn úr ýmsum áttum, m.a. *NBII*. Glósuheftið er þematengt og efnisleg yfirferð fyrirferðamikil.

Almenn umfjöllun um sögulega atburði er aðallega efnisleg, staðreyndabundin, en getur þó verið misjöfn, þ.e. minnst á álitamál sums staðar. Yfirferð er þó mjög hröð. Ekki ber á mikilli gagnrýni á námsefnið enda hefur kennari tekið það sjálfur saman og jafnframt er ekki boðið upp á miklar túlkanir eða ólík sjónarhorn – staðreyndirnar eru mest áberandi. Umræður um mismunandi sjónarmið koma helst fram þegar nemendur spyrja um atriði sem þeir hafa heyrt um og vilja fá að vita hvort standist.

Áhersla á sjálfstæðisbaráttuna hefur farið minnkandi og hafa nemendur lítinn áhuga á því efni. Efnistöð eru eftir einstaklingum og staðreyndamiðaðri frásögn en ekki er farið í niðurstöður íslenskra fræðimanna um upptök, eðli og þróun sjálfstæðisbaráttunnar. Takmarkaður tími og efi um að nemendur séu móttækilegir hefur mest um það að segja. „Vörðurnar“ eru notaðar markvisst en lítil áhersla er í raun á efnið miðað við heildarnámsefnið. Sjálfstæðisbaráttan er tekin sem afmarkað tímabil.

Þjóðfundurinn er tekinn sérstaklega fyrir en aðeins á efnislegan hátt. Á sama hátt er lýðveldisstofnunin tekin fyrir á staðreyndamiðaðan hátt. Þó er ekki lögð mikil áhersla á lýðveldisstofnunina sem slíka. T.d. er talað um fullveldið 1918 sem merkilegri tímamót en 1944. Farið er hratt yfir þorskastríðin en þar er um að ræða nokkuð hlutlausu staðreyndaumfjöllun þó lítið sé um vangaveltur um álitamál. Þó er talað um, nánast í framhjáhlupi, ákveðin atriði eins og efnahagslegt sjálfstæði þjóðar og hvernig Ísland notfærði sér stöðu sína í kalda stríðinu og NATO. Lítið sem ekkert er farið inn á sérstöðu Íslendinga t.d. varðandi framfarir á 20. öld, frekar í hraðar breytingar á samfélaginu og

þjóðfélagsgerð. Fram kemur að ef saga Íslands væri bara til umfjöllunar en ekki sambætt saga væri meiri tími til að kynna mismunandi túlkanir og fjalla um ýmis álitamál en slíkt er erfitt vegna tímaskorts.

c. Niðurstöður

Kennarar virðast ekki sýna beinlínis þjóðernisleg sjónarmið í kennslu og er sjálf umfjöllunin hlutlaus að því leyti að reynt er að taka ógildishlaðna og gagnrýnislausa afstöðu með sjónarmiðum Íslendinga eða einblína ekki á sérstöðu Íslands. Efnistökin eru aftur á móti almennt séð á þann hátt að um hefðbundna frásögn er að ræða. Þegar tími gefst til er rætt um ýmis álitamál en uppbygging kennslu er bundin við línulega og staðreyndamiðaða yfirferð kennslubóka – með ákveðnum undantekningum þó. Athygli vekur að hvergi er markvisst verið að kynna rannsóknir íslenskra sagnfræðinga eða annarra fræðimanna þannig að nemendur geta í raun ekki gert sér grein fyrir hvaðan sagan kemur sem þeir eru að læra um. Með því að fylgja hinni hefðbundnu frásögn um ákveðin söguleg viðfangsefni (staðreyndamiðuð umfjöllun) eru sögukennarar í raun að festa í sessi hina „réttu“ frásögn eða hið „sameiginlega minni“ þrátt fyrir að vissulega séu áherslubreytingar frá þjóðernismiðuduðum söguskoðunum fyrri tíma. Kennarar sjálfir telja tímaskort og hraða yfirferð annars vegar stuðla að slíkum kennsluháttum en hins vegar áhuga eða áhugaleysi nemenda og jafnvel fyrirfram gefin þjóðernisleg viðhorf þeirra. Sambætting Íslands- og mannkynssögu virðist hafa haft þau áhrif að Íslandssaga fær minna vægi eða missir á einhvern hátt sérstöðu sína. Á móti kemur að ekki gefst tómi til að efna til umræðna um álitamál sem kennarar vildu annars leggja áherslu á.

Ef við berum saman þau viðhorf sem birtast í kennsluháttum kennara, hvernig þeir kynna ákveðin söguleg viðfangsefni, saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf verður niðurstaðan nokkuð afdráttarlaus:

i. Hvergi kemur fram nein afstaða gagnvart séreinkennum Íslendinga eða sérstöðu Íslands og kennarar eru alls ekki að kynna söguna sem baráttu Íslendinga gegn erlendum áhrifum

ii. Sjálfstæðisbaráttan er oftast kynnt sem afmarkað tímabil sem hafi uppruna í hugmyndakerfi Evrópu á öndverðri 19. öld og hafi í raun lokið með fullveldi árið 1918. Engar tengingar eru við íslenskar miðaldir frá sjálfstæðisbaráttunni. Frekar eru dæmi um að reynt sé að tengja atburði sjálfstæðisbaráttunnar við málefni líðandi stundar (t.d. efnahagslegt sjálfstæði þjóðar) og þá aðallega til þess að tengja nemendur betur við efnið.

iii. Atriði sem tengjast sjálfstæðisbaráttunni beint virðast fá sífellt minna vægi. Þessi saga er kennd sem frásögn staðreynda og telja sumir kennarar að hún sé eitthvað sem þurfi bara að koma frá. Þ.e. sleppa engu beinlínis úr en eyða á hinn bóginn ekki óþarflega miklu púðri í hana. Dæmi eru um að þorskastríðin séu kynnt sem ákveðin sjálfstæðisbarátta fyrir efnahagslegu sjálfstæði.

iv. Kennarar forðast almennt að nota gildishlaðin hugtök og kom skýrt fram í viðtölunum að í flestum tilvikum reyna þeir að kynna fleira en eitt sjónarhorn á viðfangsefnið.

iv. Sjálfstæði og þjóðerni sem slíkt fær ekki mikið pláss hjá sögukennurum að því er virðist. Aftur á móti er ekki mikið um vangaveltur um þau atriði sem tengjast þessum þáttum, með undantekningum þó. Enn fremur er frásögn kennara yfirleitt fremur „staðreyndamiðuð“, þ.e. sögð er ein ákveðin saga („það sem gerðist“), en þó ber að geta að þegar tími vinnst til er yfirleitt reynt að bregða margbrotnara ljósi á ákveðna atburði. Engir atburðir eða einstaklingar fá þó meira vægi en aðrir eða eru settir sérstaklega á stall hvað viðhorf til þeirra varðar. Aftur á móti er vitanlega valið úr að segja frá þessum atburði eða þessum einstaklingi sem hafði ákveðin áhrif. Þannig er verið að setja söguna í farveg þrátt fyrir að í honum sé ekki endilega að finna þjóðernissinnuð viðhorf.

v. Umfjöllun er almennt séð nokkuð einskorðuð við Ísland, sérstaklega hvað orsakatengingar varðar. Ekki er reynt að sjá sögu Íslands í stærra samhengi nema í tengslum við afmarkaða þætti líkt og útbreiðsla alþjóðlegra hugmynda á fyrri hluta 19. aldar eða stöðu Íslands í kalda stríðinu þegar þorskastríðin stóðu sem hæst.

VII. Opinber orðræða

Stjórnámálönnum verður oft tíðrætt um sögulega atburði í ræðum sínum og ávörpum. Sérstaklega reyna þeir að rökstyðja mál sitt með skírskotunum í fortíðina og til sameiginlegra gilda þjóðarinnar eða reyna að höfða til samkenndar þjóðarinnar á hátíðarstundum. Hér verður skoðað hvernig þessar tilvísanir birtast í máli stjórnámálanna og þær notaðar sem dæmi um opinbera umræðu um söguskýringar Íslandssögunnar.

Tvennt er notað til að greina orðræðu stjórnámálanna. Annars vegar ræður þingmanna um Evrópumál sem Eiríkur Bergmann hefur tekið saman í doktorsritgerð sinni og hins vegar einstaka ræður og ávörp ráðherra á undanförunum árum. Farið var yfir helstu ræður forsætis-, utanríkis- og dómsmálaráðherra og athugað hvenær viðkomandi fjallaði um einhvers konar söguleg efni og hvernig túlkun á því birtist.

a. Orðræða þingmanna við umræður um aukið Evrópusamstarf á þingi

Eiríkur Bergmann notaði m.a. ræður þingmanna í ræðustól Alþingis sem efnivið í doktorsritgerð sína um íslenska Evrópustefnu og þjóðernishugmyndir. Teknar eru fyrir ræður þingmanna í umræðum varðandi umdeild Evrópumál, sérstaklega inngöngu Íslands í EFTA, aðild Íslands að EES-samingnum og hugsanlegar aðildarviðræður Íslendinga að Evrópusambandinu. (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 311.)

Niðurstöður greiningar Eiríks eru m.a. þær að afstaða þingmanna er í stórum hluta tilvika beinlínis tengd fullveldi Íslands. Orðræða sjálfstæðisbaráttunnar skilaði sér með beinum hætti inni í umræður um Evrópumál. Öll umræða um alþjóðlegt samstarf markast einnig af fullveldishugmyndum. „Þjóðernisrökin voru [...] alltaf hinn raunverulegi grundvöllur umræðunnar.“ (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 312.)

Vitnað er til Gamla sáttmála og sambandslaganna við Dani og jafnframt í Jón Sigurðsson. Íslendingar ættu að vera stoltir af þjóð sinni og axla alþjóðlega ábyrgð. Í raun skipti ekki máli hvort afstaða þingmanna var með eða á móti viðkomandi máli, þjóðernisleg orðræða var notuð hvort sem var til að afla máli stuðnings eða tala gegn því. Jón Sigurðsson hefur t.d. verið nokkurs konar holdgervingur sjálfstæðisbaráttunnar og fyrir auknum sjálfsákvörðunarrétti íslensku þjóðarinnar og því skyldi ætla að hann væri frekar notaður til að tala gegn aukinni aðild að Evrópusamstarfi en eins og þetta dæmi sýnir var hið gagnstæða einnig uppi á tengingnum. Í raun má segja að hentistefna hafi ríkt meðal þingmanna, orðræðan var notuð eingöngu til að afla eigin málstað fylgi.

Algengur frasi þingmanna við t.d.: „Framsál á fullveldi til ólýðræðislegra stofnana.“ Einnig var talað um að Íslendingar gætu tapað sjálfsforræði og að „huglægt sjálfstæði þjóðarinnar [væri] í húfi“. (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 313.)

Sjálfsákvörðunarréttur var talinn heilagur í máli þingmanna sem voru andsnúnir aðild að sam-evrópskum stofnunum og þeir sem ljáðu máls á öðru voru taldir svikarar við þá hetjur sem börðust fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Sérstaða Íslands var þrástef í öllum umræðum en einnig krafan um ákveðna einstefnu í samningum – þ.e. að Íslendingar fengju eitthvað fyrir sinn snúð en útlendingar fengju engan hlut af íslensku samfélagi, einmitt vegna „sérstöðu Íslands“ sem svo oft er vitnað til. Grundvöllur stjórn mála á Íslandi var fyrst baráttan fyrir sjálfstæðinu. Þegar það var í höfn var það baráttan fyrir því að viðhalda sjálfstæði og fullveldi.

b. Ræður og ávörp ráðamanna við hátíðleg tækifæri

Önnur aðferð við að greina þá orðræðu sem stjórn málamenn og ráðamenn þjóðarinnar grípa til er að skoða ræður þeirra og ávörp við ýmis tækifæri, s.s. þegar þeir tala til þjóðarinnar en ekki til þingmanna og pólitískra andstæðinga. Athugaðar voru ræður forsætisráðherra, dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra síðustu ára og þær ræður skoðaðar sérstaklega sem innihéldu skírskotanir til sögulegra atburða eða fyrirbæra. (Athuga skal að ræðurnar eru allar aðgengilegar á vef stjórnarráðsins: www.stjornarrad.is)

Forsætisráðherra

Áramótaávarp Davíðs Oddssonar 2003:

„Forystuhæfileikar Hannesar Hafsteins, óbilandi kjarkur hans og bjartsýni, sefjandi sigurvissa gagnvart hvers kyns erfiðleikum var orkugjafi þjóðarinnar í upphafi nýrrar aldar. En meira að segja slíkir eiginleikar hefðu dugað skammt ef viðsyrnan, sem frelsið gaf, hefði ekki fengist. Þess er okkur hollt að minnast á þessum tímamótum. Því baráttunni um frelsið er ekki lokið og lýkur aldrei, þótt hún hafi breyst. Og nú er vandinn við að varðveita það og efla flóknari en nokkru sinni fyrr. Því nú er ekki lengur við fjarlægum, óbilgjarnan, erlendan andstæðing að eiga sem sameinar þjóðina til átaka. Nú snýr baráttan inn á við. Nú er við okkur sjálf að eiga og það er snúnara. Við þurfum sjálf að gæta þess að sá aflvaki og þróttur sem í frelsi manna býr fái að njóta sín.“ [skáletrun mín]

Upphaf 17. júní ræðu Davíðs Oddssonar 2004:

„Góðir Íslendingar, Á þessu ári er tvíheilað hjá okkur. Við fögnum eitt hundrað ára afmæli heimastjórnarinnar, mikilvægasta áfanga sjálfstæðisbaráttunnar og gleðjumst um leið yfir því, að sextíu ár eru síðan stofnað var til lýðveldis á Þingvöllum 17. júní 1944.“

Ávarp Davíðs Oddssonar á ráðstefnu í hátíðarsal Háskóla Íslands í tilefni aldarafmælis þingræðis á Íslandi 2004:

„Árið 1262 gekk breytingin nefnilega í þveröfuga átt. Það ár er almennt talið marka endalok þjóðveldis á Íslandi og upphaf konungdæmis, sem stóð svo allt fram til 1944 að lýðveldið var stofnað, fyrst í ríki Noregskonungs og síðar með Norðmönnum í ríki Danakonungs. Þar urðu Íslendingar svo um kyrrt og héldu áfram að tilheyra einveldi Danakonungs þegar Noregur var skilinn frá Danmörku 1814 og fékk einhverja lýðræðislegustu stjórnskipun álfunnar undir Svíakonungi, nauðugir viljugir. Og það verður að segjast eins og er, *að á Íslandi verður ekki séð að nokkur maður haft sýnt óánægju með þá ráðstöfun eða áhuga á að fylgja Noregi!*“
[skáletrun mín]

Og

„En björninn var þó ekki unninn enn því stjórnarskráin frá 1874 færði Íslendingum aðeins löggjafarvald, en því fylgdi ekki þingræði. Framkvæmdarvaldið var áfram hjá konungi og með það fór einn af ráðherrunum í dönsku ríkisstjórninni, venjulega dómsmálaráðherrann, sem leit auðvitað á það sem algert aukastarf, enda átti hann ekki sæti sitt undir vilja Alþingis Íslendinga. – Íslendingar máttu því enn um sinn bíða þess að endurheimta framkvæmdarvaldið, sem þó hafði aldrei íslenskt verið, *enda er því stundum haldið á lofti að veiku stjórnkerfi og skorti á miðstýrðu framkvæmdarvaldi sé helst um það að kenna að þjóðveldið, sem hér stóð í um þriggja alda skeið, leið undir lok.* [skáletrun mín]

Lengst af þeim tíma, sem þá fór í hönd, stóð hörð baráttu í Danmörku um viðurkenningu þingræðis þar í landi. Meðan svo stóð var vart við því að búast, að danska stjórnin veitti Íslendingum þingræði. Í þessu ljósi kemur í raun á óvart hversu Valtý Guðmundssyni gekk að vinna hugmyndum sínum fylgis innan dönsku stjórnarinnar, en þær gerðu sem kunnugt er ráð fyrir að sérstakur ráðherra fyrir Ísland bæri ábyrgð gagnvart Alþingi Íslendinga, en hefði aðsetur í Kaupmannahöfn. *Þær gerðu m.ö.o. ráð fyrir að Íslendingar fengju þingræði á þeim tíma sem Danir höfðu það ekki.* Segja má að allt hafi verið til reiðu af Íslendinga hálfu til að þessi áform gætu gengið eftir og Alþingi samþykkt tilskildar stjórnarskrárbreytingar hið fyrra sinni þegar *þau umskipti urðu í Danmörku að þingræðisstjórn hins frjálslynda Vinstri flokks settist þar við völd skömmu eftir aldamótin*

1900 og féllst á að bjóða Íslendingum að velja hvort þeir vildu hafa ráðherra sinn í Reykjavík eða Kaupmannahöfn – og auðvitað völdu þeir sína heimahöfn.“ [skáletrun mín]

Þessar tilvitnanir gefa til kynna að sumir stjórnámálamenn (Davíðs Oddssonar í þessu tilviki) skrifuðu ekki upp á hina klassísku söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar að Íslendingar hafi brotist með harðfylgi undan erlendum kúgurum -andi endurskoðunar er augljós í þessari ræðu. Ef til vill ræður vettvangur sjónarmiðum og enn fremur áheyrendur. Í áramótaávarpi var öll þjóðin markhópur forsætisráðherra, en á ráðstefnu um þingræðið var líklega um sértækari markhóp að ræða. Því kvað við annan tón hjá forsætisráðherra.

Hátíðarræða Davíðs Oddssonar á hundrað ára afmæli heimastjórnar 2004:

„Við hrífumst af því nú, hve heimastjórnin hafði góð áhrif á lífsskilyrði og þróun íslensku þjóðarinnar. Fyrsta heimastjórnaröldin hefur verið byltingarkennd bót fyrir allt mannlíf í þessu landi. Nú er auðvitað ekki víst og reyndar harla ólíklegt að við hefðum farið á mis við alla þá framþróun, ef stjórnskipan okkar hefði ekki breyst til þess sem varð 1. febrúar 1904 og í framhaldi af því 1. desember 1918. En það má fullyrða með öruggri vissu að árangur okkar hefði ella ekki orðið svo glæsilegur og varanlegur sem raun varð á.“

Hér hvergi dregið úr; hin varfærnislega túlkun frá þingræðisráðstefnunni er horfin – tónninn og andinn frekar í ætt við áramótaávarpið. Þó viss varnagli sleginn varðandi það að framþróun á Íslandi hefði líklega orðið nokkur þó ekki hefðu breytingar á stjórnskipan komið til.

Áramótaávarp Halldórs Ásgrímssonar 2005:

„Þúsund árum fyrr höfðu forfeður okkar lagt [á Þingvöllum] grunninn að því lýðræði sem við búum við enn í dag og erum stolt af.“

17. júní ávarp Geirs Haarde 2006:

„Meginhugmyndir Jóns Sigurðssonar forseta um þjóðfrelsi og atvinnufrelsi eru sannarlega enn í fullu gildi þótt aðstæður séu gjörbreyttar. Á þeim hugmyndum grundvallast þjóðfélagsskipan okkar enn í dag og svo verður vonandi um langan aldur. Fullveldi okkar og sjálfstæði eru ekki aðeins rómantískt metnaðarmál fámennrar þjóðar heldur mikil verðmæti í sjálfu sér eins og saga þjóðarinnar og samfelld framfaraskeið á síðustu öld sannar svo rækilega. Þar fór saman þjóðfrelsi og framfarasókn, bjartsýni og athafnafrelsi.“

Og:

„Forfeður okkar numu hér land í leit að *frelsi frá ofríki* og í sókn eftir betri líf skjörum. Enn í dag sækir hingað fólk sem trúir því að íslenskt samfélag bjóði þeim tækifæri til að finna starfskröftum sínum, hugviti og hæfileikum farveg. Við eigum að gleðjast yfir því að landið okkar og samfélag hafi þetta aðdráttarafl og fagna því að stöðugt fleiri vilji njóta þeirra *forréttinda að vera Íslendingur*.“ [skáletrun mín]

17. júní ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur árið 2009:

„Með stofnun lýðveldis á þessum degi fyrir 65 árum var staðfestur sigur Íslands sem fullvalda og sjálfstæðrar þjóðar. Sjálfstæðisbaráttunni var þó ekki lokið þann dag og margir fleiri sigrar, sem eftir hafa sjálfstæði okkar hafa unnist síðan þá. Á þessari leið ber sennilega hæst sigra í deilum um landhelgina, sem lauk með því að við fengum full og óskoruð yfirráð yfir auðlindunum í hafinu og á hafsbotni allt að 200 sjómíllur frá landi. *Sjálfstæðisbaráttan hefur verið okkur sá aflvaki sem fleytt hefur okkur frá örbirgð til allsnægta*. Sú baráttu heldur áfram og segja má að í dag, þann 17. júní árið 2009, *heyjum við á ný mikla sjálfstæðisbaráttu*. Baráttu sem engan hafði óráð fyrir að við stæðum andspænis.“ [skáletrun mín]

Utanríkisráðherra

Ávarp Halldórs Ásgrímssonar á hádegisverðarfundum Sagnfræðingafélags Íslands árið 2003 („Staða smærri ríkja á 20. öld.“):

„*Líklega mætti segja að saga okkar og menning sé óvenjulega merkileg miðað við stærð þjóðarinnar, en það er auðvitað til lítills og fremur hégómi en annað*, því hverjir ætla að verða til þess að varpa mælistiku á menningu og sögu einnar þjóðar, hvað þá margra. Hver er þess umkominn að segja að eitt sé merkilegt en annað ekki? Sagan geymir margt sem á einum tíma þótti lítt spennandi, en telst til gersema nú. Tíðarandinn er fallvalt fyrirbæri og gildismatið afstætt.“ [skáletrun mín]

Hér er dregið úr fullyrðingum, t.d. er viðurkennt að hégómlegt sé að telja sögu Íslendinga og menningu merkilegri en annarra þjóða. Enda eru áheyrendur að stærstum hluta fræðimenn mætti ætla. Utanríkisráðherra leyfir sér því ekki að tala óábyrgt heldur slær fyrirvara.

Dómsmálaráðherra

Björn Bjarnason við opnun á ljósmyndasýningu um þorskastríðin árið 2003:

”Eins og við vitum stóð stríðið á Íslandsmiðum á milli smáþjóðar, sem hafði skýran málstað, varði lífsbjörg sína en skorti allan hernaðarmátt, og stórveldis, sem á sínum tíma réð lögum og lofum á höfunum, en kaus nú að beita flota sínum í þágu þröngra hagsmuna deyjandi útgerða á grundvelli sjónarmiða, sem nutu sífellt minni stuðnings á alþjóðavettvangi.”

Og:

”Við lögbrot sín þorðu bresku togararnir ekki að sýna sitt rétta nafn og númer heldur breiddu yfir þau kennileiti til að útiloka, að unnt væri sækja þá til sakar. Gæslan svaraði með leynivopni sínu, togvíraklippunum, sem hér eru einnig til sýnis. Þær láta í sjálfu sér ekki mikið yfir sér *en reyndust öflugar gegn ofureflinu og spilltu verulega fyrir áformum lögbrjótanna.*”[skáletrun mín]

c. Samanburður við mælikvarða á þjóðernislega orðræðu

Þingheimur

(i) Er rætt út frá sjónarmiðinu „við“ og „hinir“?

Er gert út á séreinkenni Íslendinga og sérstöðu Íslands?

Er gert út á „baráttu“ gagnvart útlendingum?

-fyrir fullveldi/sjálfstæði

-gegn erlendum áhrifum

Sérstaða Íslands var oft nefnd til sögunnar sem og baráttan fyrir fullveldinu - atriði sem voru mjög algeng í máli þingmanna.

(ii) Er reynt að skapa sögulega þróun sem á sér upphaf við landnám og lokamarkmið með fullveldi og sjálfstæði Íslendinga?

Er vísað til tímabilsins fyrir 1262-64 sem „gullaldar“ íslenskrar sögu?

Er reynt að endurspeglar sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld í miðaldasögu Íslands?

Er reynt að tengja saman atburði í aðdraganda undirritun Gamla sáttmála og baráttu Þjóðernissinna á 19. öld?

Eru sjálfstæði og hagsæld talin fylgjast að og jafnvel að hið fyrri leiði til hins síðara?

Vísað var til Gamla sáttmála og voru íslenskar miðaldir mikið notaðar í umræðunni til að tengja við fullveldið, t.d. að þeir sem vildu aukna Evrópuaðild (t.d. samþykkja EFTA-inngöngu eða EES-samninginn) væru á pari við þá sem hefðu framselt Ísland með Gamla sáttmála.

(iii) Hversu mikið rými fá atriði sem tengjast sjálfstæðisbaráttunni á einhvern hátt?

Fær sjálfstæðisbaráttan hlutfallslega meira rými í umfjöllun en annað efni?

Samkvæmt greiningu Eiríks er sjálfstæðisbaráttan og áframhaldandi barátta fyrir fullveldi Íslands rauður þráður í umræðum varðandi Evrópumál, sérstaklega þegar um mikil hitamál er að ræða. Þingmenn virðast hafa reynt að spila inn á þessar þjóðernistilfinningar til að leggja áherslu á sinn málstað.

(iv) Er orða- og hugtakanotkun gildishlaðin?

T.d. í kaflaheitum og fyrirsögnum?

Er fremur talað um þjóðveldi en t.d. miðaldir eða goðaveldi?

Öll orðræða var stráð gildishlöðnum fullyrðingum og orðasamböndum. Hugmyndin um þjóðveldisöld var t.a.m. víða og enn fremur hugtök eins og framsal fullveldis og hetjur sjálfstæðisbaráttunnar.

(v) Hversu algengt er að skoða sögulega viðburði, einstaklinga eða þróun í ljósi sjálfstæðis og þjóðernis, gagnrýnislítið?

Eru slíkir þættir "próblematíseraðir", t.d. hvort lýðveldisstofnunin var réttmæt 1944 eða hvort Íslendingar hafi brotið alþjóðalög með útfærslu fiskveiðilögsögu sinnar?

Fá mismunandi túlkanir á sögulegum atburðum að njóta sín eða er sögð ákveðin ein „rétt“ saga?

Eru ákveðnir atburðir og einstaklingar sjálfstæðisbaráttunnar upphafnir eða settir á stall – hafnir yfir gagnrýni?

Umræðan er öll á tilfinningagrundvelli og reynt að tengja flesta hluti við sjálfstæði þjóðarinnar eða hugsanlegt framsal fullveldis hennar, annaðhvort stjórnarfarslega séð eða efnahagslega. Vitaskuld er þingið ekki umræðugrundvöllur fyrir vangaveltur um söguleg álitamál en samt sem áður voru og eru sögulegar skírskotanir og fullyrðingar notaðar fullum fetum þar án þess að geta þess að hugsanlega væru til aðrar túlkanir á atburðum og einstaklingum. Það getur varla talist óréttlátt að gera athugasemdir við slíkt.

(vi) Er umfjöllunin einskorðuð við Ísland eða er leitast við að sjá sögu Íslands í stærra samhengi?

Íslenskir þingmenn eru í púlti og íslenskt sjónarhorn ræður ríkjum. Einblínt er á Ísland, sögu þess og menningu alla jafna. Þó eru dæmi um þá sem tala um hlutverk Íslands sem þátttakanda í samevrópskum verkefnum og að Ísland verði að vera hluti af heild en ekki einangra sig utan landamæra og tollamúra. Þessir þingmenn eru vitaskuld þeir sem aðhyllast eða aðhylltust aukna samvinnu Íslands og Evrópu.

Ávörp ráðherra

(i) Dæmi um orðræðu þar sem séreinkenni Íslendinga og barátta gegn erlendum áhrifum kemur fram:

”Því nú er ekki lengur við fjarlægán, óbilgjarnan, erlendán andstæðing að eiga sem sameinar þjóðina til átaka. Nú snýr baráttan inn á við. Nú er við okkur sjálf að eiga og það er snúnara. Við þurfum sjálf að gæta þess að sá aflvaki og þróttur sem í frelsi manna býr fái að njóta sín.” (Davíð Oddsson, 2003.)

Í þessari tilvitnun virðist vera vísað til þess að þjóðernisbaráttu sé lokið en Íslendingar verði að vera vakandi gagnvart þeim sem vilja skerða hvers konar frelsi einstaklingsins. Hægt er að túlka þetta sem rök fyrir aukinni frjálshyggju í efnahagslífinu og þjóðfélaginu almennt.

„ ... og fagna því að stöðugt fleiri vilji njóta þeirra forréttinda að vera Íslendingur.“ (Geir Haarde, 2006.)

„[S]tríðið á Íslandsmiðum [stóð] á milli smáþjóðar, sem hafði skýran málstað, varði lífsbjörg sína en skorti allan hernaðarmátt, og stórveldis ... ”. (Björn Bjarnason, 2003.)

Aftur á móti var einnig að finna dæmi um afstöðu gegn hugmyndum um sérstöðu Íslands:

„Líklega mætti segja að saga okkar og menning sé óvenjulega merkileg miðað við stærð þjóðarinnar, en það er auðvitað til lítils og fremur hégómi en annað ... “. (Halldór Ásgrímsson, 2003.)

(ii) Dæmi um skírskotanir til sögulegrar þróunar frá landnámi til lýðveldis:

„Þúsund árum fyrr höfðu forfeður okkar lagt [á Þingvöllum] grunninn að því lýðræði sem við búum við enn í dag og erum stolt af.“ (Halldór Ásgrímsson, 2005.)

„Forfeður okkar numu hér land í leit að *frelsi frá ofríki* og í sókn eftir betri líf skjörum.“ (Geir Haarde, 2006.)

Dæmi um að ekki sé tenging á milli þjóðveldisaldar og sjálfstæðisbaráttu – að þjóðfrelsisbaráttan sæki ekki hugmyndir aftur fyrir 19. öld:

„Árið 1262 gekk breytingin nefnilega í þveröfuga átt [en gerðist með myndun heimastjórnar árið 1904]. Það ár er almennt talið marka endalok þjóðveldis á Íslandi og upphaf konungdæmis, sem stóð svo allt fram til 1944 að lýðveldið var stofnað, fyrst í ríki Noregskonungs og síðar með Norðmönnum í ríki Danakonungs. Þar urðu Íslendingar svo um kyrrt og héldu áfram að tilheyra einveldi Danakonungs þegar Noregur var skilinn frá Danmörku 1814 og fékk einhverja lýðræðislegustu stjórnskipun álfunnar undir Svíakonungi, nauðugir viljugir. Og það verður að segjast eins og er, að á Íslandi verður ekki séð að nokkur maður haft sýnt óánægju með þá ráðstöfun eða áhuga á að fylgja Noregi!“ (Davíð Oddsson við afmæli þingræðis, 2004.)

Davíð Oddsson talar hér um að Íslendingar hafi ekki haft áhuga á að komast frá Danastjórn á sama tíma og Noregur. Ekki sé hægt að tala um að íslenska goðaveldið hafi endað með afsali fullveldis heldur einungis að stjórnskipun hafi breyst frá þjóðveldi til konungdæmis. Davíð virðist gefa í skyn að árið 1814 hafi Íslendingar ekki haft áhuga á lýðræðislegri stjórnarskrá heldur verið ánægðir með ástandið eins og það var. Þetta rímar við þær skoðanir fræðimanna að ekki hafi verið um þjóðfrelsishugmyndir að ræða á Íslandi fyrir 1830.

(iii) Hversu mikið rými fá atriði sem tengjast sjálfstæðisbaráttunni á einhvern hátt?

Í þessum lið þarf að hafa í huga að reynt er að greina hversu mikið rými atriði tengd sjálfstæðisbaráttunni fá hlutfallslega þegar um sögulegar skírskotanir er að ræða á annað borð en ekki miðað við allar ræður sem fluttar hafa verið af viðkomandi aðilum á ákveðnu tímabili. Eins og sjá má að ofan á sjálfstæðisbaráttan eða atriði tengd henni hug margra ráðamanna þegar þeir vísa til sögunnar. Því skal þó haldið til haga að í einhverjum tilvikum

var um ávörp vegna hundrað ára afmælis heimastjórnar að ræða og því eðlilegt að víkja að sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á þeim vettvangi. Að sama skapi er sjálfstæðisbaráttan skammt undan í þeim 17. júní ávörpum sem skírskota til sögunnar. Það virðist vera hluti af orðræðuhefð ráðamanna að kafa ofan í fullveldið og sjálfstæðið við þau tækifæri. Við önnur tækifæri ber minna á slíku eins og sjá má á ræðu Halldórs Ásgrímssonar frá árinu 2003 á hádegisverðarfundum Sagnfræðingafélags Íslands.

(iv) Er orða- og hugtakanotkun gildishlaðin?

Markmið ráðamanna með ræðum sínum og ávörpum er yfirleitt að leiða athyglina að einhverju. Með notkun á gildishlöðnum orðasamböndum tekst slíkt yfirleitt oft. Það þarf því ekki að koma á óvart að finna gildishlaðin hugtök og orðasambönd í ræðum og ávörpum. Davíð Oddsson talar um „fjarlæg, óbilgjarn, erlend andstæðing [...] sem sameinar þjóðina til átaka“ og telur heimastjórnina vera „mikilvægasta áfanga sjálfstæðisbaráttunnar.“ Geir Haarde talar um forréttindin sem fylgi því að vera Íslendingur og svo mætti áfram telja. Björn Bjarnason orðar það einnig þannig að um lögbrot breskra togara hafi verið að ræða þegar þeir veiddu fyrir innan þá lögsögu sem Íslendingar sjálfir höfðu úthlutað sér einhliða, án samninga og í lagalegri óvissu.

(v) Hversu algengt er að skoða sögulega viðburði, einstaklinga eða þróun í ljósi sjálfstæðis og þjóðernis, gagnrýnislítið?

Þegar ráðamenn vísa til sögulegra atriða er það yfirleitt ekki í gagnrýnum tón heldur í boðunartón, þ.e. „svona voru hlutirnir“. Undantekningar á þessu virðast vera þegar þeir eru ekki að tala til þjóðarinnar í heild eða almenns hlustendahóps heldur hóps fræðimanna (t.d. Davíð Oddsson við afmæli þingræðis, 2004 og Halldór Ásgrímsson, 2003). Þess utan eru engir varnaglar slegnir heldur talað líkt og um sögulegan rétttrúnað sé að ræða sem ekki sé tækur til gagnrýni.

(vi) Er umfjöllunin einskorðuð við Ísland eða er leitast við að sjá sögu Íslands í stærra samhengi?

Í ræðum sínum og ávörpum leitast ráðamenn lítið við að skoða Íslandssöguna í stærra samhengi almennt séð að undanskildu ávarpi Davíðs Oddssonar við afmæli þingræðis 2004.

VIII. Sjálfsmynd Íslendinga – viðhorf almennings til sögunnar

Oft er því haldið fram að sjálfsmynd hvernar þjóðar endurspeglar í viðhorfum hennar gagnvart eigin sögu (sjá t.d. kafla III.a). Sagan sé sannanlega sameiningartákn þjóðarinnar enda eiga þeir þættir sem hafa þótt afmarka þjóðir, menning, trú og tungumál, hver sinn sögulega uppruna.⁴ Litast viðhorf hins almenna borgara til sögulegra atburða frekar af þessum sameiginlegu þáttum en af raunverulegum athugunum á fortíðinni? Hér er ekki verið að tala um beina þekkingu á sögulegum staðreyndum (Hvað gerðist hvar hvenær?) heldur almenn viðhorf til sögulegra atburða (t.d. sjálfstæðisbaráttunnar, lýðveldisstofnunarinnar og þorskastríðs).

Hér verður reynt að greina almenn viðhorf á ákveðnum viðfangsefnum Íslandssögunnar – nánar tiltekið viðhorf gagnvart baráttu þjóðarinnar fyrir fullveldi og þjóðfrelsi – þeirri ímynd sem hinn „almenni Íslendingur“ hefur af þjóðareinkennum og gildum sem birtast í viðhorfum gagnvart sögunni. Slík viðhorf getur verið erfitt að mæla og meta og er yfirleitt gert í skoðanakönnunum eða megindelegum rannsóknum. Kannanir er varða viðhorf til þeirra sögulegu viðfangsefna sem hér eru til umfjöllunar hafa ekki verið gerðar að höfundi vitanlega. Dæmi um síðara atriðið er rannsóknin *Æska og saga* (e. *Youth & History*) sem var gerð í mörgum Evrópulöndum á árunum 1994-96, m.a. á Íslandi. Meðal þess sem þar var athugað var samanburður á sýn nemenda og kennara á markmiðum sögukennslu og gildi eða þýðingu sögunnar. (Bragi Guðmundsson & Gunnar Karlsson, 1999, bls. 63-66.) Sú rannsókn gefur ákveðnar niðurstöður um viðhorf nemenda og kennara til sögu og sögukennslu. Hér er aftur á móti reynt að skynja almennari viðhorf, þ.e. viðhorf hins almenna borgara til ákveðinna sögulegra viðfangsefna innan Íslandssögunnar.

Árið 2007 skipaði forsætisráðherra nefnd sem hafði það hlutverk að skila af sér skýrslu um ímynd Íslands – hvernig Íslendingar skynjuðu þessa ímynd, hvernig útlendingar upplifðu hana, hver væru einkenni hennar og hvar helstu sóknarfæri lægju. Helsta markmiðið, eins og fram kemur í formála skýrslunnar, virðist hafa verið að byggja upp jákvætt orðspor erlendis og ætti hún því líklega að flokkast sem hluti hinnar frægu „útrásar“. Árið 2008 kom skýrslan út undir nafninu *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna* og hefur hún m.a. að geyma dæmi um þessi viðhorf til sögunnar, enda var skýrslan unnin í gegnum rýnihópa til að fá skoðanir almennings fram:

⁴Hafa ber þó í huga að uppruni þjóðarímyndar og áhrif sögunnar á hana hafa verið umdeild og mikið rædd viðfangsefni.

„Sú upplýsingaöflun sem farið hefur fram undanfarnar vikur leiddi í ljós mikla samstöðu þjóðarinnar um þessi einkenni [lands og þjóðar].“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 5.)

Og:

„Við skoðun á innri ímynd Íslands og Íslendinga voru gerðar rýnihóparannsóknir og efnt var til hringborðsumræðna á meðal Íslendinga auk þess sem fjöldi tillagna og ábendinga, sem bárust nefndinni, var skoðaður.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 23.)

„Í lok desember 2007 og í byrjun árs 2008 var rætt við 5 rýnihópa á fjórum stöðum á landinu. Tveir hópar voru á höfuðborgarsvæðinu og tveir á Akureyri og voru þeir aldurshópaskiptir 20-35 ára og 36-60 ára. Einn hópur var á Ísafirði og var þar fólk á aldrinum 25-55 ára. Meginmarkmiðið með hópunum var að skoða: *Hver eru þjóðareinkenni Íslendinga?*, *Hvað einkennir land og þjóð öðru fremur?* og *Hvar liggja möguleikar lands og þjóðar?*“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 23, skáletrun upprunaleg.)

Hér verða niðurstöður rýnihópanna notaðar til að greina viðhorf almennings þó vitanlega verði að setja þann fyrirvara strax að aðeins sé um að ræða eina birtingarmynd almennra viðhorfa til sögunnar. Skýrslan hlaut þar að auki verulega gagnrýni frá Sagnfræðingafélagi Íslands sem rétt er að halda til haga. Það gerði athugasemdir við framsetningu og kynningu á niðurstöðum og enn fremur að ekki var leitað til fræðimanna á sviði sagnfræði við vinnslu skýrslunnar:

„,Var nefndin hvött⁵ til að leita ráðgjafar „hjá aðilum í atvinnu- og menningarlífi sem hafa með ímyndarmál Íslands að gera“ [...] [V]akin var athygli stjórnar Sagnfræðingafélagsins á því að sú söguskoðun sem stóð til að byggja ímyndina á væri ekki í takt við fræðilegar rannsóknir. Á eftirfarandi setningum þótti augljóst að sagnfræðingar eru ekkimeðal þeirra „aðila í atvinnu- og menningarlífi“ sem nefndin er hvött til að leita til: „Fyrstu Íslendingarnir voru fólk sem kom hingað í leit að frelsi og betri lífsskilyrðum. Þjóðin bjó lengstum við kröpp kjör en þegar hún fékk frelsi og sjálfstæði tók hún stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi á innan við öld.““ (*Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands*, 2008, bls. 3.)

„Slík söguskoðun myndi alla jafna ekki koma á óvart þegar rætt er um ímynd landsins enda er samband ímynda og staðreynda byggt á sandi. Það sem vakti athygli stjórnar

⁵Sagnfræðingafélag Ísland vitnar þarna til formála skýrslunnar en þar kemur ekki fram hvaðan sú hvatning kom sem talað er um. Hægt er að leiða líkur að því að nefndin hafi fengið fyrirmæli frá þeim sem skipaði hana, þ.e. forsætisráðherra, eða ráðgjöfum hans.

Sagnfræðingafélagsins var að samkvæmt nefndinni getur ímyndarsköpunin aðeins orðið árangursrík svo fremi að hún sé byggð „á einkennum lands og þjóðar sem eru sönn eða „ekta“ og eiga sér djúpar rætur“. Stjórninni þótti því við hæfi að benda forsætisráðherra og formanni nefndarinnar á þessa mótsögn og jafnframt að meintur „sannleiki“ skýrslunnar væri í besta falli umdeildur.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 3.)

Gagnrýni Sagnfræðingafélagsins snerist að hluta til um að sagnfræðingar hafi komið hvergi nærri vinnslu skýrslunnar og gefur sú staðreynd ákveðnar vísbendingar um hugarfar ráðamanna gagnvart sögunni – hún hafi frekar átt að þjóna ímyndinni en ekki hafi skipt máli að komast að rökstuddum niðurstöðum um liðna atburði, afleiðingar þeirra og orsakasamhengi.

Þrátt fyrir að skýrslan sé hér notuð sem mælikvarði á almenningsálit er rétt að halda því til haga að hún gefur aðeins vísbendingar en er alls ekki endanlegur eða óskeikull dómur á slíkt. Hvorki er spurt beinna spurninga um söguleg atriði né koma fram öll svör eða allar umræður rýnihópanna.

a. Niðurstöður skýrslunnar varðandi sögu Íslendinga, einkenni þeirra og sambandið þar á milli

„Fólk taldi frelsisþrá og athafnagleði hafa fylgt Íslendingum allt frá landnámi.

Aðlögunarhæfni og þrautseigja eru talin Íslendingum í *blóð borinog* hafa gert þjóðinni kleift að lifa af í harðbýlu landi í nábýli við óblíð náttúruöfl. Þessi einkenni endurspeglast í mikilli sköpunargleði, óbilandi bjartsýni og trú á *getu úrræðagóðra Íslendinga til að framkvæma hið ógerlega*.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 5, skáletrun mín.)

„Óbeisluð náttúruöflin eiga sér líka hliðstæðu í agaleysi og oft og tíðum djarfri og óútreiknanlegri hegðun Íslendinga. En þessa eiginleika ber ekki að hræðast því þeir hafa gegnt veigamiklu hlutverki í lífsbaráttu þjóðarinnar. Þeim ber að fagna og þá ber að nýta.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 5.)

Skýrsluhöfundar viðurkenna að ímyndin þarf ekki að eiga sér stoð í raun og veru:

„Ímynd byggist oftar en ekki á staðalmyndum og klisjum sem bæði geta verið jákvæðar og neikvæðar.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 11.)

Hugmyndafræðin

„Samkeppnishæfni þjóða byggist á mörgum þáttum en eins og áður hefur komið fram er nauðsynlegt að draga fram þau einkenni þjóðar sem veita henni sérstöðu og eru sérkenni hennar.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 12.)

Saga er talinn einn af lykilþáttum þegar kemur að einkennum þjóða (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 12, mynd 2): „Lykilþættir: saga, tungumál, svæði, ríkisstjórn, byggingarlist, íþróttir, bókmenntir, list, trú, menntunckerfi, táknmyndir, landslag, tónlist, matur & drykkur, þjóðsögur o.fl.“

„Við mótun ímyndarstefnu þarf m.a. að draga fram eiginleika og kjarna þjóðarinnar, s.s. menninguna, lífskjör og gildin og, til enn frekari aðgreiningar, sérkenni þjóðarinnar.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 20.)

Niðurstöður varðandi uppruna íslendinga:

„*Uppruni*: Fyrstu Íslendingarnir voru fólk sem kom hingað í leit að frelsi og betri lífsskilyrðum. Þjóðin bjó lengstum við kröpp kjör en þegar hún fékk frelsi og sjálfstæði tók hún stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi á innan við öld. Íslendingar eru dugleg og stolt þjóð, mótuð af lífsbaráttu í harðbýlu landi. Mikilvægasti menningararfur Íslendinga, íslensk tunga, lifir í máli þjóðarinnar og í bókmenntum hennar.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 25.)

„*Afrok/árangur*: Sjálfstæðisbarátta lítillar þjóðar og það afrek að brjótast úr sárri fátækt til þess að verða ein af ríkustu þjóðum heims er Íslendingum ofarlega í huga sem mikilvægasta afrek þjóðarinnar.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 25.)

Niðurstöður varðandi „kjarna Íslands“ (kraftur, frelsi, friður)

„*Frelsi*: Upphaf Íslandsbyggðar er rakið til frelsisleitar. Sjálfstæðisbaráttan lýsir frelsisþrá lítillar þjóðar sem þrátt fyrir smæð og örbirgð tókst að vinna frelsi sitt.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 25.)

„Náttúrulegur kraftur skýrir hvernig þjóðinni tókst m.a. að lifa af í harðbýlu landi, öðlast sjálfstæði, komast á topp lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna og í hóp samkeppnishæfustu þjóða heims á nokkrum áratugum.“ (*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 26.)

Tilvitnanir í rýnihópa

Sjálfstæði og fullveldi Íslendinga kom fram í flestumhópunum sem stoltasta stund Íslendinga en jafnframt voru talin upp atriði eins og kosningaréttur kvenna og að Íslendingar hafi eignast fyrsta kvenkyns þjóðhöfðingjann.

„Þá voru við náttúrulega ennþá færri í svona stóru landi og fyrirsvona fáar hræður í svona stóru landi að vera með sjálfstæði semkannski einhverjir hafa ekki haft trú á, á þeim tíma. Ég held að menn geti bara verið stoltir af því frá þeim tíma sem það gerðist.“ (Hópur 2)

„Svo er þetta ekki svo langur tími sem er liðinn frá því þannig að það er ekki furða að þetta sé okkar stoltasta stund.“ (Hópur 2)

„Bara lýðveldisstofnunin eða fullveldið.“ (Hópur 3)

„Kosningaréttur kvenna.“ (Hópur 4)

„Sjálfstæði.“ (Hópur 5)

„Þegar Vigdís var kosin forseti. Það var mjög merkileg stund.“ (Hópur 5)

(*Ímynd Íslands*, 2008, bls. 59.)

b. Samanburður við mælikvarða á þjóðernislega orðræðu

i. Víða er að finna dæmi um meinta sérstöðu Íslands og séreinkenni Íslendinga – orsakar þá taldar vera annars vegar sagan og menningararfurinn og á hinn bóginn náttúran sem mótað hefur Íslendinginn í gegnum aldirnar. Eitthvað sérstakt er við Íslendinga sem við höfum frá forfeðrum okkar víkingunum og það hefur styrkst í óblíðri veðráttu og baráttu við náttúruöflin (djörf og óútreiknanleg hegðun – geta framkvæmt það óframkvæmanlega).

ii. Einkenni Íslendinga má rekja til landnámsmanna. „Þegar [þjóðin] fékk frelsi og sjálfstæði tók hún stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi á innan við öld.“ Lögð er áhersla á hinar miklu framfarir sem taldar eru orsakast af sjálfstæði þjóðarinnar. Efnahagsleg hagsæld Íslands fylgdi í kjölfar þjóðfrelsis þrátt fyrir aldalanga örbirgð.

iii. Atriði eins og sjálfstæði, lýðveldisstofnun og þróunin frá fátæku landi til eins ríkasta í Evrópu eru mjög ríkjandi þegar rætt er um hvað einkennir Ísland og sögu þess og Íslendinga almennt.

iv. Þrátt fyrir að fullveldi þjóðarinnar og baráttu fyrir sjálfstæði og lífsbjörg í harðbýlu landi séu fyrirferðarmikil atriði í þeim viðhorfum sem fram koma í svörum rýnihópanna er ekki að finna beinlínis gildishlaðin hugtök í miklum mæli. Vissulega eru notuð hugtök eins og frelsi, fullveldi og náttúrulegur kraftur og talað um að Íslendingar hafi unnið mikið afrek með

því að „vinna sér frelsi“. Slíkt lýsir gildishlöðnum hugsunarhætti en þetta lýsir frekar undantekningu heldur en meginþræði í umfjöllun. Jafnframt er yfirleitt um almenn atriði að ræða líkt og kraftur, friður, frelsi eða stolt en ekki sérstök atriði sem tengjast ákveðnum sögulegum atburðum nema að litlu leyti.

v. Ólíkar túlkanir eru ekki til staðar í tilvitnunum í rýnihópa – Íslendingum tókst að berjast til sjálfstæðis og efnahagslegrar velsældar vegna sérstöðu þeirra og einkenna samkvæmt niðurstöðu þeirra. „Sjálfstæðisbarátta lítillar þjóðar og það afrek að brjótast úr sárri fátækt til þess að verða ein af ríkustu þjóðum heims er Íslendingum ofarlega í huga sem mikilvægasta afrek þjóðarinnar.“

vi. Ekkert er fjallað um Ísland í samhengi við umheiminn eða skoðuð orsakatengsl á milli atburða á alþjóðlegum vettvangi og atburða á Íslandi.

IX. Niðurstöður

Tilgangur þessarar rannsóknar var fyrst og fremst sá að athuga annars vegar hvort sögukennsla í framhaldsskólum innihaldi þjóðernislega orðræðu og hins vegar hvort kennslan sé í takt við þær rannsóknir sem sagnfræðingar og aðrir fræðimenn hafa gert undanfarin ár og áratugi á ákveðnum þáttum íslenskrar sögu. Auk þess var reynt að greina opinbera orðræðu og almenn viðhorf Íslendinga og athugað hvort og hvernig þau viðhorf og sjónarmið sem þar koma fram innihaldi þjóðernisleg viðhorf. Þetta er mögulegt með því að draga saman helstu niðurstöður fræðimanna á viðkomandi sviðum sem valin eru (sjálfstæðisbaráttan, Lýðveldisstofnunin og Þorskastríðin) og útbúa jafnframt ákveðinn mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf eða orðræðu í texta eða málfari. Með því að greina texta kennslubóka í sögu, taka viðtöl við sögukennara, greina almenningsálit með þeim heimildum sem tiltækar eru og greina opinbera orðræðu er hægt annars vegar að bera saman þessa ólíku póla við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf og hins vegar að setja upp tvö samanburðarlíkön – kennslulíkan og þjóðfélagslíkan (sjá kafla II).

a. Þjóðernisleg orðræða í sögukennslu?

Kennslubækur

Mælikvarði á þjóðernisleg viðhorf inniheldur sex atriði. Við samanburð á greindum viðhorfum í texta kennslubóka er hver bók greind fyrir sig og ef textinn uppfyllir viðkomandi atriði fær hún eitt stig fyrir það. (Hálft stig er gefið ef einhverjir þættir eiga við en aðrir ekki.) Því er skalinn sem þjóðernisleg viðhorf er mælt á frá 0 til 6, þar sem 0 merkir að engin þjóðernisleg viðhorf greinast og 6 merkir að þjóðernisleg viðhorf greinast út frá öllum mæliatriðum. Líðirnir i. – vi. standa fyrir samsvarandi liði í mælikvarða á þjóðernislegum viðhorfum:

(i) Er rætt út frá sjónarmiðinu „við“ og „hinir“?

Er gert út á séreinkenni Íslendinga og sérstöðu Íslands?

Er gert út á „baráttu“ gagnvart útlendingum?

-fyrir fullveldi/sjálfstæði

-gegn erlendum áhrifum

(ii) Er reynt að skapa sögulega þróun sem á sér upphaf við landnám og lokamarkmið með fullveldi og sjálfstæði Íslendinga?

Er vísað til tímabilsins fyrir 1262-64 sem „gullaldar“ íslenskrar sögu?

Er reynt að endurspegla sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld í miðaldasögu Íslands?

Er reynt að tengja saman atburði í aðdraganda undirritun Gamla sáttmála og baráttu þjóðernissinna á 19. öld?

Eru sjálfstæði og hagsæld talin fylgjast að og jafnvel að hið fyrra leiði til hins síðara?

(iii) Hversu mikið rými fá atriði sem tengjast sjálfstæðisbaráttunni á einhvern hátt?

Fær sjálfstæðisbaráttan hlutfallslega meira rými í umfjöllun en annað efni?

(iv) Er orða- og hugtakanotkun gildishlaðin?

T.d. í kaflaheitum og fyrirsögnum?

Er fremur talað um þjóðveldi en t.d. miðaldir eða goðaveldi?

(v) Hversu algengt er að skoða sögulega viðburði, einstaklinga eða þróun í ljósi sjálfstæðis og þjóðernis, gagnrýnislítið?

Eru slíkir þættir „próblematíseraðir“, t.d. hvort lýðveldisstofnunin var réttmæt 1944eða hvort Íslendingar hafi brotið alþjóðalög með útfærslu fiskveiðilögsögu sinnar?

Fá mismunandi túlkanir á sögulegum atburðum að njóta sín eða er sögð ákveðin ein „rétt“ saga?

Eru ákveðnir atburðir og einstaklingar sjálfstæðisbaráttunnar upphafnir eða settir á stall – hafnir yfir gagnrýni?

(vi) Er umfjöllunin einskorðuð við Ísland eða er leitast við að sjá sögu Íslands í stærra samhengi?

Texti kennslubóka borinn saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf: (mynd 3)

	Heimir	Bragi /Gunnar K.	Gunnar / Margrét	Gunnar K. / Sigurður
i.	0	½	0	½
ii.	0	½	0	0
iii.	1	1	0	½
iv.	0	0	0	0
v.	½	½	½	½
vi.	1	1	½	½
Samtals:	2½	3½	1	2

Samkvæmt þessu er bók Gunnars Þórs og Margrétar, NBII, sú sem er lengst frá þjóðernislegri orðræðu. Þar á eftir kemur hin nýja *Nýir tímar* en Gunnar Karlsson er ábyrgur fyrir Íslandssöguhluta bókarinnar en skammt frá henni er bók Heimis, *Frá einveldi til lýðveldis*, sem jafnframt er sú elsta og kemur það nokkuð á óvart hversu lág hún mælist á kvarðanum þar sem hún kemur fyrst út árið 1973, þegar þjóðernisleg sjónarmið eru enn talin hafa verið ráðandi eða að minnsta kosti fyrir söguendurskoðunina. Að síðustu kemur bók Braga og Gunnars, *Uppruni nútímans*, rétt yfir meðallagi. Þó þarf að hafa hér í huga að engin bók sker sig úr og halda þær sig allar á bilinu 1 - 3½ af 6. Hafa þer í huga að kennslubókarhöfundar setja fram mismikið af túlkunum og ef kennslubók er mæld með þessum mælikvarða sem setur einungis fram staðreyndir á eins hlutlausan máta og mögulegt er fær sú bók vitanlega lága tölu út úr samanburði við mælikvarðann. Sú er vísast raunin með kennslubók þeirra Gunnars Þórs og Margrétar.

Ef efnistöð og nálganir kennslubókanna eru borin saman við niðurstöður fræðimanna kemur í ljós að um þrjú atriði skera sig úr. Í fyrsta lagi má nefna að allar kennslubækurnar að undanskilinni *Frá einveldi til lýðveldis* taka fram að aðskilnaður Íslands og Danmerkur á 19. öld hafi einkennst af samningaviðræðum sem báðir aðilar voru hluti af en ekki af harðvítugri baráttu íslenskra þjóðfrelsmanna gegn óvinveittri herraþjóð. Þar koma þerlega í ljós áhrif frá söguendurskoðuninni. Í öðru lagi er bæði hjá Heimi og í síðari bók Gunnars Karlssonar fjallað um deilur lögskilnaðarmanna og hraðskilnaðarmann á örlítið dýpri hátt en annars staðar. Þó er umfjöllunin oft stuttaraleg en Gunnar minnst jafnframt lítillaga á hinn bandaríska skugga sem íslenska lýðveldið var stofnað í. Í þriðja lagi er umfjöllun um þorskastríðin yfirleitt gagnrýnislítill (og reyndar gagnrýnislaus hjá Heimi enda bókina skrifuð í miðjum deilum við Breta) þó einstaka atriði séu nefnd sem álitamál í þrem síðari bókunum. Þó skal nefna að alls staðar voru Íslendingar taldir ótvíræðir sigurvegarar þorskastríðanna.

Kennarar

Sama aðferð er notuð til að varpa ljósi á þjóðernisleg viðhorf, eða skort á þeim, hjá sögukennurum. Hér er þó ekki verið að gera upp á milli einstakra kennara heldur greind ákveðin heildarmynd og borin saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf.

Nálganir kennara bornar saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf: (mynd 4)

	Kennarar
i.	0
ii.	0
iii.	½
iv.	0
v.	½
vi.	1
Samtals:	2

Samkvæmt þessu má sjá að sögukennarar lenda undir miðju á skalanum 0-5 og reyndar á sama stað og lægsta kennslubókin, NBII. Þetta þýðir að þjóðernisviðhorf eru hverfandi hjá sögukennurum almennt en orðræðan og frásagnarmátinn vísar til ákveðinnar hefðar aftur á móti. Sögukennarar eru að mestu leyti að kynna nemendum staðreyndir sögunnar, ekki túlkánir, og eru meðvitaðir um það. Eins og fram kemur í kafla III er erfitt að forðast kanón í hvers konar kennslu einfaldlega vegna þess að við verðum alltaf á endanum að velja hvað eigi að vera innihald námsefnis. Kennarar segja í því samhengi að sökum hraðrar yfirferðar á námsefni sé varla raunhæfur möguleiki að staldra við hvert efni og velta fyrir sér ólíkum sjónarmiðum og jafnvel sagnfræðilegum álitamálum. Kennarinn nálgast því námsefnið aðallega út frá staðreyndadrifinni frásagnarhefð sem á sinn þátt í að mynda sameiginlega sögu þjóðarinnar og sjálfsmynd hennar þrátt fyrir að þjóðernisleg viðhorf virðist ekki ríkjandi. Sögukennarar reyna eftir fremsta megni að dýpka skilning og bregða frekara ljósi á ákveðin atriði þegar færi gefst en ekki er um að ræða markvissa kynningu á niðurstöðum fræðimanna og rata þær þar að auki inn í kennslustofuna á afar handahófskenndan máta.

Taka skal þó fram að rannsóknir hafa sýnt fram á að kennarar og nemendur upplifa kennslustundir í sögu á mjög ólíkan hátt. (Bragi og Gunnar, 1999, bls. 68-72.) Því ber að taka frásögnum kennara af framvindu í sögutímum með ákveðnum fyrirvara.

b. Þjóðernisleg orðræða í þjóðfélagsumræðu?

Opinber orðræða

Hér skiptist greiningin í annars vegar umræður á þingi varðandi nánara Evrópusamstarf Íslands og hins vegar ávörp og ræður forsætis-, utanríkis- og dómsmálaráðherra.

Opinber orðræða borin saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf: (mynd 5)

	Þingumræða	Ávörp ráðherra
i.	1	1
ii.	1	½
iii.	1	1
iv.	1	1
v.	1	1
vi.	1	1
Samtals:	6	5½

Samkvæmt þessum samanburði hafa þingmenn úr öllum flokkum vanið sig á verulega þjóðerniskennda orðræðu þegar þeir hafa tekið til máls varðandi frekari aðild Íslendinga að stofnunum Evrópu. Að sama skapi hafa ráðherrar gripið til þessarar orðræðu í ræðum og ávörpum við hátíðleg tækifæri þegar þeir eru að ávarpa þjóðina, t.d. í áramótaávörpum eða þjóðhátíðarræðum. Aftur á móti ber að halda því til haga að þegar áheyrendur eru afmarkaðri hópur hafa ráðamenn tilhneigingu til þess að draga úr þjóðerniskenndu orðfæri. Þetta á sérstaklega við þegar þeir ávarpa hóp sem teljast myndi samanstanda aðallega af fræðafólki.

Almenn viðhorf

Niðurstöður úr greiningu á almenningsáliti eins og það kemur fram hjá rýnihópum sem notaðir voru við vinnslu skýrslunnar *Ímynd Íslands: Styrkur, staða, stefna* bornar saman við mælikvarða á þjóðernislegri orðræðu:


Almenn viðhorf borin saman við mælikvarða á þjóðernisleg viðhorf: (mynd 6)

	Almenn viðhorf
i.	1
ii.	1
iii.	1
iv.	0
v.	1
vi.	1
Samtals:	5

Samkvæmt þessu eru almenn viðhorf hins almenna Íslendinga á þá leið að þau uppfylla öll atriði þjóðernislegrar orðræðu utan eins. Ekki er um verulega notkun á gildishlöðnum hugtökum og orðasamböndum að ræða nema á mjög almennum grundvelli. Vitanlega þarf að hafa í huga þær takmarkanir sem notkun á skýrslu sem þessari sem mælitæki hefur óhjákvæmilega í för með sér. Ekki er um allsherjar viðhorfskönnun að ræða með stóru úrtaki sem mælir ákveðin viðhorf heldur er vitnað til þessara ákveðnu rýnihópa sem höfundar skýrslunnar nota sjálfir til að fá sínar niðurstöður. Að því leytinu er um raunveruleg viðhorf að ræða, þ.e. rýnihópar voru myndaðir af handahófskenndu úrtaki Íslendinga, en á hinn bóginn eru frumgögn ekki aðgengileg heldur verður að notast við þau gögn sem fram koma í skýrslunni sjálfri. Vissulega viðurkennist það að til þess að greina almenn viðhorf til sögulegra viðfangsefna Íslandssögunnar þyrfti umfangsmikla viðhorfskönnun. Þessar niðurstöður veita þó ákveðnar vísbendingar um orðræðuna í þjóðfélaginu á þeim tíma sem skýrslan kom út og var unnin, s.s. á árunum 2007-2008. Í því samhengi væri fróðlegt að sjá hvað kæmi út úr sambærilegri skýrslu sem væri unnin nú, einu og hálfu ári eftir bankahrunið og nokkrum mánuðum eftir útkomu annarar skýrslu sem rannsóknarnefnd Alþingis vann til að komast að orsökum hruns íslensku bankanna. A.m.k. virðist hinn svokallaði „2007-hugsunarháttur“ vera orðið viðurkennt hugtak sem innihélt einmitt ákveðnar hugmyndir um séreinkenni Íslendinga sem gerði þeim kleift að komast lengra á skemmri tíma en aðrar þjóðir. Áhugavert væri að komast að því hvort hugsunarháttur Íslendinga hafi breyst eftir að samfélagið hefur þurft að gangast undir verulega sjálfsskoðun.

c. Samanburðarlíkön

Kennslumódel (mynd 7)




Hugmyndin er sú að baki kennslu í skólum séu þrjár pólar sem séu áhrifavaldar: fræðimenn á viðeigandi sviðum, kennarar sem kynna efni og kennslubækurnar. Þessir þrjár pólar hafa áhrif hver á annan og þar sem þeir skarast allir verður til saga og aðferð til að segja hana sem við leggjum til grundvallar sögukennslu. Það sem við viljum komast að aftur á móti er hvort og þá hversu mikil gjá er á milli þessara einstöku póla sem mynda þetta samband.

Eins og fram kemur framur hér í þessum kafla og sjá má einnig í köflum V og VI komast niðurstöður fræðimanna að mjög litlu leyti og alls ekki á markvissan hátt í umfjöllun sögukennara um ákveðin efni Íslandssögunnar. Áhrif rannsókna fræðimanna eru ívið meiri á sögukennslubækur en einskorðast þó við mjög afmörkuð atriði. Frásagnarhefðin og hin línulega saga er allsráðandi bæði hjá kennurum og kennslubókarhöfundum og virðast þeir pólar eiga ágætlega samleið. A.m.k. kom ekki fram mikil óánægja með kennslubækur þó ekki séu þær taldar fullkomnar heldur. Því ætti að vera óhætt að segja að töluverð hugmynda- og aðferðafræðileg gjá hafi myndast á milli fræðimanna og þeirra rannsókna annars vegar og kennara og sögukennslubóka hins vegar. Með því er átt við að fræðimenn hafa í frekara mæli

notað aðrar aðferðir við miðlun sögunnar en línulega frásögn og ekki síður að þeir hafa reynt að varpa ljósi á söguleg viðfangsefni frá eins mörgum sjónarhornum og mögulegt er. Þar með er ekki sagt að þessi gjá sé af meðvituðum orsökum. Kennarar halda því fram að aðstæður séu slíkar að ekki sé raunhæft að nota aðrað kennslunálganir miðað við það efni sem krafist er að farið sé yfir. Jafnframt bera kennslubókarhöfundar þann kross að velja úr það efni sem fram kemur í kennslubók. Áhersla á gagnrýna hugsun og námsefnið sem viðfangsefni þar að lútandi getur komið að verulegu gagni til að losna undan því að gera söguna að kanón.

Þjóðfélagsmódel (mynd 8)



Hinir þrjú pólar sem hér koma fram eru þeir sem eru áhrifavaldar í umræðunni í þjóðfélaginu þegar sögulegir atburðir sem tengjast sjálfsmynd Íslendinga eru til umræðu. Almenn viðhorf hins íslenska þjóðfélagsþegns, opinber orðræða ráðamanna þjóðarinnar og niðurstöður fræðimanna sem birtast í greinum fagtímarita og jafnvel víðar. Augljóst er þegar einstakar niðurstöður þessara póla eru skoðaðar að viðhorf almennings og ráðamanna eru langan veg frá þeirri umræðu sem er til staðar í íslenskri sagnfræði í dag. Almenn viðhorf einkennast af hugmyndum um séreinkenni Íslendinga og þeim þræði sem liggur frá landnámsmönnum í gegnum Íslendingasögurnar og til baráttunnar fyrir fullveldi og þjóðfrelsi á 19. og 20. öld. Þar

er í raun ríkjandi enn að miklu leyti hin þjóðerniskennda söguskoðun sem söguendurskoðunin lagði sig í líma við að útrýma. Hin opinbera, þjóðerniskennda orðræða sem birtist í ræðum ráðherra og þingmanna er að sama skapi frekar í anda söguskýringa sjálfstæðisbaráttunnar en endurskoðunar. Reyndar skal því haldið til haga að í opinberri umræðu er ávallt ákveðið markmið með orðræðu og orðanotkun. Því er talsverður munur á orðtaki ráðherra sem talar til allrar þjóðarinnar, þar sem hann reynir að höfða til sameiginlegs minnis hennar, eða til ákveðins hóps sem líklegur er til að hafa kynnt sér gagnrýnin sjónarmið. Að sama skapi voru ræður þingmanna við Evrópuumræður á Alþingi áróður fyrir ákveðnum málstað. Erfitt er að átta sig á áhrifum slíkrar opinberrar orðræðu á almenningsálit en við getum e.t.v. gert því skóna að almenn viðhorf eins og við höfum séð þau koma fram hafi áhrif á hvernig stjórnámálamenn ávarpa þjóðina. Jafnframt virðist það vera ljóst að hvorki viðhorf almennings né viðhorf ráðamanna taki mið af rannsóknum fræðimanna á atburðum, einstaklingum og orsakasamhengi íslenskrar sögu svo heitið geti.

Niðurstöður virðast leiða í ljós að sögukennsla í íslenskum framhaldsskólum ber ekki keim þjóðernislegrar orðræðu svo áberandi sé. Aftur á móti má segja að íslensk saga sé kennd, hvort sem er þegar litið er til kennsluhátta hjá sögukennurum eða umfjöllunar kennslubóka, á afar einþráða og „hefðbundinn“ hátt. Þá er átt við að í raun er nálgun og efnistöð eins hvert sem litið er, með ákveðnum blæbrigðum eingöngu. Allar kennslubækurnar sem teknar eru hér til athugunar hafa í raun sömu söguna að segja – upptalning á atburðum og persónum og línulega frásögn sem býður ekki upp á ólík sjónarmið eða viðhorf gagnvart sögulegu orsakasamhengi.

Þrátt fyrir að beinar fyrirskipanir hafi ekki komið frá opinberum aðilum á Íslandi líkt og gerst hefur bæði í Danmörku og Hollandi virðist hafa ríkt ákveðinn rétttrúnaður eða *kanón* í söguvitund og –viðhorfum á Íslandi bæði í kennslu og þjóðfélagsumræðu. Með öðrum orðum er ákveðin leið til að segja sögu Íslendinga og hver sem ástæðan er fylgir kennsla og umræða ákveðnum farvegi sem erfitt er að brjótast úr ef áhugi er á því á annað borð. Það er vitanlega vel þekkt að þjóðir og aðrir þjóðfélags hópar mynda sér ákveðnar huglægar ímyndir eða jafnvel goðsagnir sem eru notaðar meðvitað sem ómeðvitað til að einkenna hópinn eða samfélagið. Þessar ímyndir eiga það til að einoka almenn viðhorf til sögunnar en spurningin sem stendur eftir er hvort framhaldsskólar séu vettvangur til að viðhalda slíkum sameiginlegum minningum samfélags eða gagnrýna þær.

Heimildaskrá:

- Aðalnámskrá framhaldsskóla.* (2004). Almennur hluti. Reykjavík.
- Antoniou, V. L. & Soysal, Y. N. (2005). Nation and the other in Greek and Turkish history textbooks. *The nation, Europe and the world. Textbooks and curricula in transition.* (Schissler, H. & Soysal, Y. N. ritstj.) New York, 105-121.
- Bjarni Benediktsson. (1943). *Lýðveldi á Íslandi. Rök Íslendinga í sjálfstæðismálinu, - utanríkisstaða landsins og stofnun lýðveldis 17. júní 1944.* Ræða flutt á Þingvöllum 18. júní 1943. Reykjavík.
- Bragi Guðmundsson. (2009). Landið er eitt - samfélagið er breitt/breytt: um samvitund Íslendinga og undirstöður hennar. *Uppeldi og menntun, 18(1), 9-35.*
- Bragi Guðmundsson & Gunnar Karlsson. (1999.) *Æska og saga. Söguvitund íslenskra ungmenna í evrópskum samanburði.* Sagnfræðirannsóknir. 15. bindi. Reykjavík.
- Bragi Guðmundsson & Gunnar Karlsson. (1988). *Uppruni nútímans. Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830.* Reykjavík.
- Crawford, K. A. & Foster, S. J. (2007). *War, nation, memory. International perspectives on World War II in school history textbooks.* Charlotte.
- Dierkes, J. (2005). The decline and rise of the nation in German history education. *The nation, Europe and the world. Textbooks and curricula in transition.* (Schissler, H. & Soysal, Y. N. ritstj.) New York, 82-102.
- Eiríkur Bergmann. (2009). „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar.*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda.* Reykjavík.
- Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands, 149.* (September 2008).
- Gottskálf Þór Jensson. (2003). Söguleysa þjóðlegrar sagnfræði. Íslenskt þjóðerni og evrópsk latínumenning. *Þjóðerni í þúsund ár.* (Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé & Sverrir Jakobsson ritstj.). Reykjavík, 57-71.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2001a). Icelandic nationalism. A non-violent paradigm? *Nations and nationalities in historical perspective.* (Guðmundur Hálfðanarson & Isaacs, A. K. ritstj.) Pisa, 1-13.

- Guðmundur Hálfðanarson. (2001b). *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2006). Severing the ties. Iceland's journey from a union with Denmark to a nation-state. *Scandinavian Journal of History*, 31(3&4), 237-254.
- Guðmundur Jónsson. (2002). Þjóðernishreyfingin á 19. öld: Hvað var hún og hvað vildi hún? *Saga*, XL(1), 225-229.
- Guðni Th. Jóhannesson. (2005). *Sympathy and self-interest. Norway and the Anglo-Icelandic cod wars*. Forsvarsstudier 1. [útgáfust. óþekktur].
- Guðni Th. Jóhannesson. (2007). *Troubled waters. Cod war, fishing disputes, and Britain's fight for the freedom of the high seas*. Studia Atlantica 11. [útgáfust. óþekktur].
- Guðni Th. Jóhannesson. (2008). Þorskastríðin. Barátta við erlenda fjandmenn og innlendrar goðsagnir. *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 182(2), 456-471.
- Guðni Th. Jóhannesson. (2006). *Þorskastríðin þrjú. Saga landhelgismálsins 1948-1976*. Reykjavík.
- Gunnar Þór Bjarnason & Margrét Gunnarsdóttir. (2001). *Íslands- og mannkynssaga NBII. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000*. Reykjavík.
- Gunnar Karlsson. (2008). Dönsk stjórn á Íslandi, böll eða blessun? *Saga*, XLVI(2), 151-163.
- Gunnar Karlsson. (2004). Jón Sigurðsson á 21. öld. *Andvari*, XLVI, 101-122.
- Gunnar Karlsson. (2002). Saga og eðli hnignunarkenningar. 2. *Íslenska söguþingið. 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit I*. Reykjavík, 94-107.
- Gunnar Karlsson. (2000). Sagan af þjóðríkismyndun Íslendinga 1830-1944. *Saga*, XXXVIII, 109-134.
- Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson. (2006). *Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árpúsundamóta. 2006*.
- Halldór Bjarnason. (2006). Stöðnun – endurnýjun – stöðnun? Íslenska söguendurskoðunin og íslensk sagnfræði 1970-2005. *Þriðja íslenska söguþingið. 18.–21. maí 2006. Ráðstefnurit*. Reykjavík, 158-167.
- Hallgrímur Hallgrímsson. (1930). Þjóðfundurinn 1851. *Skírnir*, 104, 289-308.

- Heimir Þorleifsson. (1973). *Frá einveldi til lýðveldis*. Reykjavík.
- Hobsbawm, Eric. (1990). *Nations and nationalism since 1780*. Cambridge.
- Husbands, C., Kitson, A. & Pendry, A. (2003). *Understanding history teaching. Teaching and learning about the past in secondary schools*. Maidenhead.
- Ingi Sigurðsson. (1997). Hvernig breiddust áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna út meðal Íslendinga 1830-1918. *Íslenska sögubingið*. 28. – 31. maí. *Ráðstefnurit I*. Reykjavík, 296-304.
- Ingi Sigurðsson. (2000). Þróun íslenzkrar sagnfræði frá miðöldum til samtímans. *Saga*, XXXVIII, 9-32.
- Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna*. (2008). Skýrsla nefndar forsætisráðherra um ímynd Íslands. Reykjavík.
- Janmaat, J. G. (2006). History and national identity construction: The Great Famine in Irish and Ukrainian history textbooks. *History of education*, 35(3), 345–368.
- Klemenz Jónsson. (1994). *Hátíð í hálfu öld. Lýðveldi fagnað í Reykjavík 1944-1994*. Reykjavík.
- Lerner, R., Nagai, A. K. & Rothman, S. (1995). *Molding the good citizen. The politics of high school history texts*. Westport.
- Lýðveldishátíðin 1944*. (1945). Reykjavík.
- Ólafur Kristinn Steinarsson & Sigrún Einarsdóttir. (2008). *Porskastríðið og greining dagblaða: rýnt í Morgunblaðið og Þjóðviljann*. Lokaritgerð við Háskólann á Akureyri. Óútgefin.
- Schissler, H. (2009). Containing and regulating knowledge. Some thoughts on standards and canonization as a response to the complex demands of a globalizing world. *National history standards. The problem of the canon and the future of teaching history*. (Symcox, L. & Wilschut, A. ritstj.) Charlotte, 95-113.
- Sigurður Gylfi Magnússon. (2010). „Dómur sögunnar er ævinlega rangur!“ Erindi í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands, flutt 19. janúar 2010.

- Sigurður Gylfi Magnússon. (2006). Íslensk sagnfræði 1980-2005: Yfirlit. *Frá endurskoðun til upplausnar*. (Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson & Sigurður Gylfi Magnússon ritstj.) Reykjavík, 211-260.
- Soysal, Y. N., & Schissler, H. (2005). Teaching beyond the national narrative. *The nation, Europe and the world. Textbooks and curricula in transition*. (Soysal, Y. N., & Schissler, H., ritstj.) New York, 1-9.
- Svanur Kristjánsson. (2010). Hraðskilnaður eða lögskilnaður?: Átök um sambandslit, sjálfstæði og lýðræði 1942-1944. *Skírnir, 184(vor)*, 23-60.
- Svenningsen, N. (1984). Þegar Danmörk kvaddi Ísland. *Saga, XXII*, 263-73.
- Symcox, L. (2009). Internationalizing the U.S. history curriculum: From nationalism to cosmopolitanism. *National history standards. The problem of the canon and the future of teaching history*. (Symcox, L. & Wilschut, A. ritstj.) Charlotte, 33-54.
- Wils, K. (2009). The evaporated canon and the overvalued source: History education in Belgium. *National history standards. The problem of the canon and the future of teaching history*. (Symcox, L. & Wilschut, A. ritstj.) Charlotte, 15-31.
- Þorsteinn Helgason. (2010). Critical thinking and the textbook in history: an odd couple? *Opening the mind or drawing boundaries? History texts in Nordic schools*. (Þorsteinn Helgason & Lässig, S. ritstj.) Göttingen, 163-184.
- Þorsteinn Helgason. (2008). Hvað er í frásögur færandi? Um kanón í sagnfræði og sögukennslu. *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun*. (Guðbrandur Benediktsson og Guðni Th. Jóhannesson ritstj.) Reykjavík, 73-86.
- Þorsteinn Helgason. (1998). Inntak sögukennslu. *Uppeldi og menntun, 7*, 37-67.
- Þór Whitehead. (1976). Lýðveldi og herstöðvar. *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, 150*, 126-172.
- Þór Whitehead. (1973). Stórveldin og lýðveldið. *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, 147*, 202-241.

Ávörp og ræður: (www.stjornarrad.is)

17. júní ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra 2004.

17. júní ávarp Geirs Haarde forsætisráðherra árið 2006.

17. júní ávarp Jöhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra árið 2009.

Áramótaávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra 2003.

Áramótaávarp Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra 2005.

Ávarp Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra við opnun á ljósmyndasýningu um þorksastríðin árið 2003.

Ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á ráðstefnu í hátíðarsal HÍ um aldarafmæli þingræðis á Íslandi 2004.

Ávarp Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra á hádegisverðarfundum Sagnfræðingafélags Íslands árið 2003: („Staða smærri ríkja á 20. öld.“).

Hátíðarræða Davíðs Oddssonar forsætisráðherra við hundrað ára afmæli heimastjórnar 2004.